



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. janúar 2008 – 16. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR



Cortes í Nashville

Garðar Thor Cortes flaug á fund forstjóra Universal í Nashville í vikunni.

FÓLK 58

Blásið til leiks

Saxófónkvartett Íslands leikur á tónleikum í Norræna húsinu.

MENNING 40

Davíð sextugur

Davíð Oddsson seðlabankastjóri heldur upp á sextugsafmælið með færri líffæri en á síðasta stórafmæli.


TÍMAMÓT 34



Blað um EM í handbolta

EM-blað fylgir Fréttablaðinu í dag þar sem er fjallað um EM í handbolta sem hefst í Noregi í dag.

VEÐRIÐ Í DAG



ÉL í dag verður yfirleitt suðlæg átt, 3-10 m/s en austlægari á Vestfjörðum. Snjó- eða slydduél sunnan til í dag og við austurströndina framan af degi. Annars staðar úrkominna. Hiti við frostmark sunnan til en vægt frost nyrðra.

VEDUR 4

Fiskvinnsla sagði upp 250 í níu fyrirtækjum

Á hálfu ári hefur 250 starfsmönnum verið sagt upp störfum í níu fiskvinnslufyrirtækjum. Engar hópuþsagnir voru fyrri hluta ársins. Niðurskurður í þorski og rækjuskortur eru meginástæðurnar. Von er á frekari uppsögnum.

SIJAVARÚTVEGUR „Þetta eru hópuþsagnir en mun fleiri störf hafa tapast. Lítil fyrirtæki eru að segja upp fólki um allt land sem ekki nær eyrum fólks,“ segir Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva. Níu fiskvinnslufyrirtæki hafa sagt upp starfsfólki eða hætt rekstri eftir að samdráttur aflaheimilda var boðaður í byrjun júlí. Á þriðja hundrað störf hafa tapast. Engar fjöldaþsagnir eða rekstrarstöðvanir tóku gildi fyrstu sex mánuði ársins.

„Ég óttast að þetta sé aðeins upphafið að hrinu uppsagna,“ segir Arnar. Hann greindi stöðuna svo, á aðalfundi samtakanna í lok september, að þúsund störf myndu tapast á sjó og í landvinnslu vegna niðurskurðar aflaheimilda á yfirstandandi fiskveiðiári. „Þetta mat virðist því miður hafa verið rétt og við eigum eftir að sjá hópuþsagnir á komandi mánuðum.“

Alls hafa níu fiskvinnslufyrirtæki sagt upp starfsfólki. Sex þeirra störfuðu við vinnslu bolfisks eða voru með fjölbreytta vinnslu. Stærstu áföllin eru uppsagnir Eskju á Eskfirði og Húmarvinnslunnar í Þorlákshöfn í september 2006. Þar var 100 starfsmönnum sagt upp sama dag. Ástæður uppsagna í sex tilfellum eru útskýrðar af stjórnendum þeirra sem viðbrögð við niðurskurði aflaheimilda í þorski um þrjátíu prósent.

- shá / sjá síðu 8



LEGGJA Á RÁÐIN Alfred Gíslason talar við aðstoðarmann sinn, Gunnar Magnússon, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

EM í handbolta í Noregi: Mæta Svíum í fyrsta leik í dag

HANDBOLTI Ísland spilar sinn fyrsta leik á Evrópumótinu í Noregi í Þrándheimi klukkan 19.15 í kvöld þegar strákarnir okkar mæta Svíum. Ísland sló Svíþjóð út úr undankeppni HM 2007 en hefur ekki unnið þá á stórmóti síðan á HM 1964 eða í 44 ár.

„Liðið er eins tilbúið og það í raun getur verið á þessum tímamarki,“ segir Alfred Gíslason landsliðsþjálfari í viðtali við Henry Birgi Gunnarsson, blaðamann Fréttablaðsins, á móttinu. - óój, - hbg / sjá íþróttir 52 og 54

Um ræða um Sundabraut: Tekist á um forgangsröðun

ALÞINGI Kristján Möller samgönguráðherra greindi frá því í gær að framkvæmdir við Sundabraut myndu að líkindum ekki hefjast fyrr en á næsta ári. Kristján svaraði fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar, þingmanns Vinstri grænna, á Alþingi í gær.

„Er þetta verkefni ekki í forgangi, hæstvirtur ráðherra?“ spurði Árni Þór. Kristján sagði undirbúning framkvæmdarinnar vera vel á veg kominn en nokkrir þættir væru ekki ljósir enn. Þar á meðal tætti Reykjavíkurborg eftir að ákveða legu brautarinnar á skipulagi. Brautin væri samt sem áður í forgangi. - mh / sjá síðu 20



UMFERÐARPUNGI Í SNJÓPUNGA Snjó kyngdi niður í gær og setti umferðina á höfuðborgarsvæðinu úr skorðum á annatímum. Mikið var um minni háttar áreksra og heimferðin úr vinnu reyndi verulega á þolrif ökumanna í þunglamalegri umferðinni. Fjöl margir urðu að kalla á dráttarbil til að losa bíla sína eða ferja þá eftir að eitthvað lét undan í þéttingsföstu taki Vetur konungs.

Kaupþing skoðar kosti þess að snúa yfirtökunni á NIBC við: Íhuga flutning höfuðstöðva

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn Kaupþings hafa íhugað kosti þess að snúa yfirtökunni á hollenska bankanum NIBC við. Í stað þess að Kaupþing taki NIBC yfir tæki NIBC Kaupþing yfir. Það myndi þýða að höfuðstöðvar Kaupþings yrðu í Hollandi, Evrópski seðlabankinn yrði bakhjarl bankans og uppgjör gert í evrum.

Það sem mælir gegn því að fara þess leið er hversu flókin og tímafrek hún er. Teikna þyrfti sameininguna upp á nýtt og breyta gerðum samningum. Skattumhverfi fjármálafyrirtækja er líka óhagstæðara í Hollandi en á Íslandi.

Kostirnir eru þeir að reksturinn í Hollandi yrði stöðugri. Evrópski seðlabankinn yrði bakhjarl Kaupþings þar í landi og það myndi minnka lausafjár-áhættu, sem er mikilvægt miðað við núverandi markaðsaðstæður á fjármálamarkaði. Þá væri hægt að gera bókhald upp í evrum, sem Kaupþingsmenn hafa sóst eftir hér á landi en verið synjað um í bili að minnsta kosti.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við í gær sögðu að ákvörðunin yrði ekki tekin í neinu fússi vegna andstöðu Seðlabankans við ósk Kaupþings að færa bókhald sitt í evru heldur byggð á langtímahagsmunum. - bg

MAX fimmtudagur

Samsung LE40S62

EM útsala!

40 tommur

149.989 kr.

Fullt verð 199.999

Opið til kl. 22 í kvöld

AUKABLAÐ í dag

Skoda Fabia

ER MEÐ SEX LOFTPÚÐUM

SKODA AUTO

SIMPLY CLEVER

Þorrinn nálgast!

Bæklingur fylgir blaðinu

Nánari upplýsingar og pantanir í síma 553 7737 og á heimasíðu okkar – www.veislurettir.is

Múlakaffi Veisluréttir

SPURNING DAGSINS



Hallur, er leikferillinn farinn í ruslið?

„Nei, ég held hann sé ekki farinn á haugana. Ég hef allavega verið beðinn að vera með uppistand á árhátíð Akureyrarbæjar.“

Sjónvarpsþátturinn Mangó, sem sýndur var á Sirkus, er hættur eftir aðeins sex þætti. Hallur Örn Guðjónsson, einn af þremur sigurvegum í þáttunum Leitun að strákunum sem fengu að stýra Mangó í kjölfarið, er nú horfinn aftur til fyrri starfa sem ruslarkaril á Akureyri.

Íslensku vefverðlaunin:

Tilnefningar streyma inn

NETMIÐLUN Á morgun rennur út frestur til að tilnefna vefi til Íslensku vefverðlaunanna 2007. Að sögn Þórlaugar Ágústsdóttur, formanns Samtaka vefiðnaðarins (SVEF), hafa tugir tilnefninga þegar borist.



ÞÓRLAUG ÁGÚSTSDÓTTIR

„Það er ekki annað að sjá en að dómnefndin okkar hafi undanfarið ár verið unnið í takt við alþjóðleg viðmið því miðis og vefur Flugleiða sem unnu til verðlauna hjá okkur hafa einnig unnið til verlauna erlendis,“ segir Þórlaug. „Reyndar voru Rússar svo hrifnir af miða.is því einhverjir netverjar sveifluðu henni yfir á rússneska tungu en notuðu hana að öðru leyti óbreytta.“

- jse

Hollendingur stöðvaður:

Tekinn með kókaín innvortis

LÖGREGLUMÁL Hollenskur karlmaður um fimmtugt var í gær úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald eftir að hann var tekinn með um 350 grömm af kókaíni í Leifsstöð í fyrirakvöld. Maðurinn var að koma frá Amsterdam.

Tollverðir leituðu á honum og reyndist maður vera með öll efnin innvortis.

Lögreglan á Suðurnesjum varðist frekari fréttu af rannsókn málsins þar sem hún er á frumstigi. Meðal þess sem nú er í skoðun er hvort maðurinn hafi ætlað að flytja efnin inn í samstarfi við Íslendinga. Þá vinnur lögreglan að því að afla upplýsinga um sakaferil mannsins.

- mh

Engin hætta reyndist á ferðum eftir tilkynnt var um neyðarblys í Fossvogi:

Útkall loftbólur í Nauthólsvík

LÖGREGLUMÁL Óttast var á tímabili í gær að sjóslýs hefði orðið í Nauthólsvík. Engin hætta var þó á ferðum.

Tilkynning barst um að neyðarblys hefði sést yfir Fossvogi laust eftir hádegi í gær. Áhöfn þyrllu Landhelgisgæslunnar kom auga á loftbólur sem stigu upp á yfirborðið í sjónum úti fyrir Nauthólsvík. Kafarar fóru á staðinn og komust þá að því að loftbólurnar stöfuðu frá útfalli hitaveitulagnar. Leitað var víðar um Fossvoginn en engin skýring fannst á blysinu sem tilkynnt hafði verið um.

Fjölmennt lið tók þátt í leitinni og voru auk þess lækningar til taks á neyðarbílum.

- gar



MIKILL VIÐBÚNAÐUR Landhelgisgæslan og björgunarmenn leituðu af sér allan grun í Fossvogi enda hafði verið tilkynnt um neyðarblys á lofti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VIÐHEIÐ

Stúlka á meðferðarheimili:

Fjórtán ára kærir nauðgun

LÖGREGLUMÁL Maður á tvitugsaldri er grunaður um að hafa nauðgað fjórtán ára stúlku sem býr á meðferðarheimili.

Stúlkan og maðurinn mæltu sér mót eftir að hafa kynnst á spjallsíðu en því næst fóru þau heim til mannsins þar sem talið er að hann hafi nauðgað henni.

Kæran barst lögreglu 5. janúar síðastliðinn og sat maðurinn í gæsluvarðhaldi. Honum hefur nú verið sleppt.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar málið og lagði meðal annars hald á allan tölvubúnað mannsins.

- jse



HERBERT F. HRÓÐMARSSON Fjórhljóladrifni Subaru-inn hans Herberts ræður illa við skaflana sem nú eru í Ölfusinu.



PAR SEM VEGURINN ENDAR Mikill snjór er nú í Ölfusi og honum heldur áfram að kyngja niður.

Fannfergið angrar fjölskyldu í Ölfusi

Herbert Hróðmarsson í Auðsholti segir hvorki sveitarfélagið né Vegagerðina moka veginn að heimili hans og öðrum bæjum þar hjá. Bæjarritari í Ölfusi segir þetta ekki rétt hjá Herberti. Hins vegar sé mokað eftir ákveðnum reglum.

SAMGÖNGUR „Ég er hreint ekki sáttur,“ segir Herbert F. Hróðmarsson sem kveðst hvorki fá Vegagerðina né sveitarfélagið Ölfus til að moka snjó af veginum að heimili sínu í Auðsholti.

Herbert flutti ásamt konu sinni og fjögurra ára dóttur í Auðsholt fyrir rúmu ári. „Í fyrravetur vorum við innlokuð í tvær eða þrjá vikur og núna er sama staðan komin upp aftur. Vegagerðin neitar að moka veginn hérna niðureftir og vísar á sveitarfélagið. Þar virðast hlutirnir ætla að gerast hægt,“ segir Herbert.

Auðsholt er að sögn Herberts um fimm kílómetra frá Suðurlandsvegi við Arnarbælisafleggjarann. Við þann afleggjara eru nokkrir aðrir bæir. Herbert vinnur á smíðaverkstæði á Selfossi sem meðal annars er með verkefni í Hveragerði. Þangað þarf hann að komast á morgnana og heim aftur á kvöldin.

„Maður verður auðvitað að komast til vinnu, húsaleigan borgar sig ekki sjálf,“ bendir Herbert á. Hann segist hafa komist heim í fyrirakvöld með aðstoð vinnuveitanda síns sem er á stórum jeppa. „Hann festist nú samt nokkrum sinnum. Sjálfur er ég á góðum fjórhljóladrifnum fólksbíl en hann ræður ekki við allan þennan snjó,“ segir Herbert, sem í gær fékk reyndar aðstoð frá nágrenna sínum. „Það var

bóndi hérna á næsta bæ að moka hjá sér og hann mokaði fyrir okkur líka. Ætli þetta hafi ekki verið svona hálfur kílómetri sem hann mokaði bara fyrir okkur,“ segir Herbert þakklátur. Hann vill þó ekki vera upp á nágrenna sína kominn í þessum efnunum.

„Vegagerðin heflar hér alla vegi að húsum nema síðustu fimmtíu metrana og mér finnst að þeir ættu að moka þá kafla líka og gera það vel. Í morgun fór konan mín tvisvar út af veginum og það endaði með að hún var dregin alla leið heim. Þetta er auðvitað ekki hægt,“ segir Herbert.

Guðni Pétursson, bæjarritari í Ölfusi, segir um misskilning að ræða hjá Herberti. Ákveðnar reglur gildi um mokstur og farið sé eftir þeim. Suma vegi sjái Vegagerðin um að moka og aðra vegi annist sveitarfélagið. Samvinna sé síðan á milli þessara aðila um ýmis verkefni.

„Staðreyndin er bara sú að það hefur snjóað mikið hér síðustu daga eins og annars staðar með suðurströndinni. Það er því víða illfært og ekki hægt að moka alla vegi í einu. Reyndar veit ég ekki betur en það sé búið að moka núna hjá þessu fólki,“ segir bæjarritari.

gar@frettabladid.is

Tryggingastofnun ríkisins:

Fimm sóttu um forstjórarstarfið

STJÓRNÝSLA Fimm sóttu um starf forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.

Umsækjendurnir eru Arnþór Helgason, blaðamaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, Guðmundur Kjartansson

viðskiptafræðingur, Jón Sæmundur Sigurjónsson

skrifstofustjóri, Sigríður Lilly Baldursdóttir,

settur forstjóri Tryggingastofnunar, og Þórey S. Þórðardóttir,

forstöðumaður réttindamála hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipar í stöðuna að fenginni tillögu stjórnar Tryggingastofnunar.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

- gar

Hrossa leitað:

Týnd síðan á þrettándanum

BJÖRGUNARSTÖRF Björgunarsveitinn Hafliði í Langanesbyggð gerir nú umfangsmikla leit að fjórum hrossum frá bænum Hvammi sem hafa verið týnd frá því á þrettándanum.

„Við erum búnir að leita á mjög stóru svæði, reyndar við bagalegar aðstæður þar sem veðrið hefur verið með versta móti, en næsta skref er að fljúga yfir svæðið,“ segir Sigurður Sverrisson, bóndi á Hvammi sem er um átta kílómetrum frá Þórshöfn.

Hann segist ekki vita af hverju hrossin hafi stökkið yfir girðinguna og haldið til fjalla. „Ég vona að þau séu ekki á fjöllum heldur einhvers staðar þar sem þau hafa eitthvað að bita,“ segir Sigurður áhyggjufullur.

- jse

Tilboð dagsins

Ur Kjötborði Noatúns

89 kr.

Ungnautahamburgari 90g **36% afsláttur**

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI FISKRETTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN

Sjávarútvegsnefnd Alþingis fjallaði um álit Mannréttindanefndar SP í gær:

Ríkisstjórnin bregst við álitinu

SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis fjallaði í gær um álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið. Fjórir álitsgjafar voru kallaðir á fund nefndarinnar, þeirra á meðal þeir sem tóku þátt í að undirbúa og flytja málið fyrir mannréttindanefndinni.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður sjávarútvegsnefndar, segir ljóst að tímafrekt verði að greina hvað álitnið þýði í raun. „Þetta er mikil lögfræðileg þæling. Það kom fram hjá lögfræðingum sem sátu fundinn.“

Sjávarútvegsnefnd mun ekki skila sérstakri greinargerð, það er ríkisstjórnin sem bregst við álitinu mannréttindanefndarinnar, að sögn Arnbjargar. Hún segir ekki búið að taka ákvörðun um hvort skipuð verði sérstök nefnd eða starfshópur vegna álitsins en verið sé að meta það í sjávarútvegsráðuneytinu hvort slíkt sé nauðsynlegt. Arnbjörg segir að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar komi fram að fara eigi í saumana á lögum um stjórn fiskveiða „og þetta verður skoðað í leiðinni“.

Gert er ráð fyrir að áfram verði fjallað um málið



AÐ VEIÐUM Það er mjög umdeilt hvernig bregðast skuli við álitinu Mannréttindanefnd SP. Sjávarútvegsnefnd fjallaði um málið í gær.

á vegum þingnefndarinnar. Þá verður Lúðvík Kaaber, lögfræðingur sjómanna sem höfðuðu málið, kallaður fyrir auk lögfræðinga frá hagsmunasamtökum í sjávarútvegi.

- shá



Hlaupabretti

HK-1689, 2,5 hestafla mótör, sterkt afrafmagnað álagsþolið fjaðrandi færiband 167x41,5 sm, tímaklukka, vegalengdarmælir, kalóríumælir, hraða- og púlsmælir, 5 hraða og hallastillingar 0-12%, hraði frá 0,8-16 km/klst, hámarks líkamsþyngd 120 kg, þyngd á tæki 89 kg, hægt að leggja saman 3899525

85.999



19.990

Fjölpjálfi

YK B-23, tæki sem þjálfar allan líkamann, mjúkar hreyfingar, segulmótstaða, sterk og öflug grind, púlsmælir, tímaklukka, vegalengdarmælir, hraða og kalóríumælir, þyngd 39 kg. 3899531

HEILSUDAGAR



Æfingastöð

TF 1003, 90 lbs. plötur, fjórar æfingastöðvar, stærð 200x130x200 sm 3899542

59.999



15.999

Þrek hjól

YK B-19, hjóðlátt, segulviðnám, mælir sem sýnir tíma, vegalengd, heildar vegalengd, hraða, sveifarsnúning og púls, þyngdarstilling á bilinu 1-10 kg., þyngd á tæki 26 kg. 3899530



46.999

Göngubretti

JDB-1300, 1,5 hestafla mótör, hraði 1-12 km/klst, sterkt álagsþolið fjaðrandi færiband 115x38 sm, 1,6 mm belti, öryggislykill, tímaklukka, vegalengdarmælir, kalóríumælir, hraða og púlsmælir, 5 æfingakerfi, 3 innbyggð kerfi, hámarks líkamsþyngd 100 kg., hægt að leggja saman, þyngd á tæki 63 kg. 3899532



Æfingasett

YK-TS303, 2x1 kg. lóð, 2x grip, sippuband 3899537

1.599



Magapjálfi

YK-A09 3899547

3.999



30%
AFSLÁTTUR
af öllum
blöndurum



GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	65,01	65,33
	Sterlingspund	127,12	127,74
	Evra	96,03	96,57
	Dönsk króna	12,893	12,969
	Norsk króna	12,072	12,144
	Sænsk króna	10,182	10,242
	Japanskt jen	0,6132	0,6168

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
126,3363
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samráðshópur á að ákveða staðsetningu fyrirhugaðrar samgöngumiðstöðvar:

Á byrjunarreit þrátt fyrir ákvörðun

SKIPULAGSMÁL Fyrirhuguð bygging samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri er enn á byrjunarreit – fjórtán mánuðum eftir að vinnuhópur um miðstöðina ákvað hvar hún skyldi staðsett. Hópurinn, sem starfaði á vegum ríkis og borgar, ákvað að henni væri best fyrir komið í norðausturhorni flugvallarsvæðisins, skammt frá Hótel Loftleiðum og íþróttasvæði Vals. Kynnti hópurinn val sitt í skýrslu í nóvember 2006.

Ákvörðun hópsins var ekki bindandi og er áformað að setja á fót sérstakan samráðshóp borgar, samgönguráðuneytis og hagsmunaaðila, sem meðal annars hafi að verkefni að ákvarða staðsetningu. Vinna við deiliskipulag getur fyrst hafist þegar samráðshópurinn hefur lokið störfum.

Í fórum Flugstöða er að finna teikningar að samgöngumiðstöð sem ráðgert er að verði yfir sex þúsund fermetrar að stærð.

Kristján Möller samgönguráðherra sagði á



VATNSMÝRIN Vinnuhópur valdi lóð í grennd við Hótel Loftleiðir undir samgöngumiðstöð haustið 2006.

Alþingi fyrir jól að miðað væri við opnun samgöngumiðstöðvarinnar í júní 2009, að því gefnu að framkvæmdir gætu hafist á fyrsta ársfjórðungi 2008. Þau áform virðast úr sögunni.

- bps

Sautján ára piltur ákærður:

Sló mann með gangstéttarhelli

DÓMSMÁL Sautján ára piltur hefur verið ákærður fyrir „sérstaklega hættulega líkamsárás“ á Seyðisfirði í október síðastliðnum.

Drengnum er gefið að sök að hafa slegið mann á fimm tugsaldri í höfuðið með broti úr gangstéttarhelli fyrir utan veitingastaðinn Kaffi Láru aðfaranótt sunnudagsins 21. október. Hann hafi einnig sparkað nokkrum sinnum í bak og fætur hans. Þetta kemur fram í ákærinni.

Fórnlambið hlaut sár á höfðinu og ökklabrotnaði. Auk refsingar er þess krafist að drengurinn greiði honum tæpar tvær milljónir í skaðabætur.

- sps

ERLENT

Kína: Singh í heimsókn

Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, reyndi á þriðjudag að fullvissa Hu Jintao, forseta Kína, um að Indland ætli að hafa sjálfstæða utanríkisstefnu hér eftir sem hingað til, þrátt fyrir nánari tengsl við Bandaríkin síðustu misserin. Singh var í opinberri heimsókn í Kína.



Bandaríkin: Klónað kjöt leyft

Bandaríska matvælaeftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að mjólk og kjöt úr einræktuðum dýrum sé ekki hættulegra fólk en kjöt og mjólk úr öðrum dýrum. Kjöt- og mjólkurafurðir af einræktuðum dýrum verða því leyfðar á bandarískum markaði.



Nýja-Sjáland: Ok sláttuvél fullur

Rúmlega fimm tugur maður var handtekinn á Nýja-Sjálandi fyrir að aka sláttuvél um götur bæjarins Dargaville undir áhrifum áfengis. Maðurinn hafði áður misst ökuleyfi sitt og á yfir höfði sér fangelsisvist fyrir þetta brot.



Siv segir ráðherra sýna matsnefnd dónaskap

Siv Friðleifsdóttir gagnrýnir Árna Mathiesen fyrir að segja matsnefnd um umsækjendur um embætti héraðsdómara veikja tiltrú fólks á dómkerfinu. Hún telur meirihluta á Alþingi fyrir því að þingið kjósi dómara við Hæstarétt.

ALÞINGI Siv Friðleifsdóttir, formaður þingflokks framsóknarmanna, gagnrýndi á Alþingi í gær orð Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra í Kastljósi Sjónvarpsins á þriðjudag um matsnefnd um hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara.

Í þættinum sagði Árni matsnefndina ekki kunna reglurnar sem um hana giltu, hún hefði gert mistök og veikt tiltrú almennings á dómkerfið. Siv sagði yfirlýsingar Árna ósanngjarnar og dæmalausa ósvífni. „Þetta eru geysilega alvarlegar ávirðingar,“ sagði Siv.

Hún beindi máli sínu til Lúðvíks Bergvinsonar, þingflokksformanns Samfylkingarinnar, og spurði hann meðal annars hvort hann hygðist áfram ætla að beita sér fyrir breytingu á lögum um skipan hæstaréttardómara en þingið hefur frumvarp hans þess efnis til meðferðar. Í því er kveðið á um að þingið kjósi dómara við Hæstarétt.

Um leið og Lúðvík kvað það sjálfsgætt að hann beitti sér fyrir framgöngu málsins upplýsti hann þjóð og þingheim um að hann hefði rætt skipan Þorsteins Davíðssonar í dómaraembætti við Árna og lýst sig ósammála mati hans. Þegar það lá fyrir sagði Siv meirihluta á þingi við frumvarp Lúðvíks þó að sjálfstæðismenn væru því andvígir.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þau Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Ólöf Nordal tóku til máls í



Á ALÞINGI Steinunn Þóra Árnadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Helgi Hjörvar, Pétur H. Blöndal og Karl V. Matthíasson fylgjast með umræðum í þinginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NIELSSON

umræðunum. Birgir sagði lögin skýr og að eftir þeim hefði verið farið. Undir það tóku Sigurður og Ólöf, sem spurði hvort ráðherra hefði átt að fara gegn eigin sannfæringu við val á dómara. Slíkt gengi í berhöggi við lög. Sigurður itrekaði að hvergi stæði í lögum að ráðherra ætti að fara að tillögu matsnefndar.

Árni Þór Sigurðsson VG sagði málið ekki bara standa upp á ráðherra; þingmenn stjórnflokka bæru ábyrgð á stjórnarathöfnum ráðherranna. Væru fleiri þingmenn Samfylkingarinnar en Lúðvík ósammála Árna væri spurning hvort hann nyti trausts þingsins.

bjorn@frettabladid.is

Fjármálaráðherra tjáir sig ekki:

Vill ekki kalla yfir sig vanhæfi

STJÓRNMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra lætur ekkert uppi um afstöðu sína til umsókna og ætlanar fyrirtækja um að gera upp reikninga sína í erlendri mynt.



ÁRNI MATHIESEN

Á borði hans er kera Kaupþings vegna synjunar Ársreikningaskrár á ósk bankans um að fá að gera upp í evrum. Telur hann opinberar yfirlýsingar geta leitt til vanhæfis.

Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokkur, falaðist eftir afstöðu Árna til málsins í gær. Undraðist Árni að Valgerður skyldi spyrja hann þar sem henni væri fullkunnugt um hættuna á að ráðherra yrðu vanhæfir vegna yfirlýsinga.

- bps

Sextán milljónir í sekt:

Á skilorð fyrir bókhaldsbrot

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sextán og hálf þúsund króna fyrir bókhaldsbrot. Hann framdi brotin árin 2004 og 2005 sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður einkahlutafélags sem varð gjaldþrota í lok árs 2005.

Dómurinn féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrradag. Maðurinn játaði brot sín, en hann hafði áður verið dæmdur fyrir skjalafals í Danmörku. Í ljósi þess þótti hæfilegt að dæma hann í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi, auk sektar greiðslunnar.

- sps

AIR FRANCE, KLM

frábær verð um veröldina - bókaðu í dag!

Kairó frá ISK 68.900
Dubai frá ISK 85.400
Bankok frá ISK 101.500
Manila frá ISK 110.700

The Reliable Airline **KLM** Royal Dutch Airlines

Verð eru flug fram og til baka frá Reykjavík (4 flug á viku) og fela í sér þjónustugjöld, skatta og flugvallargjöld. Einn smeltur á www.kimiceland.is fyrir besta miðaverðið, bókan á netinu, upplýsingar um flug, flugpunkta og þar fram eftir götunum. Rafræn miðkaup gera ferðalagið þitt auðveldara.

kimiceland.is

VEÐURSPÁ

um hádegi >>

» á morgun

» laugardagur

um hádegi >>

Kaupmannahöfn	6°C skýjað	London	11°C skúrir	Friedrichshafen	3°C skýjað
Billund	6°C hálskýjað	Paris	12°C skúrir	Varsjá	4°C skúrir
Oslo	3°C skýjað	Amsterdam	9°C skúrir	Alicante	18°C léttskýjað
Stokkhólmur	6°C skýjað	Frankfurt	7°C skýjað	Róm	13°C rigning
Gautaborg	6°C skýjað	Berlín	8°C skýjað	Las Palmas	20°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Þú ræður ferðinni



Land Cruiser 200 – Fullkomið frelsi

Viltu standa þegar aðrir sitja? Viltu komast lengra, hraðar og fara hærra? Viltu vera óháður duttlungum náttúrunnar án þess að fórna nokkru af þeim þægindum sem þú átt skilið?

Nýr Land Cruiser 200 mun bylta hugmyndum þínum um alvöru jeppa. Yfirborðið er fágað og undir því leynast óteljandi tækninýjungar sem vinna allar að því að keyra þig áfram á konunglegan hátt og veita þér ógleymanlega akstursreynslu.

Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser 200.
Upplifðu fullkomið frelsi.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



KJÖRKASSINN

Finnst þér að lækna eigi að manna neyðarbíl Landspítalans?

Já 90%
Nei 10%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Óttast þú að gengi krónumnar falli á næstunni?

Segðu skoðun þína á visir.is



Reglur um aðstoð við þingmenn og formenn stjórnarandstöðuflokka í mótun: Þingmenn fá aðstoðarmenn í mars

STJÓRN MÁL Þingmenn landsbyggðarkjördæmanna þriggja – Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurlandsdæma – fá senn starfsmenn sér til aðstoðar við þingstörfin. Um leið fá formenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi aðstoðarmenn. Fyrirætlanin er hluti af aðgerðum til að bæta starfsaðstöðu þingmanna.

Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, segir unnið að mótun reglna um aðstoðarmennina og að lokahönd verði senn lögð á verkið. Hann segir stefnt að því að aðstoðarmennirnir geti hafið störf í mars.

Hver og einn þingmaður fær

aðstoð sem nemur einum þriðja af stöðugildi. Þrír samflokksmenn í sama kjördæmi gætu því sameinast um aðstoðarmann.

Eins og nú háttar til fá 22 þingmenn og þrír flokksformenn aðstoðarmann.

Aðstoðarmennirnir verða á launaskrá Alþingis.

Aðrar aðgerðir sem miða að bættri starfsaðstöðu þingmanna eru til dæmis fjölgun ritara við



STURLA BÖÐVARSSON

AÐSTOÐARMENN

Ráðherrar	12
Formenn stjórnarandst.fl.	3
Landsbyggðarþingm.	7

nefndasvið Alþingis og aukin tækifæri þingmanna til að fylgjast með framvindu Evrópumála, meðal annars með heimsóknum til stofnana Evrópusambandsins og systurflokka í Evrópuþinginu. Eitt hundruð milljónum var varið til breytinga á þingsköpum og bættrar starfsaðstöðu þingmanna á fjárlögum ársins.

- bps

Sex mánuðir skilorðsbundnir: Nefbraut mann á Ráðhústorgi


DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt níttján ára karlmann í hálfis árs skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Maðurinn nefbraut annan mann með hnefahöggi í miðbæ Akureyrar um verslunarmannahelgina 2006. Árásin átti sér stað í hópslagsmálum á Ráðhústorgi.

Árásarmaðurinn braut skilorð með líkamsárásinni og því var hæfileg refsing ákveðin sex mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára. Auk þess var hann látinn greiða fórnarlambinu 130.000 krónur í bætun og 200.000 krónur í sakarkostnað.

- sps

Reiði meðal þýskra gyðinga: Davíðsstjarna reykingamanna

ÞÝSKALAND, AP Bolur með áprentaðri gulri Davíðsstjörnu sem á stendur „reykingamaður“ til að



DAVÍÐSSTJARNANasistar létu gyðinga ganga með Davíðsstjörnu.

líkja meðferð á reykingamönnum við meðferð á gyðingum á tímum nasismans hefur vakið mikla reiði meðal gyðinga í Þýskalandi. Í byrjun árs var innleitt reykingabann á veitingastöðum og börum í nokkrum þýsku sambandslandanna. Mánuði fyrr hóf viðburðafyrirtækið DMP að bjóða bolina til sölu á vefsíðu sinni. Varaforseti Samtaka gyðinga í Þýskalandi fordæmdi bolina og í kjölfarið hætti DMP sölu þeirra.

- sdg

Watson í stríði við Japana:

Krefst frelsis fyrir skipverja

JAPAN, AP Paul Watson, leiðtogi Sea Shepherd-samtakanna, krafðist þess í gær að tveim skipverjum hans sem er haldið um borð í japönsku hvalveiðiskipi yrði



PAUL WATSON

Watson segir að hans menn hafi aðeins ætlað að afhenda skipstjóra skipsins tilkynningu um að hann væri að stunda ólöglegar veiðar. Watson hét frekari aðgerðum til að stöðva veiðarnar.

sleppt tafar- og skilyrðislaust. Mennirnir tveir fóru um borð í hvalskipið Yushin Maru 2 í fyrradag. Saka Japanarnir þá um að hafa reynt að vinna spellvirki um borð í skipinu.

- aa

Hússjóður axlar einn ábyrgð á dauðaslysi

Garðar Sverrisson, formaður hússjóðs Öryrkjabandalagsins, segir að ef einhver beri ábyrgð á því að maður lést í Hátúni vegna of heits vatns sé það stjórn hússjóðsins. Fyrrverandi formaður ÖBÍ dragi upp of dökka mynd af stöðu mála.

FÉLAGSMÁL „Ef einhver ber hér ábyrgð þá erum það við og engir aðrir,“ segir Garðar Sverrisson, formaður hússjóðs Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ), um dauðaslys sem varð eftir að íbúi með framheilskaða lést í fyrra af brunasárum sem hann hlaut inni á baðherbergi sínu í Hátúni.

Í harðorðri greinargerð Sigursteins Mássonar, fyrrverandi formanns ÖBÍ, um aðstæður í Hátúni segir að öryggismál hafi verið í ólestri. Tvívégis hafi hann hvatt til að settir yrðu hitastillar inni á baðherbergi allra íbúða. „Ekki var aðhafst í málinu fyrr en eftir slysið,“ segir Sigursteinn.

Helgi Hjörvar alþingismaður var formaður hússjóðs ÖBÍ á þeim tíma sem greinargerð Sigursteins vísar í en sjóðurinn fer með umsjón fasteigna þess.

„Samkvæmt mínum upplýsingum var búið að skipta um hitastýrð blöndunartæki í 200 af 240 íbúðum og fjárveiting komin til að ljúka verkinu þegar þetta hörmulega slys varð síðastliðið sumar. Það breytir ekki því að ef einhver ber hér ábyrgð þá erum það við og engir aðrir,“ segir Garðar.

Í greinargerðinni gagnrýnir Sigursteinn líka að tvívégis frá árinu 2005 hafi það gerst að fólk hafi verið látið í íbúðum sínum svo vikum skipti áður en þess var vitjað. Þó hafi ekki verið gripið til ráðstafana. Í fyrra málinu hafi stjórnarmenn hússjóðsins ekki sent samúðarskeyti til ættingja heldur aðeins reikning fyrir nýrri málningu auk húsaleigurreiknings.

„Hvað varðar þennan líkfund þá er hann fjarri því að vera eins-



HÁTÚN Mikill styr stendur um aðbúnað í íbúðum Öryrkjabandalagsins í Hátúni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



GARÐAR SVERRISSON

fyrgjast daglega með leigjendum sínum. Við verðum að átta okkur á að hér er um að ræða einkaheimili sjálfstæðra einstaklinga sem hafa síðasta orðið um hvort og þá hversu mikla þjónustu, eftirlit og önnur afskipti þeir kjósa,“ segir Garðar um ummæli Sigursteins.

„Það breytir ekki því að ef einhver ber hér ábyrgð þá erum það við og engir aðrir.“

GARÐAR SVERRISSON
FORMAÐUR HÚSSJÓRNAR ÖBÍ

„Eins og fleiri er ég fyrst og fremst hissa á hve dökkt og einhliða mynd er dregin upp í þessari skýrslu, sem greinilega var ætlað að valda skyndilegu upp-námi rétt áður en gengið var til atkvæða í viðkvæmu og vandmeðförmu máli,“ segir Garðar enn fremur.

Helgi Hjörvar vill ekki tjá sig um greinargerð Sigursteins.

karen@frettabladid.is

Risaútsala
10.-19. janúar

Allt að **70%** afsláttur af fatnaði

Ellingsen
- fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630
Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-16 og sunnud. 12-16

GEGGJUÐ RÝMINGARSALA

Allir pottar árgærd 2007 á hrikalegu verði!
Rýmum fyrir árgærd 2008

Allt fyrir spilaþerbergið!
Pókerborð, Billiardborð, spílastólar, berir o.fl.

Arctic Spas - Kanadískir gæðapottar, þola allt niður að -50 gráður frosti!

Arctic Spas Faxaleni 9 • Sími: 554 7755 • www.arcticspas.is

Þriggja daga skipulögð fjöldamótmæli stjórnarandstöðunnar í Kenía hófust í gær:

Mannfall á fyrsta degi mótmælanna

KENÍA, AP Tveir létust eftir að lögregla skaut þá og sex særðust í gær á fyrsta degi þriggja daga skipulagðra fjöldamótmæla stjórnarandstöðunnar í Kenía. Stjórnarandstöðuleiðtoginn Raila Odinga boðaði til mótmælanna þrátt fyrir að stjórnvöld hefðu sett bann við mótmælum eftir mikið mannfall í óeirðum í kjölfar kosninganna 27. desember síðastliðinn. Odinga sakar forsetann, Mwai Kibaki, um að hafa ráðgjafið hann kosningasigrinum með kosningasvindli.

Rigningarveður sem var víða í Kenía í gær dró úr mótmælunum. Hópur fólks kastaði steinum í lögregluna í einu fátækrahverfa höfuðborgarinnar Nairóbí og í bænum Kisumu í vesturhluta landsins. Annars staðar fóru mótmælarnir friðsamlega fram og voru í flestum tilfellum brotin á bak aftur af lögreglu.

Í Nairóbí eltu lögreglumenn á hestum smáa hópa mótmælendanna niður götur í miðbænum. Þegar táragsi var beitt lokuðu fyrirtæki á svæðinu skjótt og þúsundir skelfdra skrifstofumanna í jakka-fötum og á háum hælum þustu út á göturnar. Sumir lýstu gremju sinni á mótmælunum með því að hrópa „farðu heim Raila!“

Odinga hét því að leiða mótmælin í miðbæ Nairóbí en komst síðan ekki á staðinn. Stuðningsmenn hans hafa heitið því að halda áfram að mótmæla þangað til Kibaki og stjórn hans viðurkenna kosningasvindl.

- sdg

MANNHAF Þúsundir Keníabúa söfnuðust saman á götum borgarinnar Eldoret til að mótmæla í gær.

NORDICPHOTOS/AFP



Útsalan

í fullum gangi

vorum að bæta við nýjum vörum

Allar útsöluvörur

250-2000 kr

Verðdæmi

UPPHAFLEGT VERÐ

ÚTSÖLUVERÐ

~~499~~ KR.

250 KR.

~~799~~ KR.

500 KR.

~~999-1.299~~ KR.

750 KR.

~~1.499-1.699~~ KR.

1.000 KR.

~~1.999-2.499~~ KR.

1.500 KR.

~~2.999-4.999~~ KR.

2.000 KR.

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilsvöru

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

VEISTU SVARID?



- 1 Hvaða fyrirtæki hyggst hætta rækjuvinnslu á Akureyri?
- 2 Hvað heitir konungur Sádi-Arabíu sem tók á móti George W. Bush á dögnum?
- 3 Hver hefur verið ráðinn knattspyrnustjóri Newcastle?

SVÖRIN ERU Á Síðu 58

Ríkislögreglustjóri biður almenning að hafa varann á í netviðskiptum:

Varað við Nígeríusvindlurum

LÖGREGLUMÁL Ríkislögreglustjóri varar við nýrri tegund fjársvikabréfa sem berast í tölvupósti. Í bréfinu kveðst sendandinn vera endurskoðandi við Prime Bank í London, og sé að leita að samstarfi við heiðarlegan mann við að flytja úr landi upphæð sem samsvarar milljarði króna úr landi. Því er heitið að upphæðinni verði skipt til helminga.

Þessi tegund bréfa kallast Nígeríubríf, enda sendandinn oftast þaðan, og eiga það sameiginlegt að innihalda gylliboð sem ekki eru á rökum reist. Sendandinn þykist ýmist vera fulltrúi erlendra ríkisstjórna, konungborinn erf-

ingi, prestur eða einhver annar, og biður móttakandann um að hjálpa sér við að leysa háar fjárhæðir úr banka.

Til að koma málum af stað þarf viðkomandi að leggja fram ákveðna upphæð, sem vindur stöðugt upp á sig. Gulróttin — fjárhæðin háa sem sögð er vera á erlendum reikningi — er ekki til.

Í tilkynningu frá ríkislögreglustjóra segir að því miður hafi margir Íslendingar látið glepjust af bréfum af þessu tagi, og fjárhagslegt tjón þeirra verið umtalsvert. Almennir eigi að varast slíkar tilkynningar og leita lögreglu ef grunsemdir vakna. - sps



GYLLIBOÐ Dæmigert Nígeríubríf þar sem sendandinn segist hafa fjórutíu milljónir dollara til umráða, og lofar móttakandanum 40 prósent hluta ef hann aðstoðar hann við að koma fénu úr landi.

Heildarafli í desember:

Minni afli á föstu verði

SIJAVARÚTVEGUR Heildarafli íslenskra skipa í desember var 11 prósentum minni en í desember 2006, sé hann metinn á föstu verði. Árið 2007 dróst fiskafllinn saman um 3,1 prósent á föstu verði miðað við árið 2006.

Aflinn nam alls 77.295 tonnum í desember 2007 samanborið við 71.919 tonn í desember 2006. Botnfiskaflí dróst saman um rúmlega 8.400 tonn frá desembermánuði 2006 og nam rúmum 24.900 tonnum. Þorskaflí dróst saman um rúm 6.900 tonn, ufsaafli um tæp 1.400 tonn og karfaafli um tæp 880 tonn. Ýsuaflí jókst um rúm 1.690 tonn. - shá

Fyrrum viðskiptavinur eMax:

Gekkt ekki við niðurlagi

DÓMSMÁL Kona á fimmtugsaldri hefur verið dæmd til að greiða eMax ehf. rúmar sextíu þúsund krónur með vöxtum vegna umframniðurlags með nettengingu. Á fjórum mánuðum var alls um tuttugu gígabætum af gögnum halað niður umfram það sem kvað á um í samningi.

Fyrir dómi neitaði konan að gangast við niðurlaginu, og sagði ómögulegt fyrir eMax að mæla nákvæmlega hversu miklu hefði verið halað niður á nettengingu hennar, þar sem hún væri ekki með fasta IP-tölu. Þessi rök héldu ekki fyrir dómi.

Konan var því dæmd til að greiða reikninginn með vöxtum, auk hundrað þúsund króna í málskostnað.

- sps



ERIKA SEKKUR Ári eftir atvikið samþykkti ESB hertari reglur um öryggi á sjó.

Skipaskaði í Frakklandi 1999:

Bætur vegna olíumengunar

FRAKKLAND, AP Franskur dómstóll úrskurðaði í gær að olíufurinn Total SA og þrjár aðrir sakkborningar ættu að greiða yfir 18,5 milljarða króna í skaðabætur vegna olíulekans sem varð þegar olíuflutningaskipið Erika sökk vestur af strönd Frakklands árið 1999.

Um 20.000 tonn af olíu láku í Atlantshafið og er talið að um 75.000 fuglar hafi drepist vegna mengunarinnar. - sdg

Hópuppsagnir hjá nýu fiskvinnslum

Nýu fiskvinnslufyrirtæki hafa sagt upp starfsfólki eða hætt rekstri síðan niðurskurður aflaheimilda í þorski var boðaður. Engar fjölðaupsagnir eða rekstrarstöðvanir voru á fyrri hluta árs 2006. Frekari hópuppsagnir eru yfirvofandi.


SIJAVARÚTVEGUR Nýu fiskvinnslufyrirtæki hafa sagt upp starfsfólki eða hætt rekstri eftir að samdráttur aflaheimilda var boðaður í byrjun júlí. Á þriðja hundrað störf hafa tapast. Engar fjölðaupsagnir eða rekstrarstöðvanir tóku gildi fyrstu sex mánuði ársins. Aðeins upphæð að hrinu uppsagna, er mat formanns Samtaka fiskvinnslustöðva.

Alls hafa nýu fiskvinnslufyrirtæki sagt upp starfsfólki. Sex þeirra störfuðu við vinnslu bolfisks eða voru með fjölbreytta vinnslu. Ástæður uppsagna eru undantekningalaust útskýrðar af stjórnendum þeirra sem viðbrögð við niðurskurði aflaheimilda í þorski um 30 prósent. Þrjú fyrirtækjanna eru rækjuverksmiðjur þar sem uppsagnir og rekstrarstöðvun ræðst aðallega af hráefnisskortri og sterkri stöðu krónunnar. Rækjuveiði hér við land er orðin hverfandi miðað við það sem áður var og verksmiðjurnar hafa byggt á vinnslu á innfluttu hráefni að stórum hluta.

Hópuppsagnir voru boðaðar í rækjuvinnslu Samherja á Akureyri á þriðjudag. Stjórnendur fyrirtækisins hafa hagrætt mikið í rekstri fyrirtækisins á undanförmum árum en rekstraraskilyrði vegna stöðu krónunnar er helst um að kenna að starfsemi er hætt nú.

Stærstu áföllin eru uppsagnir Eskju á Eskifirði og Humarvinnslunnar í Þorlákshöfn í september

Hópuppsagnir fiskvinnslufyrirtækja



2006. Þar var sagt upp 100 starfsmönnum á einum degi. Á Eskifirði var um sérhæft þorsvinnsluhús að ræða sem missti rekstrargrundvöll sinn vegna þorskníðurskurðar upp á þúsund tonn hjá fyrirtækinu. Þorskníðurskurðurinn var einnig ástæða uppsagna í Þorlákshöfn þar sem fyrirsjáanlegur verkefnaskortur réð uppsögnum, að sögn forsvarsmanna.

Rækjuvinnslu Miðfells hf. á Ísafirði var hætt í júní en endurreist með styrk Bygðastofnunar síðar á árinu. Þar náðist að endurheimta

25-30 störf af 40. Stapi á Bíldudal, sem sagði upp 12 starfsmönnum í lok október, hyggst einnig hefja vinnslu aftur í mars.

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, greindi stöðuna svo á aðalfundi samtakanna í lok september að þúsund störf myndu tapast á sjó og í landvinnslu vegna niðurskurðar aflaheimilda á yfirstandandi fiskveiðiári. „Þetta mat virðist því miður hafa verið rétt og við eigum eftir að sjá hópuppsagnir á komandi mánuðum.“ svavar@frettabladid.is

Demants ...

- ... kjarnaborar: 42 - 400 mm
- ... slípibollar: 125 og 180 mm
- ... sagarblöð: 125 - 800 mm

Gæði og gott verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



Þegar mest á reynir

Hjúkrunarfræðingar á Íslandi standa fremstir í flokki á alþjóðavísu hvað varðar menntun og fagmennsku í starfi þar sem miklar kröfur eru gerðar



www.hjukrun.is

Saksóknari kannar ásakanir um kynferðislega áreitni forseta Grænlandspings:

Motzfeldt víkur úr forsetastóli

GRÆNLAND, AP Íslandsvinurinn og fyrrverandi formaður grænlandsku landstjórnarinnar, Jonathan Motzfeldt, hefur sagt af sér sem forseti grænlandspingsins vegna ásakana um að hafa í fyrravor gerst sekur um kynferðislega áreitni.

Motzfeldt, sem starfaði sem prestur áður en hann fór í stjórn málin, neitar sök, en ákvað samt á þriðjudag að víkja úr sæti þingforseta þar sem ásakanirnar hefðu grafið undan virðingu þingsins og orðspori Grænlands út á við.

Fyrir helgi greindi kona úr grænlandsku stjórnarsýslunni frá því í viðtali við dagblaðið Sermitsiaq að Motzfeldt hefði káfað á sér eftir vinnufund heima hjá honum í apríl 2007. Konan, sem ekki er nafngreind, sagði að hún hefði fyrst í ágúst tilkynnt atvikið til lögreglu. Áfallið og áhyggjur af starfsframa sínum hafi valdið töfni. Lögreglan lét málið niður falla með þeim orðum að ekki væri grundvöllur fyrir ákæru. Þá sneri konan sér til danska ríkissaksóknarans, en þess er vænst að hann ákveði snemma í febrúar hvort ný rannsókn skuli fara fram. „Það er mikilvægt fyrir mig að segja að samviska mín er hrein og að ég hef ekki á nokkurn hátt áreit starfsmanninn kynferðislega,“ sagði Motzfeldt í yfirlýsingu.

Hann heldur þingsæti sínu fyrir Siumut-jafnaðarmannaflokkinn og formennsku í dansk-grænlandsku nefndinni sem er að semja ný heimastjórnarlög. - aa



JONATHAN MOTZFELDT Íslandsvinurinn hefur sagt af sér sem forseti grænlandspingsins.

Að hringja Kollekt *888*

Það er sama hver staðan er. Viðskiptavinir Símans geta alltaf hringt Kollekt úr GSM í GSM. Sláðu bara inn *888* á undan númerinu og sá sem þú hringir í greiðir símtalið.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 

**Góð
þjónusta**

Viðskiptavinir Símans eru
þeir ánægðustu meðal
farsímafyrirtækja



Sími



Netið



Sjónvarp



Lítill samstaða um forsetaefni meðal kjósenda Repúblikanaflokksins:

Barátta repúblikana er opin upp á gátt

BANDARÍKIN, AP Kosningabarátta repúblikana um forsetaefni flokksins næsta haust er enn opin upp á gátt eftir að Mitt Romney sigraði í forkosningum í Michigan á þriðjudag. Sigur Romneys var þó minni en hann vonaðist til, því hann er sjálfur frá Michigan og á þar stóran hóp stuðningsmanna.

Þrír frambjóðendur hafa þá unnið sigur í jafnmörgum ríkjum nú í fyrstu törn forkosninga Repúblikanaflokksins, þar sem sigur Romneys kemur beint í kjölfarið á sigri Mike Huckabee í Iowa og John McCain í New Hampshire.

Þessi staða, þar sem þrír frambjóðendur standa jafnir, þykir auk þess hálfildings sigur fyrir fjórða frambjóðandann, Rudy Giuliani, því hann lagði enga áherslu á þessar fyrstu forkosningar og hefði átt

erfiðara með að takast á við einn sterkan mótherja úr þeim en þrjá.

Skoðanakannanir sýna að þessir fjórir standa nokkurn veginn jafnt að vígi í Flórída, einu fjölmennasta ríki Bandríkjanna, þar sem forkosningar verða 29. janúar.

Næstu forkosningar repúblikana verða hins vegar í Suður-Karólínu nú á laugardaginn, og þar ætlar fimmti frambjóðandinn, Fred Thompson, að blanda sér í slaginn af fullri alvöru.

Enginn þessara fimm frambjóðanda virðist eiga sigurinn vísan, og telja fréttaskýrendur það sýna að minni eining verði fyrir vikið í röðum repúblikana um þann sem á endanum verður valinn forsetaefni flokksins.



MITT ROMNEY FAGNAR SIGRI Í MICHIGAN Hefur sterka stöðu eftir að hafa lent ýmist í fyrsta eða öðru sæti í öllum forkosningum til þessa.

NORDICPHOTOS/AFP



ÞRÖNG Á ÞINGI Meðlimir hópsins „Trop c'est trop“ sem gæti útlagst „Of mikið, þetta er of mikið,“ fjölmenntu inn í símaklefa við fangelsissjúkrahús í París 15. janúar. Tilgangurinn var að mótmæla því hve margir fangar eru látnir vera í hverjum klefa.

NORDICPHOTOS/AFP



HLÝTT Á ÞJÓÐSÖNGINN Jóhann Karl konungur og Soffía drottning.

NORDICPHOTOS/AFP

Spánverjar hafna nýjum texta:

Áfram deilt um þjóðsöng Spánar

SPÁNN, AP Þjóðsöngur Spánar verður áfram án orða þar sem sátt hefur ekki náðst um nýjan texta.

Spænska ólympíunefndin efndi í sumar til samkeppni um texta við þjóðsönginn og bárust sjö þúsund tillögur. Ein þeirra varð hlutskörpust og átti söngvarinn Plácido Domingo að frumflytja nýja textann við hátíðlega athöfn á mánudaginn kemur.

Þeirri athöfn hefur hins vegar verið frestað vegna deilna sem spruttu um nýja textann. Ýmislegt í textanum, ekki síst upphafsorðin „Viva Espana“, eða „Lifi Spánn“, þykja minna á texta sem sunginn var við lagið á tímum Franco-stjórnarinnar.

- gb

Frístundahús í Breiðafirði:

Ógild synjun byggingarleyfis

SKIPULAGSMÁL Umhverfisstofnun fór út fyrir valdsvið sitt þegar hún synjaði jarðeigenda í Skáley á Breiðafirði um leyfi til að byggja frístundahús.

Umhverfisstofnun byggði á ákvæði í lögum um verndun Breiðafjarðar að þar sem ekki væru skipulagsáætlanir fyrir hendi þyrfti leyfi stofnunarinnar fyrir mannvirkjum. Umhverfisstofnun benti einnig á að eitt besta arnarsetur á Íslandi væri í Skáley. Umhverfissráðuneytið segir hins vegar að í gildi sé svæðisskipulag Dala og Austur-Barðastrandasýslu sem ná til eyjunnar. Því sé felld úr gildisynjun Umhverfisstofnunar á leyfi fyrir frístundahúsinu.

- gar

ALPINGI

Spurt um heilsugæslu

Álfheiður Ingadóttir VG hefur lagt fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hve margir höfuðborgarbúar séu án heimilislæknis. Einnig hvernig ráðherra hyggt bregðast við aukinni þörf fyrir þjónustu heilsugæslustöðva.

BORGARBYGGÐ

Hirða enn jólatré

Vegna áskorana stendur Borgarbyggð fyrir síðbúinni hreinsun jólatrjáa föstudaginn 18. janúar og mánudaginn 21. janúar. Á heimasíðu sveitarfélagsins eru íbúar beðnir að setja ekki jólatré út á gangstéttar eftir þennan tíma.



FER EKKI STRÆTÓ AÐ KOMA? Umferð fór úr böndunum í snjóþunganum í gær. Þeir sem treysta á strætó fengu að finna fyrir því rétt eins og öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Vetur konungur ber að dyrum með látum

Landsmenn virðast vera komnir úr æfingu í glímu sinni við Vetur konung, sem hefur verið mjúkhentur á síðustu árum en hefur hert takið undanfarna daga. Umferð fór úr böndunum og drengur lá óvígur eftir að hafa fengið snjóbolta í höfuðið.

FÓLK Um 38 umferðarslys höfðu verið tilkynnt til lögreglu á höfuðborgarsvæðinu um kvöldmatarleytið í gær. Mest voru þetta minni háttar umferðaróhöpp. Einnig sátu bílar, stórir sem smáir, fastir og töfðu umferð. Um klukkan sex í gærkvöldi var lögreglan enn að reyna að greiða úr umferðinni sem fór úr böndunum þegar fólk var að reyna að komast heim í snjóþyngslunum.

Nóg var að gera hjá Vöku björgunarfélagi en um 50 útköll bárust í gær frá öikumönnum sem fest höfðu bíla sína eða þeir bílað. Að sögn Bjarna Ingólfssonar hjá Vöku er einnig nóg að gera á hjólarðaverkstæði þeirra. „Svo virðist sem fólk hafi dregið það í lengstu lög að koma bílum sínum á almennileg vetrardekk,“ segir hann.

En á meðan veðrið setur hversdaglífið úr skorðum hjá einum opnar það möguleika hjá öðrum. Til dæmis hafa ungir knattspyrnumenn iðkað íþróttina á klaka- og snjólagðri Tjörninni. En vetrarleikirnir eru ekki hættulausir eins og sannaðist í Austurbæjarskóla þar sem fjórtán ára drengur lá



KALDIR KRAKKAR Yngstu kynslóðirnar láta ekki Vetur konung slá sig út af laginu og leika sér við þær aðstæður sem hann býður upp á.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

meðvitundarlaus eftir að hafa fengið snjóbolta í höfuðið skömmu eftir hádegi í gær.

Ljósmyndarar Fréttablaðsins fylgdust með mannlífina í höfuðborginni í gær og tóku þessar myndir af fólkinu í vetrarham.

jse@frettabladid.is



SKAUTAÐ Í UMFERÐINI Verulega reyndi á þolrif öikumanna í gær en bílarnir virtust vilja fara eigin leiðir í færðinni í gær, ef þeir fóru þá eitthvað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




KNATTSPYRNUKAPPAR Á KÖLDUM KLAKA Meðan snjóinn setti líf sumra úr skorðum opnaði hinn nýja möguleika fyrir aðra eins og þessa knattspyrnukappa sem sýndu tilþrif sinn á íslagðri Tjörninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

NÆTURVAKTIN

▶ Á DVD



NÆTURVAKTIN

allir 12 þættirnir á 2 diskum troðfullir af aukaefti; tilurð þáttanna / upptökur frá spunum, gerð næturvaktarinnar og yfirlæstur (commentary) frá höfundum og aðalleikurum.

Eigum við að ræða það eitthvað?



skemmtilegri



sena

okkar heimur // þín skemmtun



F O K U S

ÚTSÖLULOK
fimmtudag til sunnudags

50 - 60%
afsláttur

BOSS
HUGO BOSS
SAND
WOMAN

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141



NORDICPHOTOS/AF

Próunarsamvinnustofnun fjármagnar skólabyggingar í Níkaragva:

Skólar fyrir fjögur þúsund börn

PRÓUNARMÁL Próunarsamvinnustofnun Íslands mun fjármagna byggingu tuttugu skólastofa í níu grunnskólum í Níkaragva. Auk þess mun stofnunin búa þær húsgögnum.

Grunnskólarnir níu eru í sveitarfélögum Bluefields og Puerto Cabezas á Atlantshafsströnd landsins. „Núverandi ríkisstjórn, sem komst til valda í janúar 2007, leggur mikla áherslu á menntun fyrir alla og hennar fyrsta verk var að gera grunnskólann gjaldfrjálstan en það hafði hann ekki verið í mörg ár,“ segir Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri félagslegra verkefna í Níkaragva. Skólasókn var afar slök

á Atlantshafsströnd landsins en eftir þessar aðgerðir hefur eftirsóknin orðið slík að yfirvöldum hefur ekki tekist að mæta eftirspurn eftir skólabyggingum.

Gerður segir að nýju byggingarnar muni koma um 3.700 börnum til góða.

Framlag Próunarsamvinnustofnunar nemur um áttatíu prósentum af heildarkostnaði við verkeið. Verður það greitt til sveitarstjórnanna á svæðinu en stofnunin mun gegna eftirlitshlutverki út starfstímabilið sem er áætlað að taki hálf ár. Mótframlagið mun síðan koma frá menntamálayfirvöldum í Níkaragva. -jse



UNGUR NEMANDI Í NÍKARAGVA Stjórnin í Níkaragva hafa gert skurk í menntamálu landsins síðan hún komst til valda fyrir ári. MYND/ERLA S SIGURDARDÓTTIR

Frjálslyndi flokkurinn: Bjóða ríkisstjórn aðstoð

SIJAVARÚTVEGSMÁL Félög Frjálslynda flokksins í Reykjavík fagna því að Mannréttindanevnd SP hafi staðfest „að gjafakvótakerfið er ólögmætt, ósanngjarnt og brýtur gegn mannréttindum fólksins í landinu“, eins og segir í tilkynningu. „Frjálslyndi flokkurinn hefur ávallt haldið því fram að kvótakerfið brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnrétti borgaranna.“

Félögin skora á ríkisstjórn að líta til tillagna Frjálslynda í sjávarútvegsáttum, til að móta nýja og hagkvæma fiskveiðistefnu, í sátt við þjóðina, og bjóða ríkisstjórn aðstoð sína við það. -shá

LÖGREGLUFRETTIR

Lélegur frágangur á kerrum

Lögreglan á Ísafirði hefur stöðvað marga ökumenn að undanförunu vegna lélegs frágangs á eftirvögnum. Er oft á tíðum um ljóslausar kerrur að ræða og farmur jafnvel ekki festur niður. Var einn ökumaður stöðvaður með ómerkta timburfarm sem stóð á fjórða metra aftur úr ljóslausri kerru.

SKÍÐASVÆÐI

Reykjanesbær úr samstarfi

Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins segist vonsvikin yfir þeirri ákvörðun Reykjanesbæjar að taka ekki þátt í nýjum fimm ára samningi um rekstur og uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Fram undan séu tímar uppbyggingar og nýjunga. Snjógerð muni fjölga opnunardögum í fjöllunum.

Vopnahléinu lýkur með sprengjuárás

Sprengjuárás á almenningsvagn varð tugum manna að bana á Srí Lanka í gær. Árásarmennirnir skutu á farþega sem reyndu að komast út úr vagninum.

SRÍ LANKA, AP Meira en þrjátíu manns fórust þegar sprengja sprakk í troðfullum almenningsvagni á Srí Lanka í gær, sama daginn og vopnahlé stríðandi fylkinga á eyjunni rann úr gildi.

Sprengjunni hafði verið komið fyrir við vegarbrún í bænum Buttala á suðaustanverðri eyjunni, og sprakk sprengjan klukkan hálfátta að morgni þegar bifreiðinni var ekið fram hjá. Vitni halda því fram að tilræðismennirnir hafi skotið á farþega sem reyndu að komast út úr bifreiðinni.


Árásin þykir til marks um að Tamílatígrarnir séu fullfærir um



STRÆTISVAGNINN ILLA FARINN Árásin var gerð í afskekktu þorpi á suðaustanverðri eyjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjuárás á Srí Lanka

Meira en 70 þúsund manns hafa fallið í átökum á Srí Lanka síðan 1983 þegar Tamílatígrarnir hófu baráttu sína fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis á norður- og austurhluta eyunnar.



að gera árásir langt innan yfirráðasvæðis stjórnarhersins.

Átök hafa harðnað eftir að stjórnin sagði upp vopnahléssamningnum og óttast er að þau verði harkaleg á næstunni. Á mánudaginn féllu 23 manns í átökum stjórnarhermanna og skæruliða Tamílatígranna nyrst á eyjunni.

Mahinda Rajapaksa, forseti Srí Lanka, segir árásina þó í engu frábrugðna fyrir árásum skæruliðanna, sem ennþá „stunda hryðjuverk og hafna algerlega lýðræði og öllum reglum siðlegrar hegðunar“ í baráttu sinni fyrir aðskilnaði, sem forsetinn segir alls ekki hægt að fallast á.

Stjórn Srí Lanka og skæruliðar

Tamílatígra, sem vilja stofna sjálfstætt ríki á norður- og austurhluta eyunnar, undirrituðu vopnahléssamkomulag árið 2002 og hafa Norðmenn og Íslendingar séð um friðareftirlit samkvæmt ákvæðum samkomulagsins, en hverfa frá nú þegar vopnahléið er úr sögunni. Lars Johan Sølberg, yfirmaður norræna friðargæsluliðsins, sagðist í gær sannfærður um að ekki væri hægt að leysa úr ágreiningnum með hernaði.

„Við höfum verið hötuð síðastliðin sex ár,“ sagði Sølberg á blaðamannafundi í Srí Lanka, „en starfið er líka þess eðlis. Við höfum reynt að gæta hlutleysis í hverju einasta tilviki.“

gudsteinn@frettabladid.is

Verkefni Íslensku friðargæslunnar á Srí Lanka lokið eftir að vopnahlé féll úr gildi:

Einn íslenskur friðargæsluliði eftir

UTANRÍKISMÁL Yfirmaður íslensku friðargæslunnar á Srí Lanka varð eftir í landinu í gær ásamt tíu norskum yfirmönnum þegar aðrir íslenskir og norskir friðargæsluliðar yfirgáfu landið. Vopnahlé stjórnvalda og Tamílatígra rann út í gær.

Verkefni yfirmannsins, Jónasar Allanssonar, og norskra kollega hans verður lokafrágangur vegna brotthvarfs norskra og íslenskra eftirlitssveita frá landinu, segir Anna Jóhannsdóttir, forstöðumaður Íslensku friðargæslunnar. Hún segir stjórnvöld á Srí Lanka ábyrgjast öryggi þeirra sem eftir verða í landinu þrátt fyrir að friðarsamkomulag sé fallið úr gildi.

Meðal verkefna þeirra sem eftir verða er að ganga frá málum heimamanna sem unnið hafa fyrir friðargæslusveitirnar, en ástæða hefur þótt til að óttast um öryggi einhverra þeirra vegna brotthvarfs sveitanna.

Alls voru nú íslenskir friðargæsluliðar í Srí Lanka. Anna segir framtíð þeirra ekki ráðna, fólkíð hafi starfað mislengi fyrir friðargæsluna. Rætt verði við hvern og einn um framtíð viðkomandi hjá friðargæslunni, og skoðað hvaða störf séu á lausu.

Tveir íslenskir starfsmenn Þróunarsamvinnu-



Á HEIMLEIÐ Hermenn eru víða á götum Kólobó, höfuðborgar Srí Lanka, en íslenskir og norskir friðargæsluliðar eru farnir eða á förum. NORDICPHOTOS/AF

stofnunar starfa í Kólobó, höfuðborg Srí Lanka, auk fjögurra heimamanna. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að hætta störfum stofnunarinnar í landinu, að því er fram kemur í tilkynningu. - bj

Maður verður **EKKERT** *fyndnari* þótt bjórinn sé dýrari

SEX DOSIR Á VERÐI SEX

Ódýr en skemmtilegur

Afsláttur af góðu kvöldi

Heibræði í baði Egils Píloner: Gakktu úr skugga um að fólkíð í kringum þig í partýinu sé að hlæja með þér en ekki að þér. Veldu skrytlurnar og skemmtisögurnar í samræmi við það.

Bruggaður síðan 1917

Lettil

ÚT T S A L A

Allt að 70% afsláttur

ENGINN ÞJÓNUSTU- VIÐHALDSKOSTNAÐ



ENNEEM / SA / NM3733

ÖLLUM NÝJUM OPEL FYLGIR **OPEL VERND**



Antara / Verð frá 3.890 þús.

Vectra / Verð frá 2.790 þús.

Astra / Verð frá 1.990 þús.

Corsa / Verð frá 1.660 þús.

OPEL VERND ER LIÐUR Í ENN E

Með því að láta fylgja í kaupnum alhliða þjónustu án endurgjalds í þrjú ár viljum við auka þægindi viðskiptavina Opel um leið og við vekjum athygli á vönduðum og góðum bílum sem hafa verið algjörlega endurnýjaðir frá grunni. Í samvinnu við söludeild Ingvars Helgasonar tekur

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri



EDDA UR Á NÝJUM OPEL

ENN BETRI ÞJÓNUSTA
ALLT OPEL VIÐHALD Á OKKAR KOSTNAÐ Í 3 ÁR/60.000 KM

Opel Astra



Mánaðargreiðsla**

Beinsk. 1,6	1.990.000 kr.	23.296 kr.
Sjálfsk. 1,8	2.240.000 kr.	26.189 kr.
Turbo beinsk.	2.290.000 kr.	26.768 kr.

**Míðast við bilasamning með 30% útborgun og eftirstöðvar til 84 mán.



**NÝTT
Á ÍSLANDI**

OPEL VERND*

NOTALEG
PRJÚ ÁR ÞÉR AÐ
KOSTNAÐARLAUSU

Öll þjónustuskoðun og allt viðhald

Þeir sem kaupa nýjan Opel fá alla þjónustuskoðun og allt viðhald sér að kostnaðarlausu í 3 ár eða að 60.000 km.

Við lánum þér alltaf bíl

Þegar viðskiptavinir Opel koma með bílinn sinn í þjónustuskoðun eða viðhald fá þeir lánaðan bíl til afnota á meðan.

30 daga skiptiréttur

Þeir sem kaupa nýjan Opel hafa 30 daga skiptirétt ef svo ólíklega vill til að bíllinn uppfylli ekki væntingar.

Endurkaup

Til að tryggja endanlega þá sem kaupa nýjan Opel lofar Ingvar Helgason besta endurkaupsverði á markaðnum þegar keyptur er næsti nýi bíll hjá umboðinu.

*Nánari upplýsingar um Opel Vernd er að finna á opel.is eða hjá sölumönnum Ingvars Helgasonar ehf.

BETRI ÞJÓNUSTU HJÁ INGVARI HELGASYNÍ

Þjónustudeildin einstaklega vel á mótí viðskiptavinum Opel. Þjónustudeildin opnaði á dögnum eitt fullkornasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvum. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.



INGVAR HELGASON



NEKT Í ÞÁGU DÝRAVERNDAR Meðlimir í dýraverndunarsamtökum PETA (People for the Ethical Treatment of Animals) efndu til mótmæla fyrir utan landbúnaðarráðuneytið í Berlín á dögunum til að mótmæla því að hænur sem liggja á eggjum sínum séu geymdar í búrum. A spjöldunum sem hylja nektina stendur „frelsi fyrir hænur – engin búr árið 2012.“

Vilja færa varnarsvæðið:

Sendibúnaður háir Grindavík

SVEITARSTJÓRNIR Sendibúnaður sem bætt hefur verið við á varnarsvæðinu í kringum Keflavíkflugvöll stendur þróun Grindavíkur fyrir þrifum segir bæjarráð, sem hefur ítrekað sent mótmæli til utanríkisráðuneytisins vegna fjölgunar sendanna.

„Bæjarráð Grindavíkur óskar eftir að þegar verði hafnar viðræður við utanríkisráðuneytið um færslu á starfsemi varnarsvæðis innan lögsögu Grindavíkur þar sem núverandi staðsetning er farin að há framþróun bæjarins,“ segir í samhljóða bókun. - gar

SJÁVARÚTVEGUR

Sólbakur fyrir Sóleyju

Brim hf. hefur selt ísfisktogarann Sólbak og kaupandinn er Nesfiskur ehf. í Garði. Þetta kemur fram í nýjstu Fiskfréttum.

Hugmyndir um gjaldfrjálsar strætisvagnaferðir í Kópavogi:

Verkefni í bið fram á sumar

KÓPAVOGUR Síðastliðið sumar var samþykkt tillaga í bæjarstjórn Kópavogs þess efnis að Kópavogsbúar fengju frítt í strætisvagna frá og með nýliðnum áramótum. Nú þegar nokkuð er liðið á janúarmánuð bólar enn ekkert á því að tillagan fari í framkvæmd. „Þessi tillaga var samþykkt á sínum tíma, en þetta var hálfgerð frumhlaup hjá bæjarstjórnunum og lítið búið að hugsa út í sjálfa framkvæmdina,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

„Stjórn Strætó bs. óskaði eftir því að framkvæmdinni yrði frestað í hálf ár til þess að finna megi lausn á því hvernig hægt verði að framkvæma þetta.“

Ármann Kr. Ólafsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Kópavogs og formaður stjórnar Strætó bs., segir stjórn Strætó hafa viljað bíða eftir að sjá útkomuna úr tilrauninni sem nú stendur yfir með gjaldfrjálsan akstur fyrir námsmenn. „Niðurstaðan



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON Segir Strætó bs. vilja bíða niðurstöðu tilraunar með gjaldskrá fyrir námsmenn.



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR, ODDVITI SAMFYLKINGARINNAR Segir ákvörðunina hafa verið tekna í flyti.

úr þeirri tilraun kemur óhjákvæmilega til með að hafa áhrif á hvernig gjaldskrá Strætó bs. þróast. Við viljum fá að skoða þessar niðurstöður og fá svo að taka ákvörðun varðandi framhaldið út frá þeim.“ - vp

Deila Rússa og Breta um starfsemi British Council:

Starfsfólkið yfirheyrt af leyniþjónustunni

RÚSSLAND, AP Deila Rússa og Breta um starfsemi bresku menningarmálastofnunarinnar British Council í tveimur borgum Rússlands versnaði enn í gær, er rússneska leyniþjónustan FSB tók rússneska starfsmenn útibús British Council í Sankti Pétursborg til yfirheyrslna og lögreglan í borginni stöðvaði forstöðumann útibúsins, Stephen Kinnock, og sakaði um ölvunarakstur.

„Aðgerð lögreglunnar gegn Stephen í gær er enn eitt dæmið um ólöglegt afskipti rússneskra yfirvalda af honum og öðrum breskum sendierindrekum,“ hefur Politiken.dk eftir Helle Thorning-Schmidt, eiginkonu Kinnocks og formanni danska Jafnaðarmannaflokksins.

Deilan upphófst er bresk yfirvöld fóru fram á framsal fyrirverandi KGB-mannsins Andrei Lugovoj, þar sem hann væri grunaður um aðild að geislunareiturs-mórðinu á Alexander Litvinenko, öðrum fyrirverandi leyniþjónustumanni frá Rússlandi sem bjó sem pólitískur flóttamaður í Bretlandi.

Nýjasta útspilið í deilunni var að rússnesk yfirvöld fyrirskipuðu að útibúum British Council í Sankti Pétursborg og Jekaterínúrg yrði lokað um áramótin, að sögn vegna þess að starfsemi þeirra væri ólögleg. Starfsmennirnir opnuðu hins vegar útibúin aftur eftir jólahlé í byrjun vikunnar. - aa



HEIÐA HARALDSDÓTTIR Óskaði 17. desember eftir flutningi á síma en bíður enn. Segir öllu lofað en ekkert gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Dalabændur enn ekki með símasamband

Ábúendur á Fellsenda hafa enn ekkert heyrt um hvenær þeir geta búist við flutningi á síma, rúmum mánuði eftir ósk um flutning. Málið ekki einsdæmi.

FIARSKIPTI „Þeir hafa hvorki látið sjá sig né í sér heyra,“ segir Bára Hjaltadóttir, ábúandi á Fellsenda í Döllum, aðspurð hvort hún sé komin með síma. Eins og Fréttablaðið greindi frá á mánudaginn óskaði hún eftir flutningi á síma 8. desember.

Bára segist vita til þess að menn frá Mílu hafi verið á svæðinu síðastliðinn þriðjudag. „Miðað við orð upplýsingafulltrúans þá á ég að vera í forgangi. En ég hef það á tilfinningunni að þetta séu reglunar og það sé ekki farið eftir þeim.“

Hún segir tafir á viðgerðum ekkert einsdæmi því síminn hafi bilað milli jóla og nýárs hjá nágretta hennar og hafi ekki komist í lag aftur fyrr en nýlega. „Það voru tvær vikur sem þau voru símalaus og það var engin útvinnna eða strengjalagnir í því.“

Bára telur þetta mikið öryggisleysi enda séu þau algerlega símasambandslaus þar sem ekkert gsm-samband er á svæðinu.

„Húsið var skilgreint sem sumarbústaður og það er ekki búið að klára það ferli,“ segir Linda B. Waage, forstöðumaður Samskiptasviðs Símans. Hún segir þau þurfa að afla sér upplýsinga áður en til framkvæmda komi. Í ljós hafi

Akstur í Hvalfjarðargöngum: Langflestir á löglegum hraða

LÖGREGLUMÁL Áttatíu og níu ökumenn voru myndaðir við brot sín í Hvalfjarðargöngunum á tæplega áttatíu og átta klukkustundum frá þriðjudegi til föstudags í síðustu viku.

Var meðalhraði þeirra tæplega 85 kílómetrar á klukkustund en í göngunum er 70 kílómetra hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á meira en 100 kílómetra hraða og tíu ökumenn voru á meira en 90 kílómetra hraða.

Alls fóru 5.700 ökutæki um Hvalfjarðargöngin á þessum tíma og voru því 1,6 prósent ökumanna yfir leyfilegum hámarkshraða. - ovd

Tónlistarskóli

Hljóðfærahúsið í samstarfi við tónlistarskólann Tóney

Spennandi tónlistarnám fyrir fólk á öllum aldri í klassík, suzuki, djass-, heims- og tilraunátónlist. Meðal annars er kennt á fiðlu, víólu, selló, kontrabassa, þverflautu, klarínett, trompett og píanó.

Skráning fer fram hjá Tóney, Síðumúla 8, í síma 551 3888 eða á heimasíðunni www.toney.is



SÍÐUMÚLA 20 - Sími 591 5350 - www.hljodfaerahusid.is



LINDA BJÖRK WAAGE

„Ég er búin að hringja svo oft og fæ alltaf mismunandi svör og það er öllu lofað en ekkert gerist.“

HEIÐA HARALDSDÓTTIR ÍBÚI Í GRAFARVOGI

komið að umrætt húsi er frístunda- hús og þá taki við það annað ferli.


Segir hún Mílu ehf. greiða kostnað, upp að 600 þúsund krónum ef leggja þarf nýja símalínu inn í hús og ef um lögheimili sé að ræða. En ef kostnaður sé umfram þá upphæð greiði sá sem óskar eftir línunni mismuninn. „Ef um sumarhús er að ræða þá greiðir eigandi hússins allan kostnað við línulagnir.“

Linda segir Símann þurfa staðfestingu á að um lögheimili sé að ræða, ekki sumarhús áður en farið sé af stað. „Það er okkar meginregla að við reynum að upplýsa fólk eins vel og við getum en við erum ekki að setja fram einhverjar væntingar ef við höfum ekki nákvæmar upplýsingar,“ segir Linda.

„Við erum búin að vera net- og símasambandslaus í heilan mánuð,“ segir Heiða Haraldsdóttir, íbúi í Grafarvogi, sem að sögn pantaði símaflutning 17. desember. Hún segir tvær símalínur liggja inn í húsið svo ekki sé því fyrir að fara að grafa þurfi að húsinu. „Ég er búin að hringja svo oft og fæ alltaf mismunandi svör og það er öllu lofað en ekkert gerist.“

olav@frettabladid.is

HUGURINN BER ÞIG
ADEINS HÁLFA LEIÐ



Hvert viltu fara?

Toronto

á frábæru verði í dag

Ferðadagar
Icelandair
og **Hagkaupa**

Frá 17.-27. jan.

1. dagur – 1. útkall

Toronto á Hagkaupsverði

Kaupu miða á www.icelandair.is í dag eða í verslunum Hagkaupa í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind eða á Akureyri.

50 FERÐAVINNINGAR Á 11 DÖGUM

Allir kassastrímlar eru happdrættismiðar. Neðst á strímlinum er 7 stafa númer. Þú ferð inn á www.icelandair.is og slærð þar inn númerið og færð samstundis svar við því hvort þú hafir dottið í lukkupottinn.

Hafið sætisólarnar spenntar

Við kynnum 24 spennandi áfangastaði Icelandair árið 2008, helgarferðir, sumarævintýri og sérferðir. Nýr ferðabæklingur Icelandair, *Mín borg*, liggur frammi í öllum verslunum Hagkaupa.

Þetta er verslunarstjórnin sem talar

Full búð af spennandi Duty Free tilboðum. Duty Free tilboð á sælgæti og fleiru.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



WWW.ICELANDAIR.IS

„ORÐRÉTT“

Skellir sér á útsölu?

„Ég myndi fara afar varlega í að halda í íslenskar krónur.“

EMMA LAWSON, SÉRFRÆÐINGUR MERRILL LYNCH, TELUR AÐ FJÁRFESTAR KUNNI AÐ SELJA ÍSLENSKAR KRÓNUR OG HÆTTA SÉ Á HARÐRI LENDINGU Í HAGKERFINU.

Fréttablaðið 16. janúar

Forfaðir síns tíma

„Þetta hús er ekki bara barn síns tíma heldur afi síns tíma og ætti að vera búíð að brjóta upp þessa íbúðabyggð fyrir löngu.“

SVAVAR KNÚTUR KRISTINSSON, FRÍSTUNDA- OG FÉLAGSAUÐS-RÁÐGJAFI, UM ÖRYRKJABLOKKIR Í HÁTÚNI.

Fréttablaðið 16. janúar

tilveran nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? JÓN ATLI HELGASON ATHAFNAMADUR

Rokkstjarna á mánudögum

„Við hjá Jóni Jónssyni ákváðum að snúa janúarmánuði, mest niðurdræpandi mánuði ársins, í mesta stuðmánuði ársins,“ segir Jón Atli Helgason athafnamaður, sem segist hugsa í lausnum.

Hann vill meina að flestir landsmenn telji janúar leiðinlegasta mánuð ársins en að þeir hafi fundið lausn á því. „Þar sem allir eru þunglyndir þá ákváðum við að hressa fólk við. Það helsta núna um helgina er að tveir uppáhalds raftónlistarmennirnir mínir eru að koma á laugardaginn og spila á NASA, þeir Mark Romboy og Tomas Anderson, og ég get nú bara ekki beðið eftir að sjá það. Síðan eins og allir vera er Tommy Lee hérna helgina eftir.

Svo er ég að fara til New York

til að vinna í plötunni minni, það er Hairdoctor sem er að fara að vinna í plötunni.“ Jón Atli segir það of mikið sagt að platan sé að verða tilbúin. „Þá er komin of mikil pressa á mann. Þetta er allt bara á döfinni í janúar og það er alveg nóg að gera,“ segir hann. „Þetta er bara lífið núna og svo er ég að klippa þannig að maður er bara á fullu í öllu,“ en Jón Atli er tónlistarmaður og hárgreiðslumaður. Hann segir athafnamannsnafnið líklega eiga best við nú. „Er það ekki fundið eitt orð til að lýsa hvað maður gerir, þá er maður orðinn athafnamaður.“ Hann leyfir sér þó að vera rokkstjarna á mánudögum þar sem þá daga klippir hann ekki hár.



SÁDI-ARABÍA: ARABÍSKT EINVELDI

■ Sádi-Arabía er 25 milljóna manna land sem nær yfir stærstan hluta Arabíuskaga. Abdullah bin Abdel-Aziz al-Saud hefur verið konungur þar síðan árið 2005 og tók við af Fahd bin Abdel-Aziz al-Saud, sem hafði ríkt frá árinu 1982. Efnahagslífið byggist að stærstum hluta á olíuútlutningi og hefur efnahagurinn tekið kipp undanfarið vegna mikillar olíuverðshækkunar. Flestir landsmenn aðhyllast strangtrúarabrigði af íslam, sem oft er nefnt wahabismi eða salafismi.



Fatlaður borðtennismaður í heimsklassa

Keflvíkingurinn Jóhann Rúnar Kristjánsson er borðtennismaður í heimsklassa. Árið 1994 lenti hann í mótörhólaslysi og lamaðist fyrir neðan brjóst. „Borðtennisruglið“, eins og hann kallar það, byrjaði í endurhæfingu á Reykjalundi. Þar var hann strax byrjaður að vinna þjálfarana.

Jóhann Rúnar Kristjánsson borðtennismaður er í fjórtánda sæti á heimslistanum í borðtennis fatlaðra og á því möguleika á að komast á Ólympíuleikana í Peking í Kína í sumar.

Sextán borðtennismenn fá þátttökurétt en reglurnar eru flóknar. Jóhann Rúnar hefði þurft að vera í þrettánda sæti til að vera öruggur um að komast að því að maðurinn sem er í fimmtánda sæti er Ameríkumeistari og færast sjálfkrafa upp um fjögur sæti. Þar með fellur Jóhann Rúnar niður í fimmtánda sæti. Það er svokallað „Wild Card“ sæti, aukasæti sem hver sem er getur sótt um, og sextánda sætið er svokallað „Team Target“ sæti sem Ítali í níttjándu sæti gæti sótt um til að geta spilað í liðakeppni með öðrum Ítala.

Jóhann Rúnar ætlar að sjálf-sögðu að sækja um fimmtánda sætið. „Ég er næstur inn og ég vona að þeir sjái að ég ætla þarna inn. Ég gæti þurft að bíða fram í febrúar eða mars þar til það skýrist,“ segir hann.

Jóhann Rúnar hefur spilað borðtennis í tíu ár. Hann lenti í mótörhólaslysi árið 1994 og braut á sér hálsinn og hrygginn. Hann hafði verið sjómaður og átti frí fyrir höndum. Vinur hans hafði tekið mótörhól upp í bíl og tækjadelukarlinn Jóhann Rúnar sá sér leik á borði, bauðst til að þrifa hjólið og prófa það í leiðinni því að vinurinn ætlaði að sýna það og selja um kvöldið.

„Ég þreif það og tók svo einn lokarúnt út í Sandgerði og Garð. Ég komst aldrei nema út í Sandgerði. Ég fór þar niður að bryggju og þar var svínað í veg fyrir mig, ég fipaðist og keyrði á kyrrstæðan vörubíl. Ég fékk mikið högg og vissi að eitthvað alvarlegt hafði skeð. Ég hugsaði strax, andskotans vesen, þetta er eitthvað sem plásturinn mun ekki bjarga. Ég gat ekkert hreyft,“ segir hann.

Jóhann Rúnar fór beinustu leið inn á spítala, var á Grensás og Reykjalundi. Sjöundi hálsliður fór í mál. Í dag er hann lamaður fyrir neðan brjóst en hann hafði alltaf verið orkuríkur krakki og mikið í íþróttum. Hann byrjaði að spila borðtennis af alvöru þegar hann var í endurhæfingu á Reykjalundi.

„Ég hafði prófað borðtennis í grunnskóla og framhaldsskóla áður en ég lenti í slysinu en



VERÐA SNARVITLAUSIR Jóhann Rúnar Kristjánsson er í fjórtánda sæti á heimslistanum í borðtennis fatlaðra. Hann spilar gjarnan við ófatlaða inni í Reykjavík. „Þeir verða alveg snarvitlausir þegar ég vinn, trúna ekki að þeir tapi fyrir manni í hjólastól,“ segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

mig aftur þarna og sá að ég gat gert eitthvað sniðugt eftir að ég settist í stólinn. Ég tók miklum framförum dag frá degi á Reykjalundi og var farinn að vinna þjálfarana. Þá fór ég að leita lengra og kynna mér hvar væri hægt að æfa,“ segir hann.

Jóhann Rúnar endaði með því að byrja að æfa hjá ÍFR, Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík, og svo fór boltinn að rulla. „Ég fór að taka þátt í alþjóðlegum mótum. Þegar þjálfararnir sáu að hér var efni í gangi fóru þeir að hlúa vel að mér og síðan hef ég alltaf verið að bæta mig,“ segir hann.

Ekki er auðvelt að vera borðtennismaður í heimsklassa á fámennri eyju úti á ballarhafi. Fatlaðir borðtennismenn eru aðeins tveir til þrjár hár á landi og mikill getumunur á milli þeirra. Jóhann Rúnar þarf því að fara í æfingabúðir til Finnlands og Danmerkur „til að æfa með mínum líkum. Norðurlöndin eru öll í sömu sporum. Staðan í Finnlandi er svipuð og hér og ég hef farið þangað þrisvar til fjórum sinnum. Ég þarf svo að sækja öll mót erlendis til að ná stigum inn á heimslista og það gengur rosalega vel,“ segir hann.

Jóhann Rúnar segir að gríðarleg



JÓHANN MEÐ SPADANUM Það er erfitt að vera borðtennismaður á heimsklassa á Íslandi, því mikill getumunur er á þeim fítluðu borðtennismönnum sem æfa hér.

barátta sé í borðtennisheiminum. „Menn henda hver öðrum úr stólinum,“ segir hann. „Þetta er sko ekkert elsku mamma.“

Hann leggur mikið á sig, æfir af hörku og spilar við ófatlaða í Reykjavík. Hann segist „stríða þeim ansi mikið“. Á síðasta Íslandsmóti lenti hann í þriðja til fjórða sæti í fyrsta flokki karla. „Það á ekki að vera hægt. Þeir verða alveg snarvitlausir þegar ég vinn, trúna ekki að þeir tapi fyrir manni í hjólastól.“ ghs@frettabladid.is

SJÓNARHÓLL

KRÆFIR KRIMMAR SVIÐSETJA RÁN

Með piparúða á vídeóleiguna

Piltur á tvítugsaldri var settur í síbrotagæslu í fyrradag vegna fjölda rána og innbrota. Hann reyndi meðal annars að setja á svið rán í Sunnubúð, þar sem hann vann, ásamt vini sínum.

Lára Björg Björnsdóttir, sérfræðingur hjá Landsbankanum, telur þetta þó ekki vitnisburð um að íslenskir afbrotamenn séu að verða kræfari. „Ég held þeir séu kannski að verða heimskari. Í flestum tilfellum, sviðsettum eða ekki, virðast þeir nást á endanum. Enda er ekki mikið upp úr sjöppuránum að hafa annað en klink og sigarettukarton. Hver leggur það á sig fyrir fangelsisdóm og Hraunið?“

Lára telur að verslunareigendur ættu að vera strangir á að krefjast sakavottorðs áður en þeir ráða fólk



LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR í vinnu. „Margir vinnustaðir krefja starfsmenn um að sakavottorð og það er eflaust þannig í mörgum verslunum.“

TOPPSKÓR Í KULDANN

SNOW SPR901808 Kuldafótrabúur Vinrauðir 1.996 kr.-

Stærðir 24-35

CULT NEUR38041701 Herrakuldaskór 3.597 kr.-

Stærðir 40-46

Herra kuldaskór NEUR38041401 3.496 kr.-

Stærðir 40-46

X-SPORTS SPR901617 3.496 kr.-

Stærðir 36-46

SPIRALE SPR0995 4.196 kr.-

Stærðir 36-46

Toppskórinn VINLANDSLEIÐ 6 • S: 533 3109

OPÍÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

SENDUM Í PÓSTKRÖFU

Upphengd klósett á ótrúlegu verði!

Upphengd klósett & innbyggður kassi
frá kr. 29.999,-

Allt
settið!

49.999,-

69.999,-


Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.



VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is
www.pottaland.is

Svona erum við



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: MANNRÉTTINDANEFNDIR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Eitt allsherjarráð og aðrar minni nefndir

Mannréttindanevnd Sameinuðu þjóðanna hefur mikið verið í fréttum hérlandis að undanförunu vegna álitis þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að íslenska kvótakerfið brjóti í bága við 26. grein alþjóðasáttmálans um borgaraleg og pólitísk réttindi. Nefndinni sem sendi frá sér þennan úrskurð er gjarnan ruglað saman við Mannréttindaráð SP, sem er öllu þýðingameiri stofnun.

Hvað er Mannréttindanevnd SP?

Alls eru til sjö mannréttindatengdar nefndir og ráð á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ein þeirra er þessi mannréttindanevnd átján sérfræðinga, sem kemur saman þrisvar á ári til að yfirfara skýrslur sem aðildarríki SP eiga að skila inn á fimm ára fresti um framkvæmd alþjóðasáttmálans um borgaraleg og stjórnmálaréttindi (International Covenant on Civil and Political Rights). Þau 104 ríki sem undirritað hafa fyrstu valbókunina við þennan sáttmála, þar á



meðal Ísland, hafa heimilað aðilum innan ríkisins að leita álitis nefndarinnar á meintum brotum gegn ákvæðum sáttmálans. Það er einmitt þannig sem úrskurðurinn um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið er til kominn. Að þessu leyttu hefur nefndin hliðstætt hlutverk og Mannréttindadómstóll Evrópu, en reynslan hefur þó sýnt að almennt er meira mark tekið á úrskurðum Mannréttindadómstólsins.

Hvað er Mannréttindaráð SP?

Eins og áður segir ber ekki að rugla þessari sérfræðinganevnd alþjóðasáttmálans um borgaraleg og stjórnmálaréttindi (sem kölluð er á ensku Human Rights Committee) saman við Mannréttindaráð SP (Council on Human Rights) né heldur fyrirrennara þess, Mannréttindanevnd SP (Commission on Human Rights), sem var stofnun byggð beint á stofnsáttmála samtakanna en Mannréttindaráðið kom í staðinn fyrir árið 2006.

SPURT & SVARAD

LÆKNAR HÆTTA Á NEYÐARBÍLUM

Verri þjónusta á slysadeild

Yfirstjórn Landspítala háskólasjúkrahúss, LSH, hættir að bjóða upp á lækniþjónustu í neyðarbíl og spara þannig 30 milljónir króna á ári. Deildarlæknar á slysadeild voru fjórtán um áramót. Horfur eru á því að þeir verði fimm 1. mars.



BJARNI ÞÓR EYVINDSSON Deildarlæknir á slysa- og bráðadeild.

Hvernig er staðan?

Hún er alvarleg. Menn eru ósáttir við þessa ákvörðun. Það er verið að setja okkur í stöðu sem er lækniþjónusta ósættanleg. Þess vegna kjósa menn frekar að hætta störfum.

Hvað þýðir þetta?

Þessi breyting mun hugsanlega hafa í för með sér verri þjónustu fyrir almenning. Ljóst er að fækkun lækna á slysadeild þýðir líka að þjónustan á slysadeild versnar og biðtími lengist. Líklega sparar spítalinn 10-15 milljónir en fyrir samfélagið skilar þetta engu öðru en verri þjónustu fyrir skattborgarana.

Sundabraut pólitískt þrætuepli

Deilt er um útboðsskyldu Sundabrautar. Starfshópur á vegum samgönguráðherra telur útboðsskyldu framkvæmdarinnar innan evrópska efnahagssvæðisins ótvíræða. Stjórn Faxaflóahafna er ósammála þessu og vísar til fordæma í Noregi auk sérlaga um Hvalfjarðagöng.

Frá því 9. maí í fyrra þegar samgönguráðherra í samráði við forsætisráðherra skipaði starfshóp um Sundabraut hafa deilur um hana stigmagnast. Þar ræður mestu aðkallandi þörf fyrir hana að mati borgaryfirvalda og ekki síst áhugi Faxaflóahafna á því að leggja brautina í einkaframkvæmd.

Nú er kjarni deilanna einkum sá hvort það sé mögulegt að leggja brautina í einkaframkvæmd án þess að bjóða verkið í heild út innan evrópska efnahagssvæðisins. Íslenska ríkið vill útboð en Faxaflóahafnir telja það óþarft.

Starfshópurinn fundaði sex sinnum áður en hann skilaði af sér skýrslu fyrir skemmstu. Í starfshópnum voru Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar sem jafnframt var formaður, Gísli Gíslason hafnastjóri Faxaflóahafna, Jónas

Sveinbjörnsson svæðisstjóri suðvestursvæðis Vegagerðarinnar, og Þórhallur Arason skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

Niðurstaða starfshópsins er sú að ekki sé hægt að fara út í framkvæmdina nema með því að bjóða verkið út í samræmi við lög og reglur á evrópska efnahagssvæðinu. Gísli Gíslason er ósammála meirihlutanum og telur mögulegt ráðast í framkvæmdina án útboðsins, þó einstakir verkþættir heildarframkvæmdarinnar færu í hefðbundin útboðsferli.

Tveir kostir

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu er fyrst og fremst einblínt á tvo möguleika við lagningu Sundabrautar; það er innri leiðar og ytri leiðar. Innri leiðin, eða eyjaleið, er sú leið sem Vegagerðin telur álitlegasta en hún er um níu milljörðum ódýrari en ytri leiðin. Borgaryfirvöld vilja frekar að einblínt verði á lagningu Sundabrautar í göngum undir Elliðarárvog, frá Kleppsvík til Gufuness. Innri leiðin felur í sér þverun vogsins nær ósum Eilíðaáanna. Kostnaðurinn við ytri leiðina er áætlaður um 24 milljarðar og en við innri leiðina fimmtán milljarðar.

Af hverju í Noregi en ekki hér?

Tilgangurinn með lagningu Sundabrautar er að bæta tengingu Vestur- og Norðurlands við höfuðborgarsvæðið, efla samgöngur á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins, auka hagræði í samgöngum og atvinnustarfsemi, opna fyrir þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu til norðurs og norðausturs, auka umferðaröryggi og ekki síst að léttu á umferðarþunga á öðrum vegum á höfuðborgarsvæðinu.

Þar sem Sundabraut telst þjóðvegur samkvæmt lögum mun meginhluti fjármagnsins koma úr ríkissjóði en Reykjavíkurborg þyrfti einnig að kosta einhverju til þar sem framkvæmdaleyfið kemur þaðan. Áætlað er að fjögur til fimm ár taki að ljúka verkinu en Kristján Möller sagði á Alþingi í gær, að framkvæmdir gætu hafist á næsta ári í fyrsta lagi. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður samgöngunefndar Alþingis, hefur lagt áherslu á lagningu Sundabrautar verði flýtt eins og kostur er.

Stjórn Faxaflóahafna felst ekki á það með meirihluta starfshópsins um Sundabraut að útboðsskylda verkefnisins sé ótvíræð. Einkum eru það fordæmi frá Noregi. Þar í landi hafa stjórnvöld í nokkur skipti fari þá leið að opinber fyrirtæki sjá alfarið um rekstur jarðganga og einnig uppbyggingu þeirra, án þess að útboð fari fram. Er þetta talið mögulegt þar sem samkeppni er ekki talin vera virk á þessu sviði í landinu, að því er segir í svari sérfræðings norsku vegagerðarinnar við fyrirspurnum starfshópsins.

Stjórn Faxaflóahafna lítur svo á að svipaða leið ætti að vera hægt að fara hér. Ekki síst í því ljósi að fordæmi eru fyrir því að opinbert fyrirtæki sjá um rekstur jarða-



Á FUND RÁÐHERRA Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna, og Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, sjást hér ganga á fund ráðherra, 22. mars í fyrra, eftir að stjórn félagsins bauðst til þess að taka að sér lagningu Sundabrautar.



INN MÖGULEIKI SUNDRABRAUTAR Hér sést tölvuteiknuð mynd af einum af mörgum möguleikum sem velt hefur verið upp af Sundabraut.



KRISTJÁN MÖLLER Er undir þrýstingi frá eigin flokksmönnum um að fylgja Sundabrautinni að leiðarlokom. Ljóst er að framkvæmdir hefjast ekki á þessu ári en undirbúningsvinna er í fullum gangi. Vinna við umhverfismat er langt komin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR Hefur talað skýrt um að það sé nauðsynlegt að ráðast í gerð Sundabrautar sem allra fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ganga, það er Spölur í tilfelli Hvalfjarðaganga.

Ríki og borg í hársaman

Vegagerð ríkisins hefur lagt það til að ódýrari leiðin verði farin og að útboð fari fram, þar sem öllum fyrirtækjum sem hafa áhuga að fara út í lagningu Sundabrautar verði gefinn kostur á að koma að borðinu. Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar, með borgarstjórnann Dag B. Eggertsson í broddi fylkingar, horfa öðruvísi á málið. Þar er dýrari kosturinn, það er að leggja hluta leiðarinnar í göng, talinn besti kosturinn og er útboðsskyldan talin óþörf. Samgönguráðherra, og ríkisstjórninni allri,

er því nokkur vandi á höndum ef brautin á ekki að verða pólitískt þrætuepli til langs tíma.

Sérstaklega þarf Samfylkingin að halda vel á spöðunum en nokkur þrýstingur er á fulltrúa flokksins, bæði á þingi og hjá borginni, að fylgja málinu vel eftir, að því er heimildir Fréttablaðsins herma. Ekki síst er það vegna þess að þverpólitísk sátt er um það hjá borgarfulltrúum að Sundabraut verði að veruleika sem allra fyrst.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Fagfjárfestastjóðurinn KB ABS 6, kt. 710107-9200, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Skuldabréfin eru að fjárhæð 965.000.000 kr. og voru gefin út þann 6. febrúar 2007. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður KBABS6 N30X. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 18. janúar 2008. Skuldabréfin bera ekki vexti. Skuldabréfin endurgreiðast 12. febrúar 2008. Samkvæmt greiðsluskilmálum er endurgreiðsla skuldabréfanna að lágmarki 95% af höfuðstól hvers skuldabréfs að viðbættum 173% hækkun FTSE Nordic 30 vísitölunnar greitt í evrum. Hver eining skuldabréfanna er 5.000.000 kr. og því er fjöldi skuldabréfanna 193 talsins.

Lýsinguna er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík og á sjóðasíðu Kaupþings banka hf., www.kaupthing.is/sjodir, í eitt ár frá birtingu hennar. Umsjónaraðili skráningarinnar er lögfræðisvið Kaupþings banka hf.

Reykjavík, 17. janúar 2008

KAUPÞING
Hugsum lengra



Nú kemur þetta **mánaðarlega**

SPARISJÓÐURINN býður nú viðskiptavinum sínum upp á **SP12**, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlegar vaxtagreiðslur. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laus til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjáls. **SP12** er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.


FILEN/SIA

DÚX
Hæsta einkunn í ánægjuvög fjármálafyrirtækja

 **SPARISJÓÐURINN**
www.spar.is

Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda í dagskóla í framhaldsskólum landsins



menntun

nám, fróðleikur og vísindi

■ Málfundur

Drepsóttir og samfélagsöryggi

Dr. Peter Clevestig, frá Stockholm International Peace Research Institute, og dr. Haraldur Briem, sóttvarnalæknir hjá Landlækniseimbættinu, halda erindi um drepsóttir og öryggismál á málfundum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Miðstöð lýðheilsuvísinda í dag klukkan 15.00. Málfundurinn verður haldinn í fyrirlestrasal Háskólatorgs.

Á málfundinum verður kynnt hvaðan ógnir við líf og heilsu vegna mengunar, eða far- og drepsóttar, steðja að, bæði af náttúrunnar hendi, af slysi, eða meðvit- uðum aðgerðum hryðjuverka- og glæpamanna. Ýmsar lausnir verða ræddar með tilliti til reynslu Íslands og viðbúnaðar á þessum vettvangi.

Fundarstjóri er Alyson JK Bailes, gestakennari við stjórnmálafræðiskor. Málfundurinn fer fram á ensku. Aðgangur er ókeypis og öllum opin og engin skráning nauðsynleg.



■ Doktorsvörn við læknadeild Háskóla Íslands

Einhverfa á Íslandi



Evald Sæmundsen sálfræðingur mun verja doktorsritgerð sína á morgun, föstudag, við læknadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið „Einhverfa á Íslandi – algengi, greiningartæki, framvinda og tengsl einhverfu við flog hjá ungbörnum“.

Andmælendur eru dr. Lennart von Wendt, prófessor í tauga- sjúkdómum barna við Helsinki University Central Hospital, og dr. Christopher Gillberg, prófessor í geðlæknisfræði barna og unglinga við Göteborg University. Leiðbeinandi var dr. Vilhjálmur Rafnsson, prófessor í heilbrigðis- og faraldsfræði við læknadeild Háskóla Íslands. Dr. Stefán B. Sigurðsson,

deildarforseti læknadeildar, stjórnar athöfninni sem fer fram í Öskju og hefst kl. 14.00.

■ Fyrirlestur

Áhrif væntinga á launamun kynjanna

Tryggvi R. Jónsson, Albert Arnarson og Haukur Freyr Gylfason halda erindi á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum fimmtudaginn 17. janúar kl. 12.00 í sal 4, Háskólalábi. Í erindinu munu þeir kynna rannsókn sína um launamun kynjanna.

Meðal þess sem var kannað í rannsókninni er þáttur launavæntingar umsækjanda fyrir ákveðið starf. Með því að skoða væntingar til launa er talið að það verði til aukinn skilningur á óútskýrðum launamun kynjanna á íslenskum vinnumarkaði.



■ Málstofa

Líkamsvirgni eldra fólks



Sólveig Ása Árnadóttir, sjúkráþjálfi og lektor við Háskólann á Akureyri, mun í dag halda erindi um líkamsvirgni eldra fólks í dreifbýli og þéttbýli. Málstofan verður haldin í stofu L201 á Sólborg klukkan 12.10-12.55.

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar sem gerð var árið 2004 á líkamsvirgni eldra fólks á Norðurlandi. Þar var horft til hreyfingar og líkamlegrar virkni í tómstundum,

við heimilisstörf og vinnu utan heimilis. Áhersla var lögð á að skoða hvernig líkamsvirgni tengdist kyni, aldri og búsetu í dreifbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar.

Málstofan verður send út í beinni útsendingu á slóðinni http://ikarus.unak.is/ha_malstofa.

■ Aðalfundur

Góðvinir Háskólans á Akureyri funda

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri verður haldinn þriðjudaginn 22. janúar klukkan 12.00 og stendur í um það bil klukkustund. Fundurinn verður haldinn í stofu L103 á Sólborg. Boðið verður upp á létt hádegishressingu.

Á dagskrá verður meðal annars skýrsla stjórnar og reikningar kynntir, kosið verður í stjórn og í fulltrúaráð. Þá mun Ágúst Árnason kynna meistaránám í heimskautarétti sem hefst við háskólann í haust. Þátttaka á fundinum, skráning nýrra félaga og framboð til stjórnar skulu berast á netfangið jonaj@unak.is fyrir aðalfundinn.



NEMANDINN: BERGLIND GUÐRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR MANNAUÐSRÁÐGJAFI

Íslenska fyrir útlendinga er stóra málið

„Starfsmenn af erlendum uppruna hjá Reykjavíkurborg“ er titill MA-ritgerðar sem Berglind Guðrún Bergþórsdóttir skrifaði í mannauðsstjórnun í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, á vordögum 2007. Hún starfar nú sem mannauðsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg.

„Í stuttu máli var ég að reyna að kortleggja það hversu margir erlendir starfsmenn vinna hjá borginni, hvaðan þeir koma, hvaða störfum þeir sinna, hvaða menntunarbakgrunn þeir hafa og svo spurði ég einnig um íslenskukunnáttu þeirra,“ segir Berglind. „Það kom meðal annars í ljós að 15 prósent þeirra sem hafa lokið háskólamenntun unnu störf þar sem menntun er ekki krafist. Ég get ekki sagt að þetta hafi komið mér á óvart en það er þá



alla vega gott að vita nákvæmlega hvert hlutfallið er.

Almennt voru starfsmennirnir nokkuð ánægðir en við getum þó alltaf gert betur og það má nýta rannsóknina í þeim tilgangi. Við höfum til dæmis útbúið leiðbeiningar á nokkrum tungumálum þar sem starfsmönnum eru kynnt réttindi sín og skyldur. Þessi bæklingur er nú tilbúinn og kemst vonandi fljótlega í hendur þeirra sem á þurfa að halda.“

Það geta þó ekki allir fengið hann á sínu móðurmáli en hjá borginni starfa 470 erlendir starfsmenn sem tala 51 tungumál. „Við tökum málefni erlendra starfsmanna mjög alvarlega hjá Reykjavíkurborg og nú höfum við gert íslenskukennslu fyrir þá að einu af okkar stóru málum,“ segir Berglind.

Öryggi, ógnir og samfélag

Nú á vormisseri býður stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands upp á opið námskeið um öryggismál þar sem aðrar hlíðar þeirra en hernaðarlegar eru í brennidepli. Kennari er Alyson Bailes, gestakennari við HÍ og fyrirverandi forstöðumaður sænsku friðar-rannsóknastofnunarinnar SIPRI.

„Hugmyndin var sú að bæta einhverju nýju við á sviði öryggismála í meistaranáminu í alþjóðasam- skiptum,“ segir Bailes í samtali við Fréttablaðið. Námskeiðið fer fram á ensku og ber yfirskriftina „Non-state actors and non-military security“.

„Hlutverk mitt yrði að fjalla um þær hlíðar öryggismála sem ekki hafa með hernað eða átök milli ríkja að gera, heldur annars konar ógnir við öryggi samfélagsins og við okkar daglega líf, svo sem ásetningsverk manna sem geta skaðað okkur með öðrum hætti. Slíkir ógnvaldar geta líka verið náttúruhamfarir, farsóttir, langtímaáhrif loftslags- breytinga, og ekki má gleyma að vegna þess hve háð við erum innviðum á borð við hita-, vatns- og rafveitur þá varðar það mjög öryggi okkar ef slík kerfi bila eða verða af einhverjum orsökum óstarfhæf. Orku- og innviðaoöryggi er því augljós- lega hluti af þessu,“ segir Bailes.

Svörin við þessum vandamönnum liggja því ekki bara í höndum fulltrúa stjórnvalda og alþjóðastofna. Mikilvægt sé að stjórnvöld og alþjóðastofnanir setji rétt lög og reglur sem sjá til þess að þessum málum sé stjórnað með skynsamlegum hætti um allan heim; „en þegar allt kemur til alls er það sem bæði viðheldur öryggi okkar – eða ógnar því – í daglegu lífi eru gerðir einstaklinga á sínum vinnustöðum eða utan þeirra,“ bendir Bailes á.

Hún segir að aðstandendur námskeiðsins hafi því hugsað sem svo: Hví ekki að opna hverjum sem er aðgang? Það kunnir þú að vera að Íslendingar lumi á góðum lausnum við sumum þessara vandamála, og með því að fá sem fjölbreyttastan hóp fólks til að sækja námskeiðið gætu umræðurnar orðið meira gefandi. Bailes segist vonast til að meðal þeirra sem mæti verði embættismenn úr stjórnkerfinu, svo sem utanríkisráðuneytinu, fólk úr atvinnu- lífinu, frá fjölmiðlum og frá frjálsum félagasam- tókum.

Spurð hvort hún óttist þá ekki að of margir mæti svara Bailes að við því hafi verið séð með því að bóka nokkuð stóran sal fyrir námskeiðið – sal 202 í Odda – en ef þess skyldi gerast þörf væri kostur á



ALYSON BAILES Mun fjalla um þær hlíðar öryggismála ríkja, sem hafa ekki með hernað eða átök milli ríkja að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

að færa námskeiðið í enn stærri sal. Hið nýja húsnæði á Háskólatorgi geri það kleift.

Bailes tekur fram að þarfir skráðra nemenda námskeiðsins séu að sjálfsögðu í fyrirrumi, síðustu 20 mínúturnar af hverjum tíma taki hún því í lokaða samræðu við þá. Hinn opni hluti hvers tíma, sem verður á hverjum miðvikudegi frá kl. 13.20 til 15.00, verði að jafnaði fyrstu 60-80 mínúturnar eða svo. Á heimasíðu námskeiðsins – www.hi.is/page/ams_nms – er að finna ítarlega námskeiðslýsingu, lesefni tengt efni hvers fyrirlestrar og fleiri gagnlegar upplýsingar fyrir áhugasama.

audunn@frettabladid.is

Samfok með opinn fund um frumvarp menntamálaráðherra í Langholtsskóla:

Skólaráð í stað foreldraráðs

SAMFOK verður með opinn fund með foreldrum grunnskólubarna í Reykjavík um frumvarp til laga um grunnskóla í Langholtsskóla við Holtaveg annað kvöld milli átta og tíu. Guðni Ólgeirsson, starfsmaður menntamálaráðuneytisins, kemur á fundinn og greinir frá helstu breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í tilkynningu frá SAMFOK kemur fram að menntamálaráðherra hafi lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um grunnskóla. Í frumvarpinu séu lagðar til ýmsar breytingar, til dæmis að foreldraráð verði lögð niður en í stað þeirra komi skólaráð sem sé samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalund.

„Skólaráð skal skipað sjö einstaklingum til tveggja ára í senn, þar af eru aðeins tveir foreldrar og engir fulltrúar nemenda,“ segir í tilkynningu frá SAMFOK. „Lög um grunnskóla er ramminn um skólalund á Íslandi. SAMFOK telur mikilvægt að foreldrar grunnskólubarna í Reykjavík fræðist um fyrirhugaðar breytingar á lögunum og myndi sér skoðun á þeim. Í því skyni mun SAMFOK halda opinn fund með foreldrum grunnskólubarna í Reykjavík um frumvarpið.“

Hægt er að kynna sér frumvarpsdrögin á www.nymenntastefna.is/log-um-grunnskola/grunnskola-frumvarp/ og greinargerð má kynna sér á www.nymenntastefna.is/log-um-grunnskola/greinargerd/.

- ghs



LANGHOLTSSKÓLI Samfok stendur fyrir umræðum um frumvarp til laga um grunnskóla Langholtsskóla annað kvöld klukkan átta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NIELSSON

HORFÐU Á HEIMSINS BESTA HANDBOLTA

Í SHARP® SJÓNVARPI



Handball
EURO
2008
17-27 January

Handboltaverð – meðan á keppninni stendur!



32" LCD SHARP sjónvarp
SHARP LC32WD1E

Handboltaverð kr. 119.900,-

42" LCD SHARP sjónvarp
SHARP LC42WD1E

Handboltaverð kr. 184.900,-

- HD Ready: 1366x768 punkta upplausn • Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa • Svartími: 6ms • Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort • Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur • TruD myndvinnsla: eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar • Tengingar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

SHARP®

- Frumkvöðull LCD-sjónvarpstækninnar.
- Einn stærsti sjónvarpsframleiðandi í heimi.

GERÐU GÓÐ KAUP – OG VELDU VANDAÐ!

ORMSSON

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
5.453 +0,03%Fjöldi viðskipta: 693
Velta: 5.406 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ BAKKAVÖR +2,56%
↑ ICELANDAIR +1,87%
↑ EXISTA +0,69%

MESTA LÆKKUN

↓ ATLANTIC PET. -9,74%
↓ ATLANTIC AIR. -5,25%
↓ ICELANDIC GR. -4,87%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,06 -0,11% ... Bakkavör 52,00 +2,56% ... Eimskipafélagið 31,55 +0,00% ... Exista 14,70 +0,69% ... FL Group 10,50 -0,47% ... Glitnir 20,10 +0,50% ... Icelandair 27,25 +1,87% ... Kaupþing 736,00 -0,14% ... Landsbankinn 31,60 -0,47% ... Marel 100,00 -0,99% ... SPRON 7,59 -1,56% ... Straumur-Burðarás 13,26 +0,08% ... Össur 94,50 -0,42% ... Teymi 5,78 +0,35%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Fundað með smásölum í Ameríku

Á árvissri ráðstefnu bandaríska fjárfestingarbankans Financo um smásölumál í New York á mánudag var meðal frummælenda Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs. Jón Ásgeir deildi þar með stjórnendum um 250 smásölufrirtækja hvaðanæva úr Bandaríkjunum reynslu sinni af því að flytja vörumerki yfir landamæri og inn á nýja markaði, auk þess að kynna Baug. Ráðstefnan var haldin undir þemanu: „Building a Brand Experience“. Aðrir frummælendur voru meðal annars Jim Gold, forstjóri Bergdorf Goodman, Robert Hanson, forstjóri Levi Strauss í Norður-Ameríku og Mike Ullman, forstjóri og stjórnarformaður JC Penney.



Óskarsverðlaunateiti tiskubransans

Viðburðurinn er nokkurs metinn. Tímaritið Women's Wear Daily kallaði í fyrra ráðstefnuna „heitasta viðburð ársins fyrir kaupmanninn“ og New York Post sagði hana „tískuviðburð ársins – án þessa að horft sé á fataburð“. Tíme kallaði ráðstefnuna „Óskarsverðlaunateiti fyrir tiskubransann“. Í umfjöllun New York Post um ráðstefnuna á mánudag var haft orð á að Jón Ásgeir og Steven Sadove, forstjóri munaðarvöruslanakeðjunnar Saks, hefðu sést stínga saman nefjum á hliðarlínunum ráðstefnunnar. Jón Ásgeir er sagður hafa augastað á keðjunni og sagði að verð hlutabréfa Saks væri „aðlaðandi“ um þessar mundir.



MARKAÐSPUNKTAR

Verðbólga jókst talvert í Bandaríkjunum í fyrra samanborið við 2006. Hún mældist 4,1 prósent en var 2,5 prósent í hittifyrri og hefur ekki hækkað jafn snarlega á milli ára síðan árið 1990.

Greiningadeild Glitnis gerir ráð fyrir að síðar á þessu ári sjáist merki um slaka á vinnumarkaði. Töluverður fjöldi erlendra starfsmanna hafi þegar horft frá Austurlandi eða sé á förum þar sem framkvæmdum vegna stóriðjuuppbyggingar þar er í þann mund að ljúka.

Sigríður Hrólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og fjárfestinga hjá Tryggingamiðstöðinni, hefur sagt starfi sínu hjá félaginu lausu. Hún lætur af störfum um mánaðamótin janúar/febrúar næstkomandi þegar ársuppgjör félagsins liggur fyrir.

Evruneftnd viðskiptaráðherra tekin til starfa

Nefnd viðskiptaráðherra sem fara á yfir lagaumhverfi hér vegna evruskráningar hlutabréfa er tekin til starfa og hefur fundað einu sinni í liðinni viku.

Jón Sigurðsson, hagfræðingur og fyrrum ráðherra, seðlabankastjóri og aðalbankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, sem fer fyrir nefndinni, segir að í henni verði markvisst umnið, enda eiga hún að ljúka störfum fyrir fyrsta mars næstkomandi. „Við stefnum að sem einfaldastri og skjótastrí niðurstöðu,“ segir hann og áreftar að viðfangsefni nefndarinnar sé ekki hvort leiðin skuli farin, heldur einungis að finna út úr því hvaða breytinga sé þörf til að hún sé fær og tryggja um leið öryggi greiðslukerfisins.

Auk Jóns eiga sæti í nefndinni Guðmundur Kr. Tómasson, staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans og formaður samráðsnefndar um samskipti verðbréfamíðstöðva,



JÓN SIGURÐSSON Jón, sem er fyrrum ráðherra, seðlabankastjóri og alað-bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, segir evrunefndina ætla að vinna hratt og vel.

Sigríður Logadóttir, aðalögfræðingur Seðlabankans, Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Helgi Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi fyrir hönd Samtaka fjármálafrirtækja, Björg Finnogadóttir, lögfræðingur hjá viðskiptaráðuneytinu, og Einar Sigurjónsson, forstjóri OMX Verðbréfaskráningar Íslands. - ók

Sameiningar og yfirtökur í pípunum

Árið 2008 verður ár yfirtakna, hagræðingar og sameininga hjá fjármálafrirtækjum, að sögn Ingólfs Benders, forstöðumanns greiningardeildar Glitnis. Hann var meðal frummælenda á fundi um horfur á fjármálamarkaði hér sem haldinn var í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Ingólfur gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum hjá stóru bönkunum, heldur breytingum hjá smærri verðbréfafrirtækjum sem hér hafa sprottið upp á undanförunum árum. „Þar er búið að ráða inn dýrt vinnuafli og augljóst að einhver þarf að fara í gegnum hagræðingarferli,“ segir hann og telur



INGÓLFUR BENDER

jafnframt ljóst að Straumur og SPRON séu einnig hugsanlegir kandidatar varðandi slíkar breytingar. Hann segist ekki reikna með erlendum yfirtökum íslenskra fjármálafrirtækja eins og sakir standa. „En þegar litið er fram á veginn getur það jafnvel talist mjög líklegt þegar einhverjir bankanna hér hafa litið góða starfsemi í lengri tíma.“ - ók

Fjárfestar fóru á taugum

Afskriftir og slæm uppgjör fjármálafrirtækja í Bandaríkjunum hafa leitt til lækkunar á hlutabréfamörkuðum víða um heim í vikunni. Bandarískir fjárfestar óttast yfirvofandi samdráttarskeið og losuðu um eignir.

Gengi hlutabréfa lækkaði almennt á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær, annan daginn í röð eftir dýfu á þriðjudag. Fjárfestar telja nú meiri líkur en minni á því að samdráttur ríði yfir Bandaríkin í forni minni einkaneyslu og muni það hafa áhrif á helstu viðskiptalöndin í Evrópu og Asíu. Af einstökum löndum féll Úrvalsvísitalan um 0,92 prósent á þriðjudag en var næsta óbreytt í gær.

Taktur lækkunarinnar var sem fyrr sleginn í Bandaríkjunum á þriðjudag þegar Citigroup, einn stærsti banki landsins, skilaði inn langþráðu en slæmu uppgjöri. Bankinn tapaði 9,83 milljörðum dala, jafnvirði 631 milljarðs íslenskra króna, á síðasta fjórðungi, sem er mesta tap í sögu þessa tæplega tvö hundruð ára banka, og helmingi meira en reiknað var með, að sögn Bloomberg.

Þá jafngildir tapið 1,99 dölum á hlut samanborið við 1,03 dala hagnað á sama tíma í hitteðfyrra.

Langstærsta tapið er tilkomið vegna afskrifta á útlánasafni bankans í skugga vanskila og taps á undirmálslánunum upp á 18,1 milljarð dala.

Hagnaður yfir árið en tap á fjórðungnum

Flugrekstrarsamstæðan AMR, móðurfélag American Airlines, stærsta flugfélags Bandaríkjanna, tapaði 69 milljörðum dala, jafnvirði 4,5 milljarða króna, á fjórða ársfjórðungi nýliðins árs.

Stjórnendur AMR segja hátt eldsneytisverð og truflun á flugi vegna veðurs vestanhafs helstu



Þetta myndir frá Tókyó í Japan var söl þar í landi samtímis því sem þungt var yfir á hlutabréfamarkaði.

PRÓUN MARKAÐA Í GÆR

Vísitala	Land	Breyting
Dow Jones*	Bandaríkin	+0,35%
Nasdaq*	Bandaríkin	-0,68%
Nikkei	Japan	-3,35%
FTSE	Bretland	-1,37%
Dax	Þýskaland	-1,27%
C-20	Danmörk	-2,10%
OMXH25	Finnland	-1,84%
OMXS30	Svíþjóð	-0,67%
ICEX15	Ísland	+0,03%

* Um miðjan dag í gær

Bankinn hefur líkt og fleiri bankar í Bandaríkjunum gripið til aðgerða til að bæta eiginfjárstöðuna, svo sem með lækkun á arðgreiðslum, innspýtingu frá fjárfestum auk uppsagna.

Taprekstur bankans smitaði samstundis út frá sér á hlutabréfamarkað beggja vegna Atlantsála þegar fjárfestar seldu mikið magn hlutabréfa af ötta við að lækkanahrinan myndi halda áfram.

Stemningin á hlutabréfamarkaði batnaði lítillega í gær þótt uppgjör fleiri frirtækja, svo sem JP Morgan & Chase, Intel og AMR hafi þótt í daprari lagi. Ljóst þykir að uppgjör banka og fjármálafrirtækja vestanhafs verða slæm líkt og í tilviki Citigroup. Fjárfestar binda engu að síður vonir við að skýrari mynd fái af afleiðingum undirmálslánakreppunnar í Bandaríkjunum að lokinni uppgjörshrinunni og geti það bætt tiltrú fjárfesta á hlutabréfamarkað að nýju.

jonab@frettabladid.is

Áberandi glæsilegur!

7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi sem tekið er eftir...

- ✓ MEIRI KRAFTUR
- ✓ MEIRA RÝMI
- ✓ MEIRI BÚNAÐUR
- ✓ Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ✓ ARP - Veltivörn
- ✓ ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- ✓ TOD - Sjálfvirk drifstýring
- ✓ Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- ✓ Bakkskynjari
- ✓ DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- ✓ 18" Álfelgur
- ✓ Tölvustýrð spólvörn
- ✓ Aksturstölv
- ✓ LRS - Heldur hæð við hleðslu
- ✓ Og margt fleira....

CHEVROLET GÆÐI - FRÁBÆRT VERÐ

Akureyri
Bilasalan 05
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bilasala Vesturlands
Höfðaholti 4
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bilasala Austurlands
Fagradsbraut 21-23
Sími 471 3005


Reykjanesbær
Bilahornid hjá Sissa
Brekkestig 38
Sími 420 3300

Reykjavík
Bilabúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

Benni
www.benni.is

CAPTIVA Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Billinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikill túrbó dísilvél í sjálfskiptum glæsijeppanum eyðir aðeins 8,7 ltr. á hundrad km í blönduðum akstri og þú getur valið um 5 eða 7 manna bíll... Láttu sjá þig - þin bíður einstök upplifun og heitt kaffi á könnunni.

VERÐ AÐEINS
3.892.000,-
7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi



Kólnun á fasteignamarkaði hafin

Velta síðustu fjögurra vikna er tuttugu prósentum minni en á sama tíma í fyrra. Sérfræðingar spá lækkun raunverðs á árinu.

„Að okkar mati er kólnunin á fasteignamarkaði hafin og við sjáum fyrir okkur að enn frekar dragi úr veltu á næstu mánuðum,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild Kaupþings.

Velta á fasteignamarkaði síðustu tvær vikur ársins 2007 og fyrstu tvær vikur hins nýja árs nam samanlagt rétt rúmum 3,1 milljarði og dróst saman um tuttugu prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra, þegar veltan nam 3,8 milljörðum. Veltan er jafnframt nú prósentum minni en fyrir tveimur árum.

Ásdís segir ástæðuna fyrir minnkandi veltu fyrst og fremst vera erfiðara aðgengi að lánsfé. Vextir hafi verið að hækka auk þess sem bankarnir haldi frekar að sér höndum við útlán. Hún segir greiningardeild Kaupþings sjá fram á smávægilega hækkun nafnverðs á árinu. Hins vegar megi búast við um 1,5 prósentu verðlækkun að raunvirði, sé miðað við verðbólgu kringum fjögur prósent.

„Við sjáum fyrir okkur áframhaldandi kulda og að markaðurinn fari ekki að glæðast á ný fyrr en í lok árs og upphafi þess næsta.“

Bjarni Þór Óskarsson, einn eigenda fasteignasöluinnar Domus, segist ekki hafa fengið tölur í hendur fyrir janúar en tekur fram að vel hafi gengið í desember og að menn hafi ekki orðið þess varir sérstaklega að tekið hefði að hægjast um. „Menn hér eru bjart-sýnir í upphafi árs.“



ÚR HLÍÐUNUM Kólnun er hafin á fasteignamarkaði að mati sérfræðinga. Minnkandi eftirspurnar verður vanalega fyrst vart í úthverfunum, en síðar í miðborgum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON
Björgólfur vill ræða breytingar á samþykktum Elisa í ró og næði. Hann hefur aukið hlut sinn í félaginu.

Novator bætir við sig í Elisa

Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur aukið hlut sinn í finnska fjarskiptafélaginu Elisa.

Novator á nú 14,88 prósentu hlut í Elisa. Samkvæmt tilkynningu til kauphallarinnar í Finnlandi á Novator 15,45 prósentu hlut í Elisa, með framvirkum samningum til 15. febrúar. Novator hefur þá atkvæðisrétt í samræmi við þennan hlut á hluthafafundi sem haldinn verður 21. þessa mánaðar.

Hluturinn minnkar aftur 3. mars, samkvæmt öðrum framvirkum samningi, og á Novator þá 13,71 prósent.

Novator hefur lýst því yfir að á hluthafafundi sem haldinn verður verði lagt til að ný stjórn verði kjörin, en breytingum á samþykktum frestað. Eignlegur aðalfundur Elisa verður haldinn eftir miðjan mars.

- ikh



PÉTUR BLÖNDAL Pétur, sem er formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segist hafa vakið athygli á óvissu við fjárlagagerð þingsins.

Fjármagnstekjur veikur hlekkur

„Ég hef vakið á því athygli við umræður á Alþingi að óvissa væri í fjárlagagerðinni. Það er matið á fjármagnstekjuskattinum og tekjum fyrirtækja,“ segir Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis.

Frá því hefur verið greint að forsendur fjárlaga kynnu að vera brostnar, þar sem mikil lækkun hefði orðið á verði hlutabréfa. Fjárlaganefnd kemur saman í vikunni, ásamt efnahags- og skattanefnd, til að ræða þetta mál og áhrif þess á tekjur ríkissjóðs. Í fjárlögum 2008 er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur skili 35 milljörðum króna í ríkissjóð og fyrirtækjaskatturinn 45,5 milljörðum.

Pétur segir að fjárlög séu alltaf áttun. „Það sá enginn verðfallið fyrir þegar fjárlög voru samþykkt.“ Hann bætir því við að allir séu að átta sig á því að hlutabréfa-verðið sveiflist. „Tekjur ríkisins eru því sveiflukennar.“

- ikh



HORFT FRAM VEGINN

OPINN FUNDUR UM VEGA- OG BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 18. JANÚAR

Glitnir Fjármögnun, í samvinnu við Viðskiptablaðið, heldur opinn fund um vega- og byggingaframkvæmdir á árinu 2008. Fundurinn verður föstudaginn 18. janúar í Sunnusal á Hótel Sögu kl. 8.30. Fundurinn er öllum opinn en sætafjöldi er takmarkaður. Boðið verður upp á alvöru „trukkamorgunverð“ eða egg og bacon og allt tilheyrandi fyrir fundinn. Vinsamlega skráðu þátttöku þína í dag á www.gf.is eða í þjónustuveri Glitnis í síma 440 4000.

Við vonum að þú sjáir þér fært að mæta og hlökkum til að sjá þig. Glitnir Fjármögnun og Viðskiptablaðið.

Dagskrá 8.30
Húsið opnað - trukkamorgunverður



Opnun fundar
Ari Danielsson, framkvæmdastjóri Glitnis Fjármögnunar



Efnahagshorfur: bein braut eða krákustígar?
Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Greiningardeild Glitnis.



Hindranir og tækifæri á fasteignamörkuðum
Magnús Árni Skúlason, framkvæmdastjóri Reykjavík Economics ehf.



Framkvæmdir í vegagerð
Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður hjá Vegagerðinni. Fjallar um áætlanir vegagerðinnar fyrir árið 2008.

Spurningar og svör

10.00
Fundu slitið

Ráðgjafar Glitnis Fjármögnunar veita persónulega ráðgjöf í anddyri.

Viðskiptablaðið

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

Stóraukin íslensk varnarumsvif:

Tímamótalöggjöf

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til varnarmálagagna markar um margt tímamót. Um er að ræða fyrstu heildstæðu löggjöfina um stjórnábyrgð varnarmála. Hún felur einnig í sér að Íslendingar axla í fyrsta skipti ábyrgð á eigin hernaðarlegri starfsemi.

Jafnframt geymir frumvarpið lagalega umgjörð um þau stóru auknu íslensku umsvif á varnarmálasviðinu sem ákveðin hafa verið eftir að fastri viðveru bandaríska varnarliðsins lauk. Utanríkisráðuneytið verður nú með formlegum hætti varnarmálaráðuneyti. Það er rökrétt og eðlileg skipan í litlu stjórnkerfi og miðað við eðli og umfang viðfangsefnisins.

Þá er það skynsamleg skipun mála að koma á fót sérstakri varnarmálastofnun. Rekstri íslenska loftvarnakerfisins, undirbúningi hervarnaefinga og samskiptum við hernaðarstofnanir bandalagsþjóðanna og öðrum skyldum verkefnum er betur fyrir komið í sérstakri varnarmálastofnun en ráðuneyti. Með þessu móti svipar stjórnábyrgðunni aukheldur betur en ella til þess sem er hjá bandalagsþjóðunum sem hafa eigin her.

Í reynd er Alþingi þegar búið að taka ákvarðanir um þau auknu varnarumsvif sem frumvarpið kveður á um. Það var gert með afgreiðslu fjárlaga. Réttara hefði þó verið að snúa ákvörðunarferlinu við og ræða og ákveða stefnumótunina í varnarmálum á löggjafarsamkomunni áður en fjárheimildirnar voru samþykktar.

Að réttu lagi á efnisumræða um svo viðamikla stefnumótun ekki að fara fram eftir á. Að vísu var fyrri ríkisstjórn í þeirri kröppu aðstöðu að þurfa að taka ákvarðanir hratt og skjótt um hvernig brottför varnarliðsins yrði mætt. Allt sýnist það hafa verið vel og skynsamlega ráðið.

Í athugasemdum með frumvarpinu er ekki að finna sérstaka röksemdafærslu fyrir þörfinni á auknum íslenskum varnarumsvifum í kjölfar þess að fastri viðveru bandaríska varnarliðsins lauk. Spyrja má: Fól sú breyting ef til vill í sér að umsvif á þessu sviði væru óþörf? Á móti má spyrja: Er ekki eðlilegt að Ísland leggi eitthvað af mörkum til eigin varna og samstarfsins innan Atlantshafsbandalagsins og sýni ákveðinn viðbúnað?

Við höfum bæði efnahagslega og þekkingarlega burði til þess að takast á við verkefni eins og þessi. Við getum ekki ætlað öðrum að bera allan kostnað af eigin vörnum. Athugasemdum með frumvarpinu hefði að ósekju mátt fylgja rækilegri reifun á rökum fyrir þessari nýju stefnumótun. Þó að þau liggja að einhverju leyti í augum uppi þarf að ræða þau. Væntanlega mun það hættumat sem nú er unnið að verða framlag til þeirrar umræðu þegar þar að kemur.

Ýmsum spurningum má velta upp í tengslum við þessa lagasetningu. Ein er sú hvort rétt væri að friðargæslan félli undir varnarmálastofnun. Önnur lýtur að því hvort ekki væri rétt að fella inn í varnarmálagagna ákvæði sem mæli fyrir um hver taki ákvarðanir og með hvaða hætti ef grípa þarf til aðgerða eða viðbragða á grundvelli varnarsamningsins og eftir atvikum samkvæmt upplýsingum íslenska loftvarnakerfisins.

Þó að Íslendingar beri ekki sjálfir vopn rekum við nú hernaðarlega starfsemi á eigin vegum og höfum áfram samning um hervarnir við öflugasta her veraldar. Úrlausnarefnið er að vísu ekki brýnt. En ljóst er að íslensk stjórnvöld geta þurft að taka ákvarðanir um beitingu hervalds. Þá ákvörðun tekur enginn fyrir okkur. Tómarúm í löggjöf um slíkan ákvarðanaferil hefur verið ágalli. Úr því má nú bæta.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósunum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að ljúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins



Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Einhvers konar lögregluríki

„Við fáum ekki lengur að heyra að allir séu jafnir fyrir lögunum heldur að sumir þurfi ekki að fara eftir vitlausum lögum. [...] Það er ljóst að til eru raddir innan stjórnkerfisins sem hafa viljað aukna ráðstjórn og einhvers konar lögregluríki með tilheyrandi skerðingu á mannréttindum borgaranna. [...] Nú virðast þessi sjónarmið hafa fengið að vaða stjórnlaust uppi í dómsmálaráðuneytinu ...“ Nei, þetta er ekki tekið úr ræðu Steingríms J. Sigfússonar. Þetta reit Andri Óttarsson á Deigluna fyrir tæpum fjórum árum eftir að Björn Bjarnason skipaði Ólaf Bórk Þorvaldsson hæstaréttardómara.

Samviska flokksins ...

Deiglan var sögð hinn hófsami og kreddulausi armur ungliðahreyfingar Sjálfstæðisflokksins – Geirsarmurinn svokallaði. Deigluþennar voru enda óhræddir við að gagnrýna flokkinn duglega ef svo bar undir. Og vörðu hann auðvitað þótti þeim ómaklega að honum vegið. Fremstir í flokki ásamt Andra voru þeir Borgar Þór Einarsson og Þórlindur Kjartansson, sem nú er formaður SUS – samvisku Sjálfstæðisflokksins, eins og ungliðahreyfingin kallar sig á tyllidögum.



... til friðs

Það vekur því óneitanlega athygli að á Deiglu hafi verið ekki vikið einu orði að umdeildri dómarskipan Árna Mathiesen. Það eina sem formaður SUS hefur sagt um málið er að það sé eðlilegt að fjallað sé gagnrýni um embættisskipanir ráðherra. Sjálfur þekki hann ekki til allra umsækjenda og treysti ákvörðun ráðherra. Annars ekki múkk. Það er af sem áður var þegar Deigluþennar hikuðu ekki við að hjóla í ráðamann eigin flokks ef eitthvað orkaði tívímælis. Í millitíðinni er Geir reyndar orðinn formaður Sjálfstæðisflokksins og Andri Óttarsson framkvæmdastjóri.

bergsteinn@frettabladid.is

Áfellingisdómur að utan

Lögum og rétti er ætlað að lvernda réttláta gegn ranglátum. Höfuðmarkmið réttarríkis er að halda uppi röð og reglu, verja rétt gegn röngu, lítilmagnann gegn stórlöxunum. Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna heitir réttlætismálaráðuneyti. Það er víðeigandi nafngift í óskoruðu réttarríki, þar sem allir eru jafnir fyrir lögum. En lög og réttur snúast ekki eingöngu um réttlæti, heldur einnig um hagsmuni, því að menn getur greint á um réttlæti. Þessar átakalínur eru skýrar í lifandi réttarríkjum eins og Bandaríkjunum, en þær eru sljórri á Íslandi, þar sem löggjöfin, túlkun laga af hálfu dómstóla, gengnir dómur og lagafrákvæmd hafa löngum borið sterkan keim af ríkjandi stjórnmalahagsmunum, svo sem marka má til dæmis af skipan dómara fyrr og síðar. Margir lögráðgjafar gera sér grein fyrir vandanum. Lögmánafélagið vill herða á hæfniskröfum til dómara til að girða fyrir geðþóttafullar mannráðningar í dómkerfinu. Í nálægum löndum eru gerðar strangar hæfniskröfur til dómara. Nýju dómstólalög frá 1998 ganga ekki nógu langt í þessa átt. Eins og sakir standa virðast meiri kröfur gerðar til héraðsdómara en hæstaréttardómara, þó með einni nýrri og nánast átakanlegri undantekningu.



ÞORVALDUR GYLFASON Í DAG | Mannréttindabrot

kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Formenn beggja þáverandi ríkisstjórnarflokka brugðust ókvæða við dómnum. Þegar 105 af 150 prófessorum í Háskóla Íslands þótti rétt að senda frá sér sameiginlega yfirlýsingu til varnar Hæstarétti, treysti enginn lagaprófessor sér til að skrifa undir. Einn þeirra sendi mér bréflaga lýsingu til refsingunum, sem hann taldi sig mundu kalla yfir sig og fjölskyldu sína, ef hann fylgdi sannfæringu sinni.

Hæstiréttur snýr við blaðinu 2000

Skömmu síðar komu fiskveiðistjórnarlögin aftur til kasta Hæstaréttar. Þá snerist málið um menn, sem höfðu túlkað fyrri dóminn svo, að þeim hlyti að vera heimilt að róa án kvóta. Fimm dómara af sjö sáu nú enga mismunum fölgna í fiskveiðistjórnarlögum. Tveir dómara af sjö staðfestu þó fyrri dóm, þar sem fiskveiðilögin voru talin leiða af sér mismunum, sem bryti gegn jafnræðisreglu 65. greinar stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsisreglu 75. greinar, en þar segir: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almanna-hagsmunir þess.“ Saman fela 65. grein og 75. grein í sér, að hvers

kyns skorður við atvinnufrelsi í almannabágu, þar á meðal skert fiskveiðiréttindi, verða að samrýmast jafnræði og mannréttindum. Kúvendur Hæstaréttar í kvótamálinu 2000 leysti Alþingi að sinni undan þeirri kvöð að breyta fiskveiðilögum til samræmis við ákvæði stjórnarskrárinnar um jafnræði og atvinnufrelsi. Sinnaskiptin voru ekki til þess fallin að efla trú fólksins í landinu á hlutleysi og sjálfstæði Hæstaréttar. Mikill hluti þjóðarinnar vantreytir dómkerfinu svo sem vonlegt er.

Úrskurður Mannréttindanefndar SP 2007

Nú hefur Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna í reyndinni ógilt síðari dóm Hæstaréttar í kvótamálinu með því að taka undir það jafnræðisjónarmið, sem við veiðigjaldsmenn höfum frá öndverðu haldið fram og Hæstiréttur staðfesti í fyrri dómi sínum 1998. Nefndin reisir úrskurð sinn á, að ókeypiss úthlutun aflakvóta til þeirra, sem stunduðu veiðar 1980-83, brjóti gegn 26. grein Mannréttindasáttmála SP, sem er samhljóða 65. grein stjórnarskrár okkar. Úthlutunarregla laganna fullnægir ekki þeirri kröfu, að allir skuli sitja við sama borð, vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til efnahags. Alþingi þarf að bregðast við úrskurði nefndarinnar innan 180 daga. Þingið hlýtur að vilja virða álit Mannréttindanefndarinnar og bæta úr skák, því að ella verður Ísland úthrópað á alþjóðavettvangi, eins og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur bent á. Útlagar viljum við ekki vera. Alþingismenn ættu allra sít að reyna að skýla sér á bak við þá skoðun, að útvegsmenn séu stungnir af með sameigin þjóðarinnar. Alþingi setti lögin, sem brjóta gegn Mannréttindasáttmála SP og einnig gegn stjórnarskránni, og Hæstiréttur dansaði með.

Hentistefna í Hafnarfirði

UMRÆÐAN

Fasteignagjöld

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði lögðu til við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2008 í desember að álagningarprósenta fasteignagjalda yrði lækkuð úr 0,27% í 0,24%. Markmiðið var að koma til móts við bæjarbúa vegna hækunar fasteignamatsum á áramótin. Tillagan fór öflug í bæjarstjórn og meirihluta Samfylkingarinnar sem felldi hana samstundis og hafði uppi mörg orð um óábyrga afstöðu sjálfstæðismanna.

Skjótt skipast veður í lofti í stjórnmalum. Um áramótin var mikil umræða um stefnu sveitarfélaga í álagningu fasteignagjalda. Við blasti hve Hafnarfjörður kom illa út úr samanburði við önnur sveitarfélög. Nágrannasveitarfélög eins og Garðabær og Seltjarnarnes höfðu tilkynnt að þau myndu lækka sín fasteignagjöld til að koma til móts við hækkað fasteignamat um áramótin. Verkalýðsforystan kallaði líka eftir lækkuð fasteignagjalda. Samfylkingin í Hafnarfirði var komin út í horn og varð að bregðast við. Þann 10. janúar bar því bæjarstjórnin upp á fundi bæjarráðs, sömu



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

„óábyrgu“ tillöguna og sjálfstæðismenn lögðu fram í bæjarstjórn í desember. Þá sömu og meirihlutinn kolfelldi.

Álagningarprósenta skyldi nú lækkuð. Það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að Samfylkingin sjái að sér en rök bæjarstjórnar um að aðstæður hafi breyst á þremur vikum halda ekki vatni. Gripið er til hentistefnunnar til að bjarga ímyndinni. Þessi sami meirihluti hækkaði í ársbyrjun leikskólagjöldin í Hafnarfirði, gjöld í tónlistarskólann, heilsdagskóla og fyrir skólamáltíðir. Eflaust er það gert svo að hægt sé að lækka þau aftur mánuði fyrir kosningar – eins og síðast.

Þess er líka skemmst að minnast þegar bæjarstjórnin og fleiri úr Samfylkingunni treystu sér ekki til að gefa upp sína skoðun á stækkun álversins í Straumsvík til að spilla ekki íbúakosningunum. Tveimur árum áður fór fram íbúakosning um sameiningu Hafnarfjarðar og Voga. Þá lá bæjarstjórnin ekki á skoðun sinni og lýsti yfir stuðningi við sameininguna. Þá hentaði að hafa skoðun.

Höfundur er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.

**DÚNDUR
TILBOÐ!**

Á MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST

**STURTU
GLER
VEGGIR
OG HURÐIR**
- beint á gólf

STURTUSKJÓL

í mörgum stærðum
30x220, 70x220, 80x220
100x220 og 110x220 sm



Öryggisglær skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

10 mm
**HERT
ÖRYGGISGLER**

HAFÐU ÞAÐ VANDAÐ OG FLOTTAST Í STURTUNNI!

**HEILIR
STURTU
KLEFAR**
**ÚR ÖRYGGISGLERI
ALLAN HRINGINN**



**HERT
ÖRYGGISGLER**

Kanntaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisglær
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisglær
allan hringinn




**HERT
ÖRYGGISGLER**

Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisglær
allan hringinn

**VELDU
ÞITT GLER
EFTIR STÆRÐ**

M32
10 mm öryggisglær



GLERENDAVEGGIR

70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm

GLERVEGGUR með hurð

60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125,
130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

kynntu þér úrvalið á

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Enn meiri áfengisneysla og hvað svo?

UMRÆÐAN

Áfengisneysla

Í Fréttablaðinu og víðar hefur nýlega verið vísað til niðurstaðna úr rannsóknum mínum á heildarneyslu áfengis og tjóni af völdum áfengis sem og rannsókna Bjarna Þjóðleifssonar og samstarfsfólks hans á skorpulífur, lífrabólgu C og áfengisneyslu. Eins og bent hefur verið á eru niðurstöður þessara rannsókna afar athyglisverðar, þar sem tilteknum og alvarlegum áfengisvandamálum hefur ekki fjölgað þrátt fyrir mikla aukningu á áfengisneys-

unni. Að gefnu tilefni er rétt að vekja athygli á því, að í ofangreindum rannsóknum er verið að fjalla um róttæk inngríp, eins og afskipti lögreglu, langtengna sjúkdóma og dánartíðni. Þótt aukning heildarneyslu áfengis leiði ekki samstundis og sjálfkrafa til sömu þróunar á öllum þeim meinsendum, sem áfengi getur haft í för með sér, er ástæða til að gera ráð fyrir marktæku sambandi á milli heildarneyslu og tjóns af völdum áfengis.



HILDIGUNNUR ÓLAFSDÓTTIR

Tilkoma bjórsins árið 1989 er aðalskýringin á því, að áfengisneysla hefur aukist hér á landi síðustu ár. Breytt neyslumunstur og breiðari aldursþópur áfengisneytenda gefa tilefni til varkárni þegar kemur að því að breyta áfengisstefnunni. Allt bendir til þess, að breytingar á áfengisstefnu í þá átt að færa sölu á áfengum drykkjum til almennra verslana muni enn auka áfengisneyslu. Nú er komin kynslóð, sem

ekki man bjórbannið og hefur alist upp á tímum vaxandi áfengisneyslu. Þessi hópur fólks neytir miklu meira áfengis en ungt fólk gerði fyrir 30-40 árum. Vaxandi áfengisneysla kvenna er nýtt fyrirbæri og ekki verður séð fyrir hvaða afleiðingar hún hefur fyrir félagsleg vandamál og heilsufar þegar til lengri tíma er litið.

Fjölmarginar rannsóknir á breyttu fyrirkomulagi áfengissölu hafa verið gerðar í Norður-Ameríku og á Norðurlöndunum. Skýrsla um afnám einkasölu áfengis og yfirlit yfir rannsóknir á breytingum á áfengissölu er nú aðgengileg í haustútgáfu vefrísins Stjórnmal

og stjórnsýsla, sem kom út í desember (<http://www.stjornmalogstjorn-sysla.is/images/stories/eg2007/hildigunnur07.pdf>). Þar kemur fram, að í kjölfar einkavæðingar á áfengissölu hefur áfengisneysla aukist nær alls staðar og einkum meðal þeirra, sem þegar drekka mikið og hafa mörg vandamál, svo og unglíng. Breytt fyrirkomulag áfengissölu veikir því öflugustu forvarnirnar sem eru takmarkað aðgengi að áfengi og há verðlagning.

Höfundur er dr. philos. í afbrotafræði og hefur starfað við áfengisrannsóknir um árabil.

Settur afglapi

UMRÆÐAN

Skipan héraðsdómara

Það er vandséð hvernig nýleg ráðning í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Austurlands getur heyrð undir annað en embættisafglöpp setts dómstálaráðherra. Aðrar einkunnir, t.d. heimskuleg, ranglát eða dæmi um lélega stjórnsýslu, geta vissulega átt við en þær ná þó ekki kjarna málsins. Það sem gerir embættisfærsluna að afglöpum frekar en t.d. heimskupörum er þetta: Meinbugir embættisfærslunnar varða ekki álitamál sem hægt er að hafa ólíkar skoðanir á heldur leiðir beint af grundvallaratriðum í stjórnskipan Íslands sem lýðræðislegs ríkis, nefnilega að ráðherra, sem er fulltrúi framkvæmdavaldsins, telur það í sínum verkahring að hafa vit fyrir dómstáldinu í málefnum sem varða grundvallaratriði þess valdsviðs.

Meinið er ekki að rökstuðningur ráðherra hafi ekki verið málefnalegur, eða að hann hafi ekki farið rétt með staðreyndir o.s.frv. Þetta kann vel að vera rétt, en athugasemdir af þessu tagi sýna ekki endilega að um embættisafglöpp sé að ræða. Svona athugasemdir, ef þær eru réttar (sem ég ætla ekki að leggja neitt mat á), gætu sýnt að embættisfærslan væri t.d. heimskuleg eða dæmi um lélega stjórnsýslu. Og þá vörn ráðherra, að hann hafi stuðst við málefnaleg rök, mætti taka sem tilraun til að bera af sér heimskuorðið. En hvað sem slíkri vörn líður, þá stendur afglaphátturinn óhaggaður.

Vitanlega þarf framkvæmdavaldið stundum að hlutast til um ýmis mál sem varða dómstáldið, rétt eins og það þarf að hlutast til um ýmislegt sem varðar löggjafarvaldið. Þrjúgreining ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómstáld og fram-



ÓLAFUR PÁLL JÓNSSON

kvæmdavald verður hins vegar að gera ráð fyrir því, að í þeim málum sem varða kjarna hvers valdsviðs fyrir sig sé hvert valdsvið sjálfráða. Val á dómurum er mál sem varðar kjarnann í starfi dómstáldsins. Hér kemur þrennt til. Í fyrsta lagi er verið að velja sjálfa handhafa dómstáldsins. Í öðru lagi er það höfuðatriði í réttlátu dómkerfi að dómara séu sem hæfastir til að gegna störfum sínum. Slíkt hæfnismat verður að byggja á forsendum dómstáldsins og þegar framkvæmdavaldið eða löggjafarvaldið kann að greina á við dómstáldið í slíkum efnum, þá verður álit dómstáldsins að vege þyngra. Í þriðja lagi er það höfuðatriði í lýðræðislegri stjórnskipan að borgararnir geti treyst því að dómstáldið sé óháð bæði framkvæmda- og löggjafarvaldinu. Þegar framkvæmdavaldið fer gegn rökstuddu álit dómstáldsins um val á dómurum, getur almenningur ekki treyst því að forsendur slíks mats séu óháðar hagsmunum framkvæmdavaldsins.

Með því að setja sig í þá stöðu að hafa vit fyrir dómstáldinu í máli sem varðar kjarna dómstáldsins hefur ráðherra ráðist gegn þrjúgreiningu ríkisvaldsins. Sú vörn ráðherra, að dómnefndarálit hafi verið gallað og að hans rök séu betri, kemur þess vegna kjarna málsins ekki við. Það er ekki í verkahring ráðherra að leggja mat á dómgreind dómstáldsins, og enn síður má hann setja sína eigin dómgreind ofar dómgreind dómstáldsins í máli sem þessu. Ráðherra, sem setur sitt „mér finnst“ ofar rökstuddu álit dómstáldsins í málefnum sem varða kjarna dómstáldsins, hefur kannski ekki brotið gegn bókstaf laganna en hann hefur brotið gegn grundvelli réttarríkisins. Það eru afglöp.

Höfundur er heimsspekingur.

Hagsmunir Suðurnesja

UMRÆÐAN

Álver í Helguvík



KRISTJÁN GUNNARSSON

Nýútkomin skýrsla Vinnuálastofnunar sýnir að enn mælist atvinnuleysi mest hér á Suðurnesjum – og fer vaxandi. Skemmst er að minnast ástandins á 10. áratugnum sem olli fólksflóttanum. Þá gaf sjávarútvegurinn eftir. Og óhjákvæmilegt er að hann gefi eftir nú í kjölfar kvóta-skerðingarinnar. Brotthvarf Varnarliðsins hefur skapað verulegan vanda og til að bæta gráu ofan á svart er því spáð að niðursveifla á fjármálamarkaði geti hæglega hert á atvinnuleysinu strax á næstu mánuðum. Þegar á heildina er litið, hlýtur atvinnuástand hér um slóðir að teljast afar viðkvæmt. Lítið má út af að bregða, t.d. varðandi samdrátt í bygginga- og mannvirkjagerð, til þess að hér skapist kringumstæður sem vert er að hafa verulegar áhyggjur af.

Afgerandi aðgerða er þörf!

Augljóst er að aðgerðir til bóta verða að vera afgerandi og raunhæfar. Samfélagið hér þarf ekki á skjáborgum að halda heldur alvöru innleggi frá framsæknum og ábyrgum fyrirtækjum, sem skapa marga konur, varanleg störf og greiða mannsæmandi laun. Fyrirtækjum, sem hafa burði til að mæta sveiflum í samfélaginu án þess að það bitni á starfsmönnum með uppsögnum eða launaskerðingu, fyrirtækjum sem pakka ekki saman og láta sig hverfa þegar í móti blæs. Eina stóra tækifærið í augsýn er að álver Norðurlands rísi sem fyrst í Helguvík. Það er sú burðarstöð sem við þurfum á að halda til að skapa nýjan stöðugleika og efla önnur framleiðslu- og þjónustufyrirtæki.

Eftir brotthvarf Varnarliðsins breytti fólk upp ermar og flestir fundu sér einhverja nýja vinnu, þó að meðaltekjur lækkuðu talsvert. Margir Suðurnesjabúar þurfa nú í kjölfarið að sækja vinnu langan veg og ferðalög eru yfirleitt á kostnað launþega, bæði tími og farartæki. Hækkun á eldsneytisverði gerir þetta enn strembnara.

Álver í Helguvík færi strax að virka inn í þennan hóp, með undirbúningi að mannvirkjagerð við virkjanir og með byggingaframsæknum við álverið sjálft. Svo taka við störfirni í álverinu sem henta t.d. vel þeim sem misstu vinnuna á Vellinum, ekki síður

tæknimenntuðu fólki en ófaglærðu. Álverið mun skapa dýrmætar tekjur fyrir fólkíð sjálft og útsvarstekjurnar skila sér svo inn í viðkomandi sveitarfélag á Suðurnesjum. Reynslan af álverinu á Grundartanga er líka í þessum dóm, þar hafa meðaltekjur hjá starfsfólki verið með því hæsta sem gerist á almennum vinnuþéttum og viðkomandi sveitarfélög hafa notið góðs með ýmsum hætti.

Eitt af því sem fylgir tilkomu öflugra, ábyrga fyrirtækja í samfélagið er ný bjartsýni. Þegar fólk með ólíka menntun og ólíkan bakgrunn kemur saman og leggst á áram með kraftmiklum heimamönnum fara hjólin að snúast hraðar. Í kjölfarið fylgja nýjar hugmyndir og nýtt áráði sem á endanum skilar sér í fjölbreyttara atvinnuframboði og betri kjörum fyrir launþega.

Tilvalin kvennastörf

Störf í áliðnaði hafa fengið þau ummæli að vera karlæga en það er einfaldlega ekki rétt. Þarna eru mjög margvísleg atvinnutækifæri fyrir konur – og því ber að fagna, enda hefur mælist tiltölulega hátt atvinnuleysi meðal kvenna hér á Suðurnesjum. Eftirtektarvert er að launamunur kynja fyrir sambærileg störf er ekki mælanlegur hjá Norðurlandi á Grundartanga. Þetta hef ég kynnt mér sjálfur og þetta er mikilvægt innlegg í kjaramál. En þegar að starfsemi álversins í Helguvík kemur, vil ég hvetja Norðurland sérstaklega til að taka tillit til kvenna í vaktafyrirkomulagi, þannig að sem flestar konur geti átt raunverulegt val um störf.

Fyrir liggur að tilkoma álvers í Helguvík verður gríðarleg lyftistöng fyrir atvinnu- og byggðamál hér syðra. Ég skora því á alla sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum að taka höndum saman og tryggja hver með sínum hætti að álver rísi sem fyrst í Helguvík. Þar gildir einu hvort sem stuðningurinn felst í að greiða götu orkuöflunar, línulagna eða með öðrum hætti. Álver í Helguvík er ekki einkamál neinna, það er hagsmunamál allra Suðurnesjabúa, hvort sem þeir búa í Vogum, Garðinum, Grindavík, Sandgerði eða Reykjanesbæ.

Höfundur er formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og formaður Starfsgrainasambandsins.

Frístundakortið 25.000 kr. fyrir árið 2008



Er barnið þitt í frístundastarfi?

Frístundakortið er styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglíng í Reykjavík. Nánari upplýsingar á www.itr.is



Hvað sagði dómnefnd árið 1983?

Sigurður Lindal lagaprófessor skrifar:

Herra Stak-Steinar spyr mig í gær hvaða „ofsátrúarhópar“ hefðu hreiðrað um sig í forystu Sjálfstæðisflokksins fyrir aldarfjórðungi og tryggt Pétri Hafstein sýslumanns-embætti á Ísafirði (og síðar dómara-stöðu í Hæstarétti) þótt formaður Dómarafélags Íslands teldi aðra hæfari. Hér er vitnað til gagnrýni Steingríms Gauts Kristjánssonar, en hann var ekki formaður Dómarafélags Íslands árið 1983. – Það fer reyndar að verða fullt starf að leiðrétta missagnir í Morgunblaðinu.

Áður en spurningunni er svarað þarf höfundur pistilsins að svara því hvort þáverandi dómstálaráðherra, Friðjón Þórðarson, hafi, áður en hann skipaði Pétur, stuðst við faglegt álit löggjafar dómnefndar um hæfni umsækjenda eða hunds- að það gersamlega. Ég sé ekki að gagnrýni Steingríms Gauts eftir að skipað hafði verið í embættið sé sambærileg við það sem nú er áskilið í lögum. Þegar skýrt og skilmerkilegt svar liggur fyrir – án útsrúninga – má halda umræðunni áfram.

EM útsala - vertu klár fyrir keppnin



24.989 kr.

Fullt verð ~~29.989~~

15"

United LTV15L42

15" LCD sjónvarp • 640x480 punkta upplausn • Digital Comb Filter • 10w Nicam Stereo • 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS, VGA tengi • Textavarp ofl.



39.989 kr.

Fullt verð ~~57.989~~

15"

Philips 15PFL4122

15" LCD sjónvarp • Upplausn: 1024x768 p • Crystal Clear III og Progressive Scan • Skerpa: 700:1 • Anti Reflection • 8w Nicam stereo • Incredible Surround • Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi (XGA) • Textavarp ofl.



24.989 kr.

Fullt verð ~~34.989~~

15"

Enox LTV7315HD

15" LCD sjónvarp • 1024x768 punkta uppl. • Progressive Scan • Skerpa: 500:1 • 12w Nicam stereo hljóðkerfi • Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og VGA tengi • Textavarp ofl.



29.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~

LCD+DVD

15"

Enox DVTV7615HD

15" LCD sjónvarp með fjölkerfa DivX DVD spilara • Upplausn: 1024x768 punktar • Progressive Scan • Skerpa: 500:1 • 12V og 220V • 12w Nicam stereo • Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp ofl.



34.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~

LCD+DVD

15"

Dantax 15LCDDVDP1

15" LCD breiðtjald með DVD • Upplausn: 1440x900 p • Progressive Scan • HD Ready • Nicam stereo • Kortalesari SD/MS/MMC • USB, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS, VGA og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.



44.989 kr.

Fullt verð ~~49.989~~

LCD+DVD

19"

Dantax 19LCDDVDP3

19" LCD breiðtjaldssjónvarp með innb. DVD • Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Nicam Stereo • Kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólst. • VGA tengi • Textavarp ofl.



69.989 kr.

Fullt verð ~~89.989~~

19"

Philips 19PFL5602D

19" LCD BREIÐTJALD • 1440x900 punkta uppl. • Crystal Clear III og Progressive Scan • HD Ready • 1.000:1 skerpa • 20w Nicam stereo með Incredible Surround • Scart (með RGB) • 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • textavarp ofl.



69.989 kr.

Fullt verð ~~89.989~~

LCD+DVD

19"

Philips 19PFL5522D

19" LCD breiðtjald • Uppl.: 1440x900 p • Digital Crystal Clear og Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 1.000:1 • Active Control og Contrast Plus • Innb. DVB-T mótt. • 20w Nicam stereo með Incredible Surround • 2 Scart (RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnart. • Textavarp ofl.



54.989 kr.

Fullt verð ~~64.989~~

20"

JVC LT20A56SU

20" LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • 2x6w stereo • Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp ofl.



49.989 kr.

Fullt verð ~~59.989~~

20"

DiBOSS LT20Q5LF

20" LCD sjónvarp • Upplausn: 640x480 p • Antireflex og Digital Comb Filter • Innbyggt FM útvarp • 6w Nicam stereo • Scart (með RGB), SVHS og CVBS • Textavarp ofl.



49.989 kr.

Fullt verð ~~59.989~~

20"

JVC LT20C70

20" LCD sjónvarp • Upplausn: 640x480 punktar • 2x6w stereo • 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp • Fjarstýring ofl.



54.989 kr.

Fullt verð ~~74.989~~

20"

Philips 20PFL5122

20" LCD sjónvarp • Upplausn: 640x480 p • Crystal Clear III og Progressive Scan • Skerpa: 800:1 • FM útvarp • 20w stereo hljóðkerfi með Incredible Surround • Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-I tengi • Textavarp ofl.



49.989 kr.

Fullt verð ~~59.989~~

22"

Mirai DTL522P201

22" LCD breiðtjaldssjónvarp • Upplausn: 1680x1050 punktar • ChroMAX - bætir liti • Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 700:1 • Nicam Stereo hljóð • 2 Scart (með RGB), HDMI og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp ofl.



84.989 kr.

Fullt verð ~~109.989~~

26"

Panasonic TX26LM70F

26" V-Real LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 p • V-Real tækni • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • VIERA Link • Backlight Control • 20w Nicam Stereo með V-Audio hljóðkerfi • Backlight Control • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.



59.989 kr.

Fullt verð ~~79.989~~

26"

Dantax 26LCDV7

26" LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive Scan • Skerpa: 1.400:1 • Nicam stereo • 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component og heyrnartólstengi ofl.



59.989 kr.

Fullt verð ~~79.989~~

27"

Mirai DTL527V200

27" LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • ChroMAX sem bætir liti • Progressive Scan • Skerpa: 4.800:1 • 10w Nicam stereo • 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp ofl.



Philips HTR5204

Heimabíó • 600w (6x115w RMS) Digital magnari • 5 hát. og bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II Decoder • Stafrænt RDS FM útvarp með 40 stöðvám. • Digital Coaxial og Optical inn. • RCA og 6 rása inng. • MP3 line in að framan ofl.

24.989 kr.

Fullt verð ~~29.989~~



Philips HTS3357

Heimabíó með fjölkerfa DivX DVD • 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari • Video Upscaling í 720p/1080i • 2 framhát. á gólf, miðja, 2 bakhát. og Bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með 40 stöðvám. • USB og Line-In að framan • SCART (með RGB) og HDMI tengi • Digital Coaxial tengi ofl.

32.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~

MAX
RAFTÆKI



TÖSKUSKIPTI

Á bókakaffihúsinu Glætunni verður töskuskiptimarkaður í dag þar sem hægt er að koma með gamla veskið og skipta því út fyrir annað.

TÍSKA 2



KÓSÍ HEIMA

Fallegir og góðir hæginda-stólar eru þarfing á heimilum, sérstaklega á þessum árstíma.

HEIMILI 5



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

**ALLTAF BESTA
VERÐIÐ**

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr

Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr

Nú **103,000** kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr

Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16



Bjarnfríður og vinkonur hennar héldu parti þar sem allar voru í kjólum af ömmum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Í sumarkjól langömmu

Skagamærin Bjarnfríður Leósdóttir hefur við nokkur tilefni klæðst kjól af langömmu sinni sem amma hennar og alnafna gróf upp í kjallaranum hjá sér.

„Kjöllinn er af langömmu minni, Málmfríði Bjarnadóttur, en amma mín, Bjarnfríður Leósdóttir, hafði geymt hann ásamt fleiri gömlum kjólum í kjallaranum hjá sér. Þetta var sumarkjöll langömmu og amma gróf hann upp fyrir mig þegar ég var á leið í myndatöku með vinkonum mínum,“ segir Bjarnfríður Leósdóttir, nemi við Kennaraháskóla Íslands.

„Í myndatökunni vorum við bæði í gömlum og nýjum fötum og sú hugmynd kviknaði að halda parti þar sem þemað yrði „amma ung“,“ bætir hún við. Fyrir partið fékk Bjarnfríður kjöllinn aftur að láni auk þess sem

amma hennar lánaði nokkrum vinkonum hennar kjóla af sér. „Ég held að við höfum allar mætt en við erum sextán í vinkvennahópnum. Þetta var mjög vel heppnað og var partið vandlega fest á filmu,“ útskýrir Bjarnfríður. Hún segist ekki ganga í kjólnum dags daglega en fannst gaman að nota hann við fyrrgreind tilefni og fékk amma hennar að sjálfsögðu mynd í ramma.

Bjarnfríður hefur alla tíð haft mikið yndi af fallegum fötum og neitar því ekki að hafa gaman af búðarápi. „Ég er opin fyrir öllum straumum, finnst gaman að blanda saman gömlu og nýju og kíkji gjarnan í búðir eins og Spútnik og Rokk og rósir.“

Bjarnfríður bjó í Madríd síðastliðið haust og fannst meðal annars mjög gaman að fara á markaði. „Þar keypti ég alls kyns fylgihluti eins og belti, klúta og sjól sem mér finnst gaman að blanda við nýrri flíkur.“

vera@rettabladid.is



VITAPLÚS VITAMÍNUS C-VÍTAMÍN KALSÍUM + D VITAPLÚS VITAMÍNUS

VITAPLÚS VITAMÍNUS C-VÍTAMÍN KALSÍUM + D VITAPLÚS VITAMÍNUS



Útsala
enn meiri afsláttur
www.vefta.is
Vefta
Tiskuföt Hólagarði
s: 557 2010

Töskuskiptimarkaður

Til að fá tilbreytingu í þreyttan fataskápinn og styðja gott málefni í leiðinni er ráð að bregða sér í dag á Bókakaffið Glætuna með gamla tösku undir hönd.

Á Bókakaffinu Glætunni í Aðalstræti 9 verður í dag hægt að koma með gömlu handtöskuna og skipta henni út fyrir aðra gamla handtösku. Einnig má mæta töskulaus og kaupa handtösku á 500 krónur. Ágóðinn af sölnunni rennur í sjóðinn Meðganga fæðing barn, sem er til styrktar ungum verðandi einstæðum mæðrum.

„Fimmtudagar eru alltaf uppákomudagar hjá okkur og þennan fimmtudaginn er veskjadagur sem við höfum hugsað okkur sem skiptimarkað,“ útskýrir Sunna Jónína Sigurðardóttir, uppákomustjóri Glætunnar, en Félag einstæðra foreldra er með aðsetur í sama húsi. „Við vildum styrkja eitthvert gott málefni og hún kom hingað í súpu einn daginn, umsjónarmaður sjóðsins, og við fórum að spjalla. Við erum komin með gott safn af töskum sem fólk getur keypt á 500 krónur,“ segir Sunna, sem sjálf er búin að gefa tvær gamlar töskur í safnið og hefur staðið í ströngu við að skipuleggja uppákomur á bókakaffinu.

„Við erum búin að hafa tvö ljóðakvöld og svo hafa komið hljómsveitir bæði með klassíska tónlist og popptónlist. Einu sinni fengum við líka 12 manna gospelhljómsveit til að koma fram,“ útskýrir Sunna og segir fleiri uppákomur vera í vændum því bókakaffið ætlar að koma sér upp einstæðu safni kaffibolla með skemmtilegum hætti. „Á laugardögum í febrúar verðum við með bolladaga en þeir virka þannig að þú getur komið með bolla sem þú átt og fengið frítt kaffi í bollann með því skilyrði að þú skiljir bollann svo eftir. Þannig ætlum við að koma okkur upp safni af bollum úr ýmsum áttum og 29. febrúar verður svo valinn fallegasti bollinn og veitt verðlaun fyrir,“ bætir hún við.

Í Glætunni verður fleira á döfni í febrúar og nefnir Sunna krakkadaga þar sem á að gera eitthvað sérstakt fyrir krakkana. „Þá verða ýmis tilboð á



Sunna, uppákomustjóri Glætunnar, stendur fyrir skiptimarkaði á handtöskum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

barnabókum og hljóðbókum fyrir börn og jafnvel lifandi tónlist. Þetta er bara til að krydda hversdagsleikann og breyta aðeins til,“ segir Sunna Jónína, uppákomustjóri Glætunnar, að lokum.

heida@frettabladid.is



**Algjört
verðhrun
60-90%
afsláttur**





Úr háborg tískunnar
BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Brasilískir bernskudraumar í musteri tískunnar

Hver hefur ekki látið sig dreyma um ljúfa daga í París, borgar ástar og rómantíkur, tísku og menningar, osta og rauðvíns? Þessar klisjur um París eru flestum kunnar og kannski að einhverju leyti raunverulegar við fyrstu sýn. Það verður þó að segjast eins og er að aldrei hef ég hitt mann með alþahúfu og bagettu undir hendinni. Ég man það sjálfur þegar ég var lítill að frönsk tunga var mér svo hugleikin og mig langaði svo mikið til að tala frönsku að ég fann upp mál með hljóðum sem áttu að líkjast þessari tungu. Þessi draumur varð svo seinna að veruleika.

Carlos Miele lét sig ungan dreng í Brasilíu dreyma um París. Hann vildi verða frægur tískuhönnuður og opna einn góðan veðurdag sitt eigið tískuhús í borg tískunnar. Nú er draumur hans orðinn að veruleika því nýlega opnaði hann tískuhús á Saint-Honoré-götu í París, aðeins nokkra metra frá Vendôme-torgi þar sem flottustu tískuhúsin selja demanta og annað skraut. Carlos Miele er þó ekki alveg nýr af nálinni í tískuheiminum og kynnti í september sl. í ellefta skiptið hönnun sína í New York þar sem hann þykir flottur og skartar viðskiptavinum eins og Evu Longoriu, Cristinu Aguilera og Naomi Campbell. Parísarbúðin er líkt og flaggskipið í New York, hönnuð af arkitektinum Hani Raschid, algjörlega gerð úr hvítu gljáandi efni með bogadregnum línunum og skúlptúrum úr glerþráðum sem mynda mátunarklefana.

Carlos Miele er þó langt frá því að vera búinn að gleyma uppruna sínum og er líklega hægt að kalla hann félagslegan tískuhönnuð þar sem hann fjármagnar barnaspítala í Brasilíu og vinnur með hundrað og fimmtíu brasilískum konum sem framleiða fyrir tískuhúsið og gefur þeim þannig tækifæri til að lifa á vinnu sinni. Hönnun Carlosar er þó mjög undir áhrifum Parísar. Hann er með mikið af kvenlegum kvöldkjólum úr dýrum efnum svo sem silkisatín, mússilín og krókóðflaskinni. Á annarri hæð tískuhússins er svo sportlegri tískulína hönnuðarins sem hentar betur til daglegar notkunar.

Carlos Miele lofar litríku sumri í fölgænu, mangó-gulrauðu og turkisbláum litum aðallega. Kvöldklæðnaður er úr léttum silkiefnum, annaðhvort mjög síður eða snarstuttur með útsaumi og ísaumuðum skartgripum. Ekki má heldur gleyma áprentuðu efnunum sem eru hans sérkenni og sérstakri svarthvítri litablöndun sem hönnuðurinn vinnur í tölvu. Ekki er útilokað að sjá megi dálítið af meistara Yves Saint Laurent í hönnun Carlosar. Ekki leiðum að líkjast og engin skömm að sækja í smíðju þess meistara, holdgervingu franskra fágunar. (380 rue Saint Honoré, 1e, métro Concorde).

bergb75@free.fr



Ásta sækir innblástur í íslenska náttúru og notar nær eingöngu náttúruleg efni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Föt sem fegra konur

Fatahönnuðurinn Ásta Guðmundsdóttir hennar draumkenndar flíkur og notar eingöngu náttúruleg efni.

Fatalínur Ástu Guðmundsdóttur fatahönnuðar, sem hennar undir merkinu ásta creative clothes, eru oftast en ekki draumkenndar og dulafullar og vinnur hún mikið með ull, skinn og silki. Hún rekur verslunina ásta creative clothes á Laugavegi 25 en þar má finna kjóla, pils, peysur, jakka, kápur, skinnhúfur og vettlinga ásamt jökkum og slám úr lambaskinni.

Föt Ástu eru kvenleg og leggur hún áherslu á að þau fegri konuna. Hún gerir tvær fatalínur á ári og hefur kynnt hönnun sína á tískuvikunni víða erlendis undanfarin ár.

- ve



Rómantískur kjóll úr ull og silki.

Glæsilegar toppar

á **1900 kr.**

Enn meiri verðlækkun!



Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730

Opið virka daga 10 - 18
Opið laugard. í Bæjarlind 10 - 16
og Eddufelli 10 - 14

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hdp.is

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULADIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULADISTRIMLAR
F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTADIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Nýtt á Íslandi! NO STRESS



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



Olympia
UNDIRFATNAÐUR
Stofnað 1938

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

Olympia í Mjódd s. 553-3600 • Olympia á Akureyri. s. 462-7155
olympia@olympia.is

Útsala Útsala

viðbótarafsláttur

50%-70%

La Guðrún
tískuverslun

Rauðarárstíg 1, sími 561-5077
opið laugardag 10:00-18:00

Smokkurinn er ekki einungis getnaðarvörn heldur ekki síður öryggisatriði. Mikilvægt er fyrir þá sem stunda kynlíf með fleiri en einum aðila að verja sig fyrir kynsjúkdómum með því að nota smokkinn.



Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belt fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - 5. 568 1717
www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.



Alma Hannesdóttir bregður sér inn í æfingarhringinn með þátttakendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Upl
Uplæddur á Íslandi

Uplæddur stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu. Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi. Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.uplæddur.is

Lífið tekur nýja stefnu

Líkamsræktarstöðin Curves í Kópavogi er bara fyrir konur. Þar stunda þær æfingar eftir kerfi sem hannað er af læknum, sjúkraþjálfurum og íþróttþjálfurum. Alma Hannesdóttir er rekstrarstjóri.

Curves er lítil og persónuleg líkamsræktarstöð í Bæjarlind 2 í Kópavogi og þar er tekið hlýlega á móti konunum sem þangað sækja. Þær fara í 35 mínútna æfingarhring með sérhönnuðum tækjum sem byggjast upp á tjökkum en ekki lóðum og viðnámið miðast ávallt við getu notandans. Þjálfari er inni í hringnum til að hvetja konurnar og tryggja að æfingarnar séu rétt gerðar. „Hér ræður einfaldleikinn og árangurinn ríkjum og oft er glatt á hjalla,“ segir rekstrarstjórinn Alma brosandí.

„Aðalatriðið er hreyfingin og allt það sem hún gerir fyrir líkama og sál. Við leggjum ekkert upp úr útliti enda eru engir speglar í salnum,“ bendir hún á.

Konur koma í viðtöl þegar þær byrja þjálfunina, að sögn Ölmú. „Hver og ein á sína sögu. Sumar koma til að grenna sig, aðrar vegna liðvandamála eða meiðsla og enn aðrar bara til að njóta hreyfingarnar. Sumar vilja meira pepp og púl og þær fara á aðrar stöðvar. En margar vilja ekki vera innan um múg og margmenni og þeim hentar vel að vera hér. Við sjáum konur sem aldrei á ævinni hafa farið í líkamsrækt labba hér inn og líf þeirra tekur algerlega nýja stefnu. Sumar hafa getað minnkað við sig lyf í framhaldinu og jafnvel hætt að taka þau. Slíkar framfarir eru þýðingarmiklar því það má ekki bara tengja líkamsræktarstöðvar við vigtina.“

Curves er með þrjár stöðvar hér á landi. Auk þessarar er ein á

Akranesi og önnur í Reykjanesbæ. Merkið er samt víða þekkt því um 10.000 stöðvar eru í heiminum. Alma segir viðskiptavinina á öllum aldri og mætinguna frjálsa. „Þú labbar bara inn í hringinn og byrjar hvar sem er. Tækin fylgja eftir því sem þú getur og æfingakerfið er þannig að þú brennir á sama tíma og þú byggir upp vöðva. Með því að styrkja vöðvana styrkir þú svo beinin,“ útskýrir hún.

Curves býður líka upp á matarátaksprógramm í sex vikur. „Þá hjálpum við konum til að snúa líkama sínum frá því að vera matvinnsluvél í það að vera matbrennsluvél þannig að það sem þær láta ofan í sig sest ekki utan á þær. Doktorar í næringarfræði settu það prógramm saman. Við erum að byrja með sjötta námskeiðið í því og konurnar koma einu sinni í viku á stuðningsfund. Þetta er bara lífsstílsbreyting og oft þarf fólk hjálp með fyrstu skrefin.“

gun@frettabladid.is

BYLJAN
989
ALLIR ERU AD HLUSTI

KVÖLDSÖGUR
fimmtudagskvöld kl. 22

lífstærni

lærðu að virkja, styrkja og miðla líkamlegri og huglægru orku



fully alive coaching™

helgar námskeið
25 - 27 janúar

Einstakt tækifæri til að uppgötva innsæi þitt og sköpunarkraft og leysa úr læðingi þá ómældu orku sem innra með þér býr.

Guðni Gunnarsson þróaði **Lífstærni** í Bandaríkjunum þar sem hann hjálpaði jafnt strætisvagnabílstjórum og stórstjórum að öðlast nýja lífssýn og aukinn skiling á velgengni sinni, auðlegð og hamingju.

Guðni kom Kim Basinger og Superman á sporðið, - nú er komið að þér! Tryggðu þér sæti strax!

Leiðbeinandi er Guðni Gunnarsson.

skráning og nánari upplýsingar: www.ropeyogasetrid.is

Íshúsinu í Laugardal - sími 535 3800 - setrid@ropeyogasetrid.is



Aukin orka inn í lífið

Þeim sem leita breytinga í lífi sínu er bent á sérstakt dansnámskeið í Gerðubergi næsta laugardag. Það heitir **Fangaðu drauma þína.**

6-7 herb. Björt og rúmgott ræðhús, hæð og kjallari í Smábúðahverfinu. Laus 01.02.08. Leigutími amk. 1 ár. Verð kr. 250.000.
Nánari á Leiga.is eða 534-1024

Leiga.is
Lagðir leigumáttur

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

2 herb. íbúð til leigu á svæði 105. Fullbúin húsgögn og húsmunur. Þráðlaust internet. V. 140þús á mán., allt fylgir. Uppl. í s. 856 6736.

Til leigu 2 góð iðnaðarbil í Vagnhöfða 7, 130 fm hvort bil. Góðar innkeyrsludyr. Leiga 200 þús. pr. mán hvort bil. Uppl. í s. 895 8299.

Glæsileg 85 fm Sjáríð íbúð í Garðabæ. m. húsg. og tækjum m. hússj. og hita. Laus strax. Reykleysi og reglusemi skilryði. S. 693 0221.

Til leigu góð 2 herb. íbúð við Háaleitisbraut m/húsgögnum. Einnig ræðhús við Torrevieja á Spáni. Uppl. í s. 893 7429.

Húsnæði óskast

2 strákr utan af landi eru að leita sér að 3 herb. íbúð. Íbúðin þarf að vera laus frá 1. jan eða 1. feb. Geta borgað 6 mánuði fram í tímann. Skilvísun greiðslum heitið. Uppl. í síma 770 5214.

þar bráðvantar 2 herb íbúð eða stúðó-íbúð starx erum á götunni uppl í síma 6618319

Par á miðjum aldri óskar eftir lítilli 2 herb. íbúð eða stúdíó. Reglusemi og góð meðmæli. S. 821 0656.

Atvinnuhúsnæði

Einstæður faðir óskar eftir 2 - 3 herbergja íbúð til langtíma leigu. uppl. í síma 8931940

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m². Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S. 564 6500. www.гейmslaeitt.is

Til leigu góð ca 380fm jarðhæð að Hverfisgötu 105, góðar innkeyrsludyr. Leiga 400 þús. á mán. Uppl. í s. 895 8299.

Gisting

Flóki Inn - Langtíma gisting / Long term rental. Sími:552 1155 - info@innsoficeland.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar þig vinnu með skóla?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 16 ár.

Ert þú næturmanneskja?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma: 696-7005. Aldurstakmark er 18 ár.

Leikskólinn Ösp

Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Fellahverfinu. Við leggjum áherslu á fjölmenningu og jákvætt viðhorf. Okkur vantar frábæra kennara til liðs við okkur. Deildarstjóra, Leikskólakennara/leiðbeinendur, -Þroskþjálfara/sérkennara, -Aðstoð í eldhúsi 50% staða, -Skilastöðu. Upplýsingar gefa Svanhildur og Kristín í síma 557 6989 & 693 9819

JOLLI

Söluturninn Jolli Hafnarfirði

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflægum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublað á staðnum.

RED CHILI

Helgar og kvöldvinna. Starfsfólk óskast í sal. Hentar vel fyrir skólafólk. Uppl. í síma 842 2800 og á redchili@redchili.is og á www.redchili.is

aktu taktu

Aktu Taktu

Aktu Taktu leitir eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflægum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

DÝRARÍKIÐ

Starfsfólk óskast

Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálf dagsstarf til lagerstarfa. Viðkomandi verður að hafa bílpróf. Nánari upplýsingar í síma 568 7170 eða í versluninni.



Granítismiðjan

Granítismiðjan óskar eftir röskum mönnum í uppsetningar og í vinnusal. Fjölbreytilegt starf í með mikla framtíðarmöguleika. vinsamlegast sendið fyrirsögn/umsókn á netfang: starf@granit.is eða hringja í Pétur s: 822-4777

Garðabær - Okkar bakari-

Helgarstarfsfólk Okkar bakari óskar eftir hressum strákum og stelpum til afgreiðslustarfa um helgar. Gæti hentað skólafólki. Upplýsingar í síma 891 8258 eða 565 8070, Þóra.

Flokkstjóri.

Leitum eftir skipulögðum starfsmanni til að gegna stöðu flokkstjóra í félagslegri heimaþjónustu í Háaleitishverfi, þar sem sjálfstæði og sveigjanleiki teljast góðir kostir. Tilvalið starf t.d. fyrir félagsliða. Upplýsingar veita Bryndís Torfadóttir og Álfhildur Hallgrímsdóttir í síma 535 2720, netfang: bryndis.torfadottir@reykjavik.is

RIZZO PIZZERIA í Kópavogi óskar eftir Vönum Pizzabökurum, Bilstjórum og í afgreiðslu. Nánari upplýs á staðnum eða Helgi í s. 8484613

Krambúðin

Vantar fólk á kvöldvaktir og aðra hvora helgi, dag og kvöldvaktir. Tilvalið fyrir skólafólk. Fólk á öllum aldri kemur til greina. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

Litalínan ehf

Óskar eftir lærdum málurum eða mjög vönum/mönnum í málingarvinnu. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445.



Öryggisgæslan ehf.

Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Starfið felur í sér m.a. þjónustu og gæslu.Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár. Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Krókhálsi 5a Reykjavík. Opið er frá k.10-16 virka daga.

Dreifingarfulltrúi í hlutastarf

Dreifingardeild Pósthússins óskar eftir starfsfólki aðra hverja helgi frá 10-15, og virka daga frá 16-20 eftir samkomulagi. Tilvalin aukavinna fyrir námsmenn. Nánari upplýsingar gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330 eða í tölvupósti á dagnyr@posthusid.is

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

Iðnaðarmenn

G.G. Iagnir ehf óskum eftir pípuþingamönnum til viðgerða og viðhaldsvinnu, einnig verkamönnum. Uppl. í s. 660 8870, www.ggIagnir.is.

Óskum eftir trésmiðum og fólki vönu byggingarvinnu. Unnið er í Færeyjum. Uppl í s. 00298595232. Bjóssi.

Vélstjórar.

Yfirvéltjórar og 1.véltjórar sem leysir af sem yfirvéltjórar, vantar á stórt og öflugt línuskip, lánmarks réttindi 750 kw. nægar aflaheimildir. upplýsingar á skrifstofu í síma 4204400 og hjá útgerðarstjóra í síma 8986825.

Maður óskast að koma og keyra á Nýju sendibílastöðinni. Meirapróf eða gamla skírteinið. Uppl. í s. 615 0015.

Spjaldömur.

Rauða Torgið leitir samstarfs við yndislegar spjaldömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is. Mjög góðir tekjumöguleikar.

Atvinna óskast

Kona fra Lettlandi (40) óskar eftir vinnu a Islandi. Allt kemur til greina, S.8457158

27ára karlmanni vantar vinnu á trailer, grófu eða verkstæði s:6926322 Róbert

25 ára kk. óskar eftir föstum útkeyrslu verkefnum. Ég er á 20 rúmm. bíl. Ef þig vantar öruggan sendibílsstjóra fyrir fyrirtækið þitt vertu þá endilega í sambandi við mig í s. 865 1218/ Bjóssi.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Ropeyoga í Hreyfilandi
90 mín tímar á þriðjudögum og fimmtudögum frá 18.30-20.00. Kennari með mikla reynslu, Sigurjóna, 899 4329. Hreyfiland, Stangarhyl 7.

Einkamáli



Til sölu Arctic cat ZR 600 efi árg 2000. Ekinn 4200 km. Naglar í belt. Verð 290 þús. Uppl í s 848 0944

„...fyrst á visir.is“



VÍSIR.IS

...ég sá það á visir.is



SKEMMTANIR

BRILLJANT.IS TILKYNNING

Hin mikla gleðisveit HLJÓÐKÚTARNIR síkátu hafa ákveðið að koma saman á nýjan leik vegna fjölda áskorana. Það er okkur mikill ánægja og gleði hjá BRILLJANT.IS að opinbera þetta. Meðlimir HLJÓÐKÚTANA eru landspekkir hljómlistarmenn og hafa allir starfað í mörgum af vinsælustu hljómsveitum landsins og gera enn. Efnisskrá HLJÓÐKÚTANA er afar fjölbreytileg og áratuga reynsla þeirra af að standa á sviði og skemmta fólki gerir þá að sérfræðingum í að "lesa salinn" og leika viðeigandi tónlist hverju sinni. Enda dangólföld ávallt stútfullt frá upphafi til enda :) HLJÓÐKÚTARNIR eru því tilvalin valkostur á þorablót, árshátíðir eða hvaða skemmtun sem er.

Við hjá BRILLJANT.IS erum einnig með nokkrar tveggja manna úrvals hljómsveitir á skrá. Endilega hafið samband Netfang: orlygur@brilljant.is Sími: 824 3677

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf. S: 840-1616

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
Kraftafl ehf

**Byggingafélag****Verkamenn óskast!**

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða verkamenn til starfa í byggingavinnu. Íslensku- eða enskukunnátta æskileg.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.

Upplýsingar gefur Valdimar Birgisson í síma 693-7003 Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

**GARÐABÆR**

www.gardabaer.is

Leikskólinn Bæjarból

Á Bæjarbóli er lögð áhersla á hreyfingu bæði úti og inni.

Einkunnarorð skólans eru:
leikgleði, agi og lífsleikni.

Óskað er eftir starfsfólki

- Leikskólakennara
- Grunnskólakennara
- Fagfólki með uppeldismenntun
- Leiðbeinanda

Leitað er að metnaðarfullum og hugmyndaríkum kennurum í þróunarvinnu í aldurskiptu hópastarfi með sérstakri áherslu á verkefni 5-6 ára barna.

Nánari upplýsingar um Bæjarból eru á vef skólans, www.gardabaer.is/baejarbol

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veita Erna Aradóttir, leikskólastjóri og Kristín Sigurbergsdóttir aðstoðarleikskólustjóri í síma 565 6470.

Fræðslu- og menningarsvið

**KÓPAVOGSBÆR****Forstöðumaður Dægradvalar****Óskast til starfa í Lindaskóla.**

Um er að ræða fullt starf í gefandi og fjölbreyttu starfsumhverfi og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem allra fyrst.

Forstöðumaður sér um daglegan rekstur Dægradvalar sem m.a. felur í sér skráningu nemenda í Dægradvöl, taka saman reikninga vegna mánaðargjalda, stýra starfi á sinni deild og sinna öðrum verkefnum sem upp koma í daglegum rekstri.

Við leitum að starfsmanni sem er fær í mannlegum samskiptum, sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og býr yfir skipulagshæfileikum, frumkvæði og metnaði í starfi.

Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið námi í tótmundafraeðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Upplýsingar um starfið gefa skólustjóri og aðstoðarskólustjóri í síma 554 3900.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

Íslyft ehf**Steinbock Þjónustan EHF**

Vesturvör - 200 Kópavogur - 564 1600

Óskum eftir traustum og góðum viðgerðarmönnum til starfa við lyftaraviðgerðir. Framtíðarstarf

Vinsamlegast sendið umsóknir á islyft@islyft.is



Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfturum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshluteild í sölu á lyfturum sl 11 ár. - Íslyft er að flytja í nýtt og glæsilegt hús í Vesturvör í Kópavogi.

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir
150.000
gestir
daglega.**

**Stór-
markaður
í stofunni
heima.**

**PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá



Sveitarfélagið
ÁRBORG

AUGLÝSING

**um skipulagsmál í
Sveitarfélaginu Árborg**

Tillaga að breyttu aðalskipulagi milli flugvallar og Eyrarbyggðar í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005 - 2025.

Svæðið sem hér um ræðir er 45 ha. að stærð og afmarkast af flugvelli að norðan Hagalandi að austan Eyrarbyggðarveggi að sunnan og landi Geirakots að vestan.

Tillagan gerir ráð fyrir breyttri landnotkun svæðinu verði breytt úr stofnanasvæði og svæði til sérstakra nota í atvinnusvæði og er þar reiknað með fyrirtækjum sem þurfa á stóru athafnarymi utan húss að halda. Meðfram Eyrarbyggðarveggi, þar sem landið er minnst sprungið, er landnotkun breytt í blandaða notkun athafna, verslunar og þjónustu.

Gámasvæði / spilliefnamóttöku á vegum sveitarfélagsins er komið fyrir innan svæðisins og verður það skermt af með gróðri.

Teikning og greinargerð vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 17. janúar til og með 14. febrúar 2008. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 28. febrúar 2008 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar: <http://www.arborg.is>, þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfang skipulg@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 15. janúar 2008

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

www.gras.is
ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM
FOTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!

Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gadget) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

TILKYNNINGAR



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is

OPÍÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wíium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

AKRALAND M/BÍLSKÚR



Falleg, rúmgóð og vel innréttað 3ja herb. endaíbúð á 1.hæð í litlu fjölbýlishúsi með sér inngangi og góðum bílskúr. **Stærð alls 119,8 fm. þ.e. íbúð 89,8 fm og bílskúr 30,0 fm. Fyrir 50 ára og eldri. Laus fljótlega. Verð: 34,9 millj.**

BUGÐULÆKUR - HÆÐ



Falleg og vel skipulögð 3ja til 4ra herb. íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Vel staðsett íbúð í enda með gluggum á þrjá vegu. Öll þjónusta er í göngufærni, m.a. skólar, Laugardalurinn og sundlaugin. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **Verð 25,9 millj.**

Kristinn Valur Wíium
Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson
Söluþjóri, sími: 896 4090



LÁTTU DRAUMINN
VERÐA AÐ VERULEIKA

Ást við fyrstu sýn!

Hafðu í huga að það fyrsta sem væntanlegur kaupandi sér eru útdýrnar.

- Hafðu þær hreinar.
- Gefðu þér nokkrar mínútur til að kanna hvort húnar séu lausir, hurðir standi á sér.
- Ekki gleyma opnanlegum fögum og skúffum í innréttingum.
- Perur séu í lagi því lýsing skiptir öllu máli.

Við erum 100% til staðar fyrir þig!

Við hjálpum þér 100% við flutninginn

699 6165

Þú færð
FRÍÁ
flutningskassa
hjá okkur

BÓAS & TEYMI

Viðskiptahúsið
MIÐLUN • RÁÐGJÖF • FJÁRMÖGNUN

Fiskislóð 75 - 101 Reykjavík
Til leigu er 300 fm skrifstofuhúsnæði.

Um er að ræða gott skrifstofuhúsnæði á annari hæð með góðum síma- og tölvulögnum. Stækkunarmöguleikar fyrir hendi. Næg bílastæði.

Verð 1.400 kr. per fm á mánuði.
Upplýsingar veitir Jón Svan Sölufulltrúi í síma 891 8803

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.viðskiptahusid.is
Jón Sigfús Sigurjónsson hdl & lögg. fasteignasali

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

Sími 588 9090 • Síðumúla 21 • www.eignamidlun.is

SAFAMÝRI 40, 4.H.H. – OPÍÐ HÚS

Góð og vel skipulögð 2ja herbergja 63,3 fm íbúð á 4. hæð með miklu útsýni. Íbúðin skiptist í hol, rúmgott herbergi, baðherbergi, stofu og eldhús, geymsla í kjallara. **Verð 17,1 millj.**

Íbúðin verður til sýnis í dag fimmtudag frá 17-18.

Erluás 25

Hafnarfjörður
Glæsilegt einbýli

Stærð: 234,2 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 32.580.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Skeifan



Opíð Hús

Opíð hús í dag 17. janúar kl. 17:30-18:30

Verð: 65.900.000



Glæsilegt 183 fm einbýlishús í Hafnarfirðinum ásamt 51,2 fm bílskúr, samtals 234,2 fm. Húsið er á þremur pöllum. 1. Pallur: Forstofa með steinflisum og skápum. Hol með flisum á gólf og skápum. Innangengt í bílskúr. Gestasnyrtng með flisum á gólf. 2. Pallur: Eldhús með fallegri hvítri innréttingu, gashelluborð, óin í vinnuhæð og háfur. Góður borðkrókur, flisar á gólf, útgengt út á pall og búr innaf eldhúsi. 3. Pallur: Stór stofa og borðstofa þar sem hátt er til loftis, halogentýsing í. Útgengt út á svalir úr stofu. Parket á gólf. 3 svefnherbergi (búð að opna á milli tveggja, lítið mál að loka á milli þeirra aftur), flisar á gólf. Baðherbergi með hombaðkan, flisalag í hölf og gólf, falleg innrétting, 2 vaskar. Útgengt út á loð af 3 ja palli. Þvottahús og geymsla m.gluggum. Gólfhiti í nánast öllum rýmum (ekki svefnherb., þvottahús og bílskúr). Fjarstýrt halogen lýsing í alrymi. Hellulagt upphitað bílappan. Loð að hluta til ófráengin. Fallegt og reisulegt hús með frábæru útsýni. Skóli og leikskóli í göngufæri.

Hildur Árnadóttir
Sölufulltrúi
663 9009
hildur@remax.is

Elisabet Agnarsdóttir
Lögg. fasteignasali

elisabet@remax.is

RE/MAX Skeifan - Faxafon 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is

Strandgötu 29 Akureyri
Símar: 464 9955 • Fax: 464 9956

www.byggd.is

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
Traust fasteignasmala!

Pórunnarstræti 117

Glæsileg og mikið endurnýjuð efri sérhæð ásamt bílskúr. Eignin er í göngufæri við miðbæ, Glerártorg, sundlaugin og aðra almenna þjónustu. Eignin var endurnýjuð á vandaðan hátt fyrir um einu ári síðan. Mjög gott útsýni er úr íbúðinni og sést til að mynda út Eyjafjörð. Eignin er samtals 173 fm. að stærð. Eignin getur verið laus fljótlega. **Verð 29 m.kr.**

Vallargerði 4b

Mjög góð raðhúsaíbúð á einni hæð ofarlega á brekkunni. Eignin er fjögurra herbergja og er hún samtals 106,2 fm. Nýtt eldhús er í íbúðinni, sólpallur til vesturs. Hagstætt lán frá Landsbanka Íslands. **Verð 22 m.kr.**

Jón Kr. Sólmes, hrl. lögg. fast.sali - Björn Guðmundsson, lögg. fast.sali

Auglýsingasími

5125050



- Mest lesið

Láttu
ekki HAPP
úr hendi
sleppa!

Útsala

... verð í frjálsum falli

Pvottavélar allt að 57% afsl.

Purrkararar allt að 25% afsl.

Blandararar allt að 67% afsl.

Ofnar ofl allt að 40% afsl.

Tónlist allt að 65% afsl.

DVD myndir allt að 50% afsl.

Tölvuleikir allt að 80% afsl.

Sýningareintök - fjöldi titla!

Sprenglægilegt verð!



Í Kína eða á Íslandi?

UMRÆÐAN
Virðjanir



VALGEIR HELGI BERGÞÓRUSON

Íslendingar hafa getað hrósað sér af hversu sterkur eignarréttur einstaklingsins er hér á landi. Það fyllir okkur óhug að fréttu af því að í hinu kommúníska Kína sé fólk flutt unnvörpum af jörðum sínum samkvæmt fyrirskipunum ríkisins. Milljónir manna eru fluttar af heimilum sínum til þess eins að ríkið geti grætt peninga. Við heyrum um fornminjar sem sökkst er í sæ og um menningarlega mikilvæga staði sem hverfa eins og dög fyrir sólu í þágu stundarhagsmuna. Í Kína má fólk ekki halda að það eigi jörð sem forfeður þess hafa ræktað og byggt með blóði, svita og tárur.

Harðstjórnin, undir fölskum formerkjum framfara, sviptir fólk rétti sínum til að geta kallað eitthvað sitt eigið. Það hljómar óraunverulegt að stjórnvöld skuli bera svo litla virðingu fyrir eignum þegna sinna. Við höfum hugsað með okkur að þetta gæti aldrei gerst á okkar fallega, frjálsa landi. En hvað gerist nú?

Þegar umræðan um Kárahnjúkavirkjun fór af stað í þjóðfélaginu voru helstu rök stuðningsmanna virkjunarinnar að enginn heimsótti svæðið nema í leit að kindum. En nú hafa þessir sömu stuðningsmenn virkjana vent kvæði sínu í kross, sér í lagi vegna mikillar mótstöðu við fyrri röksemdafærslu, og segja nú að við Neðri-Þjórsá sé ekki hin óspillta náttúrufergur sem var á Kárahnjúkum. Nú er framtak þeirra einskis metið sem skapað hafa fegurð sem er merkileg fyrir þær sakir að þar fær nátt-

úran að lifa í sátt við mannfólkið. Þar hafa íbúar þá atvinnu að sýna ferðamönnum, innlendum og erlendum, fegurðina sem býr á þessu merka svæði þar sem enn eru að uppgötvast fornminjar.

Við þurfum ekki að leita langt að óréttlæti líkt og því sem viðgengst í Kína því að ríkisfyrirtækið Landsvirkjun hefur búið til ímynd sem það kallar „hag fyrir alla af vatnsaflsvirkjun“. Virkjunin á að vera atvinnuskapandi þegar ekkert atvinnuleysi er til staðar og auka hagvöxt í landi þar sem er nú þegar þensla. Sem betur fer getur iðnaðarráðherra stoppað þessar hörmungar í landi hinna frjálsu. Hann getur komið í veg fyrir að eignarnám verði gert á jörðum og valið að taka sér ekki það vald í hendur að segja fólk hvar það má og má ekki búa.

Nú hefur Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra lýst opinberlega yfir efasemdum sínum um virkjunaráformin í Þjórsá. Það sama hefur Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra og þingmaður Sunnlendinga, gert. Bent hefur verið á að ef vilji þeirra sem kjósa að virkja fær að ráða, verður um þjóðnýtingu á landi í byggð að ræða. Því skora Ungir jafnaðarmenn á Landsvirkjun að falla frá þessum kommúnísku þjóðnýtingaráformum og ef það skyldi bregðast þá treystum við því að Össur Skarphéðinsson segi nei við eignaupptöku á landi á Þjórsárbyggðum. Ekkert rugl – við höfnum virkjunum í Neðri-Þjórsá.

Höfundur situr í framkvæmdastjórn Ungra jafnaðarmanna.

Húsnæðisvandi og lág laun

UMRÆÐAN
Kjaramál



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

Verkamannabústaðir, eða öðru nafni félagslegar íbúðir, leystu á árum áður úr húsnæðisvanda mikils fjölda fólks og tryggðu mörgum láglaunafjölskyldum viðunandi húsnæði. Félagslega húsnæðiskerfið, eins og það var oft kallað, var að mörgu leyti gott en ríki og sveitarfélög hefðu mátt leggja í það meira fjármagn en þau gerðu. Á hverju ári voru tugir og hundruð fjölskyldna sem ekki fengu neina lausn á húsnæðisvanda sínum. Nú er löngu búið að leggja þetta kerfi niður og annað fyrirkomulag tekið upp. Að sögn þáverandi stjórnvalda átti þetta nýja kerfi að leysa allan húsnæðisvanda láglaunafólks. Því miður sýnir reynslan allt aðra niðurstöðu því húsnæðisvandinn eykst með hverju árinu sem líður.

Lág laun

Þá, eins og nú, voru dagvinnulaun verkafólks það vesældarleg að þau dugðu ekki fyrir eðlilegri framfærslu einstaklings og vonlaust að reyna að framfleyta fjölskyldu á svo lágum launum, nema viðkomandi hefði ódýra íbúð til að búa í.

Frá lokum seinni heimsstyrjaldar og fram undir síðustu aldamót var það skortur á íbúðarhúsnæði, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, sem hækkaði leiguverð upp úr öllu valdi. Það var því varla á færi láglaunafólks að leigja sér almennilega íbúð, enda bjuggu fjölmargar barnafjölskyldur í hálfónýtum bröggum frá stríðsárunum. Á þessu hefur engin breyting orðið. Að vísu eru braggahverfin horfin

en sami húsnæðisvandinn ríkir ennþá meðal láglaunafólks. En nú er orsök hans ekki húsnæðis-skortur heldur græðgi fjármagnseigenda, byggingafyrirtækja og leigusala, sem halda sölu- og leiguverði íbúða í hæstu hæðum. Þetta okur kemur í veg fyrir að þúsundir fjölskyldna geti lifað eðlilegu lífi en talið er að á höfuðborgarsvæðinu vanti hátt í 3.000 ódýrar félagslegar íbúðir til að fullnægja eðlilegri eftirspurn láglaunafólks eftir húsnæði.

Þá, eins og nú, voru dagvinnulaun verkafólks það vesældarleg að þau dugðu ekki fyrir eðlilegri framfærslu einstaklings og vonlaust að reyna að framfleyta fjölskyldu á svo lágum launum.

Hærrí laun

Eins og áður segir eru launataxtar verkafólks almennt svo lágir að það er ekki fræðilegur möguleiki fyrir það að eignast eigin íbúð nema með því að bæði hjónin vinni úti í fullu starfi, jafnt á virkum dögum sem helgum. Sama gildir um leigumarkaðinn, þar er húsaleiga svo há að lágmarks dagvinnulaun, sem nú í byrjun árs 2008 eru kr. 125.000 á mánuði, duga ekki einu sinni fyrir leigu á þriggja til fjögurra herbergja íbúð. Þessu verður að breyta, en til þess þurfa lágmarkslaun að hækka verulega. Brýnast af öllu er þó að skattleysismörk, sem nú eru kr. 95.280 á mánuði, hækki umtalsvert. Hefðu þau fylgt launaþróun í landinu frá 1989 væru þau í dag um kr. 140.000 á mánuði. Þá

er aðkallandi að ríki og sveitarfélög niðurgreiði húsaleigu fyrir láglaunafólk og stóruki framboð á ódýru félagslegu húsnæði.

Fögur orð

Það er ekki nóg að vera með fögur orð fyrir kosningar, það þarf líka að standa við þau að kosningum loknum. Hálaunafólkið í landinu hefur á undanföllum árum fengið sínar kauphækkningar ásamt verulegum skattalækkunum. Nú er komið að því að bæta kjör fólksins sem vinnur í þjónustu- og framleiðslustörfunum. Samningar eru lausir og félög innan ASÍ, sem eru í viðræðum við atvinnurekendur um launahækkningar, biða eftir útspli stjórnvalda. Ljóst er að að upp úr þeim viðræðum muni slitna nema stjórnvöld komi á afgerandi hátt inn í lausn málsins. Heykist ríkisstjórnin á því að stórhækka skattleysismörkin, gera átak í húsnæðismálum láglaunafólks og hækka vaxta- og barnabætur, þá neyðast verkafélög til endurskoða kröfugerð sína til hækunar og við það mun óvissuástand skapast á vinnumarkaðinum sem sér ekki fyrir endann á.

Höfundur er fyrrverandi formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Askilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ÚTSALA

VETRARFATNAÐUR FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

30-50%

AFSLÁTTUR

BAKPOKAR, SVEFNPOKAR

30-70%

AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR

30-50%

AFSLÁTTUR

SKAUTAKJÓLAR OG PILS

40%

AFSLÁTTUR

GRAF SKAUTAR

30%

AFSLÁTTUR

ÚTIVISTARFATNAÐUR

30-40%

AFSLÁTTUR

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Jónína Á. Bjarnadóttir (Nína),

Strandvegi 9, Garðabæ,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 18. janúar kl. 15.00.

Áki Jónsson

Bjarni Ákason

Jón G. Ákason

Andri Ákason

Áróra Bjarnadóttir

Sædis Bjarnadóttir

Hekla Bjarnadóttir

Bergljót Busk Jónsdóttir

Baldur Busk Jónsson.

Eva Sigurgeirsdóttir

Fariba Salemi Seifeddin



Móðir mín, amma og langamma,

Elisabeth Vilhjálmsdóttir,

verður jarðsöngin frá Landakotskirkju þriðjudaginn 22. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á styrktarsjóð Sjálfsbjargar og ÍFR.

Guðrún Pedersen og aðstandendur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Agnar Sigurbjörnsson

frá Hænuvík, Gullsmára 10, Kópavogi,

lést á Gran Canaria, föstudaginn 4. janúar. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju á morgun, föstudag 18. janúar klukkan 13.00.

Herdís Agnarsdóttir

Sigursveinn Agnarsson

Baldvin Agnarsson

Björgvin Sigurbjörnsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðfinnur Pálsson

Björk Leifsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Salvör Krístrún

Veturliðadóttir,

lést á Dvalarheimilinu að Droplaugarstöðum þriðjudaginn 15. janúar.

Halldór Sverrir Arason

Helgi Arason

Sveinn Árnason

barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Magnúsdóttir

Maj-Britt Krogs vold



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilja Halldórsdóttir

Höfðagrund 25, Akranesi,

er lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 13. janúar, verður jarðsöngin frá Akranesarkirkju föstudaginn 18. janúar kl. 14.00.

Ólafur Ólafsson

Halldór Ólafsson

Jóhannes S. Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Þráinn Ólafsson

Lárus Þór Ólafsson

Steinunn H. Ólafsdóttir

Guðlaug Sigurjónsdóttir

Herdís H. Þórðardóttir

Ingiríður B. Kristjánsdóttir

Helga Jóna Ársælsdóttir

Valgerður Sveinbjörnsdóttir

Halldór Hauksson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegi bróðir okkar, mágur og frændi,

Halldór Kristjánsson

Kjartansson

markaðsfræðingur,

sem lést hinn 12. janúar síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 18. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð KR. Reikn. 0111-15-372029 kt. 011036-3179.

Edda Birna Gústafsson

Birna Gústafsson

Björn Kristjánsson Kjartansson

Áslaug H. Kjartansson

Björn Björnsson

og fjölskylda.

Magnús Gústafsson



Ástkær faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir og afi,

Bjarni Jónsson

listamaður og kennari, Ægisíðu 101,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni föstudaginn 18. janúar kl. 13.00.

Halldór Bjarnason

Jón Haukur Bjarnason

Lúðvík Bjarnason

Guðrún V. Bjarnadóttir

Erna Svala Ragnarsdóttir

stjúpbörn og barnabörn.

Anna Lena Wass

Eileen Hooks

Jimmie D. White

Kristján Sverrisson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Kristjana E. Vigfúsdóttir,

Hvammi, Húsavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 15. janúar.

Guðbjartur V. Þormóðsson

Leifur Kr. Þormóðsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Auður Guðjónsdóttir

María Aðalsteinsdóttir



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

Guðlaug Jóhanna

Sigurjónsdóttir,

Ránargötu 2, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, 11. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. janúar kl. 14.30.

Jónas Franzson

Ívar Baldursson

Sigrún Franzdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Guðmundsdóttir

Sigríður Gunnarsdóttir

Guðmundur Skúlason



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og blygð við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, dóttur og systur,

Birnu Björnsdóttur,

Endurvarpsstöð, Eiðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeilda Landspítalans, líknardeildar í Kópavogi og Heilbrigðisstofnunar Austurlands á Egilsstöðum fyrir góða umönnun í veikindum hennar.

Júlíus Bjarnason

Magnfríður Júlíusdóttir

Bjarni Már Júlíusson

Björn Starri Júlíusson

Ragna Valdís Júlíusdóttir

Vojislav Velemir

Jóna Björg Björgvinsdóttir

Bozena Teresa

Katla Þorvaldsdóttir

Kolbrún Birna Bjarnadóttir

Júlíus Freyr Bjarnason

Jónína Guðmundsdóttir

Páll Björnsson

Kolbrún Björnsdóttir.



JIM CARREY ER 46 ÁRA Í DAG

„Veistu, það er engin leið að vera stjarna heima hjá sér.“

Leikarinn Jim Carrey er þekktastur fyrir gamanleik en hefur einnig getið sér gott orð fyrir dramatískan leik í myndum á borð við *The Truman Show*.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI:

Hófstillt afmæli

Davíð Oddsson seðlabankastjóri er sextugur í dag. Hann ætlar að fagna því með móttöku í Ráðhúsinu milli fimm og sjö og verja kvöldinu með sínu nánasta fólki. Innur eftir afmælishaldi gegnum tíðina segir hann fimmtugsafmælið hafa verið haldið í Perlunni. „Ég átti þátt í að bæði Ráðhúsið og Perlan risu þegar ég var borgarstjóri og mér hefur þótt vænt um að fá leyfi borgaryfirvalda til að halda þessi boð þar,“ segir hann.

Afmæli bernskuáranna segir hann hafa verið hófstíllt. „Mamma hefur sjálf-sagt bakað köku. Einhver dagamunur var að minnsta kosti gerður og þegar ég elti gaf mamma mér oft ein-

hverjar flíkur í tilefni dagsins, nýjan jakka eða eitthvað sem kom sér vel. Það voru öðruvísi aðstæður þá, ekki þessar allsnægtir sem nú eru víða.“

Davíð kveðst hafa slitið barnsskónum á Selfossi hjá móður sinni og afa og ömmu. „Við mamma fluttum í bæinn þegar ég var sex ára og afi, amma og bróðir minn komu ári síðar. Þá bjuggum við öll saman í Barmahlíðinni þangað til afi dó. Eftir það leigðum við mamma og amma á Hrefnugötunni og seinna á Suðurgötunni. Við fluttum á Fálkagötuna eftir að móðir mín gifti sig aftur og síðar á Látraströndina. Þegar við Ástríður tókum saman, hún 17 og ég 21 árs, bjuggum við



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hulda Björnsdóttir,

Gnúpi, Grindavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 12. janúar síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Grindavíkurkirkju laugardaginn 19. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á Björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

Tómas Þorvaldsson

Eiríkur Tómasson

Gunnar Tómasson

Stefán Þorvaldur Tómasson

Gerður Sigríður Tómasson

barnabörn og barnabarnabörn.

Katrín Sigurðardóttir

Rut Óskarsdóttir

Erla Jóhannsdóttir

Jón Emil Halldórsson

MERKISATBURÐIR

- 1850 Skólasveinar Lærða skólans gera hróp að rektor skólans, Sveinbirni Egilssyni.
- 1912 Robert Falcon Scott kemst á Suðurpólinn, mánuði á eftir keppinauti sínum, Roald Amundsen.
- 1914 Eimskipafélag Íslands er stofnað í Reykjavík.
- 1929 Teiknimyndasjóarinn Stjáni blái eftir Elzie Crisler Segar sést í dagblaði í fyrsta sinn.
- 1975 Sjö manns farast er þyrla hrapar á Kjalarnesi.
- 1991 Ólafur V Noregskonungur andast, áttáttu og átta ára að aldri, og sonur hans Haraldur V tekur við krúnunni.
- 1995 Yfir sex þúsund manns látast þegar jarðskjálfti af stærðargráðunni 7,2 á Richter skekur Kobe í Japan.

NAFNIÐ MITT: ILMUR STEFÁNSDÓTTIR

Tilefni ýmissa brandara

Ekki eru þær margar sem bera kvenmannsnafnið Ilmur á Íslandi, eða sautján talsins samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá. Listamaðurinn Ilmur Stefánsdóttir er ein þeirra, en hún segist hafa verið með þeim fyrstu sem hlutu það nafn hérlendis og það hafi bæði vakið athygli og verið aðhláturselfni. „Ég held að ég hafi verið önnur í röðinni af þeim sem voru skírðar Ilmur. Fyrir var Ilmur dóttir Árna Björnssonar Þjóðháttufræðings, en þaðan fengu foreldrar mínir hugmyndina,“ útskýrir Ilmur og segist einnig vita til þess að vættur í gamalli íslenskri sögu heiti þessu nafni, sem þýði hreinlega góð lykt. Ilmur segir að nafnið hafi í gegnum tíðina oft orðið tilefni til ýmissa brandara á hennar kostnað. Til dæmis hafi vinum hennar þótt einstaklega gaman að því að reyna að reyta hana til reiði með því að snúa út úr merkingu þess. „Ég var til dæmis margsinis kölluð Fýla,“ rifjar hún upp hlæjandi en

þvertur þó fyrir að það hafi átt við nein rök að styðjast. „Svo var ég bara svo ánægð með nafnið mitt að þetta sló mig nú sjaldnast út af laginu.“ Annars segist Ilmur almennt ekki vera móttækileg fyrir bröndurum af þessu tagi, nema í þeim tilvikum þegar þeir hitti sérstaklega vel í mark. „Eins og þegar við maðurinn minn fórum í brúðkaup eins vinar okkar,“ segir hún. „Þar heilsaði gamall vinur mannsins míns upp á okkur og spurði hvort ég væri konan hans Vals. Því næst las hann af nafnspjaldinu mínu og þóttist ruglast svo útkoman varð Limur í stað Ilmur. Þá hló ég og hristist eins og titlingur.“

Ilmur segir að Olga Guðrún hafi nefnt söguhetju bókarinnar Búrið eftir sér þótt þær hafi aldrei þekkt persónulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DAVIÐ SEXTUGUR Davíð fékk leyfi borgaryfirvalda til að halda upp á afmælið í Ráðhúsinu og er þakklátur fyrir það.

FAGNAR SEXTUGSAMÆLI í bernsku

Í lítilli íbúð á Lynghaganum svo ég hef víða verið. Það er svona þegar fólk er í leiguhúsnæði, þá er ekki eins mikil festa og annars. En þetta voru allt ágætir staðir og ég á bara góðar minningar frá þeim,“ segir hann. „Til dæmis held ég ágætu sambandi enn við vini sem ég eignaðist á Selfossi.“

Talið berst að sjónvarpsleikritinu Allt gott, sem er unnið upp úr smásögu eftir Davíð og fjallar um barnaafmæli á Selfossi. Skyldi hann vera að skrifa eitthvað spennandi núna? „Ég er alltaf að skrifa en ekki í neinum loftköstum. Bara fyrir mig og skúffuna. Hvað maður dregur upp úr henni síðar verður bara tíminn að sýna,“ svarar hann og segir enga útgáfu fyrirhugaða í tilefni sextugsafmælisins. „Ég hef aldrei gefið neitt út í tilefni tímamóta en ég gaf út fyrra smásagnasafnið mitt þegar þakið fór að leka heima. Það voru svo sem ákveðin tímamót!“

Eins og þjóðin eflaust man veiktist Davíð af tvenns konar krabbameini fyrir fáum árum. Því er hann spurður um heilsufarið. „Heilsan er ágæt. Læknarnir fylgjast vel með mér og reglubundið. Það voru fjarlægðir alls konar hlutir úr skrokknum á mér og ég er með miklu færri líffæri en ég var með þegar ég hélt upp á fimmtugsafmælið. Það er eins og gengur.“

Að lokum. Vonast hann eftir einhverju sérstöku í afmælisgjöf? „Ég verð bara að viðurkenna að ég er ekkert farinn að hugleidda það og þarf ekki á neinu sérstöku að halda. Vona að það verði ekkert stórvægilegt. Ég hlakka bara til að hitta gamla samferðamenn í gegnum lífið. Ég hef víða verið og víða komið við þannig að ég þekki marga og langflesta að góðu einu.“

gun@frettabladid.is

ÖRUGG FJÁRFESTING – TRYGGÐUR HÖFUÐSTÓLL

Sölutímabil 17.-24. jan.

Hugsun lengra

Höfuðstólstryggðir reikningar

Nú getur þú tekið þátt í að fjárfesta á hlutabréfamarkaðnum eða í gengi mynta án þess að eiga á hættu að tapa höfuðstól og átt möguleika á góðri ávöxtun.

Sala er hafin á tveimur nýjum reikningum, ICEin 0708 og EURin 0708, sem eru höfuðstólstryggðir reikningar. ICEin fylgir gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins, OMXI15. EURin fylgir gengi evrunnar.

ICEin 0708

- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Reikningurinn er bundinn í **sex mánuði**
- Ávöxtun að hámarki **11%** á tímabilinu sem jafngildir **23%** á ársgrundvelli
- Fylgir **OMXI15** vísitölunni
- Höfuðstóll er tryggður í ISK
- Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. janúar
- Sölutímabilið er frá **17. - 24. janúar**

EURin 0708

- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Reikningurinn er bundinn í **sex mánuði**
- Ávöxtun að hámarki **15%** á tímabilinu sem jafngildir **32%** á ársgrundvelli
- Fylgir **gengi evrunnar**
- Höfuðstóll er tryggður í ISK
- Upphafsgengi ákvarðast við lok dags 25. janúar
- Sölutímabilið er frá **17. - 24. janúar**



Kynntu þér málið á kaupping.is, í síma 444 7000, eða komdu við í næsta útibúi.

KEVIN JAMES

ADAM SANDLER

I NOW
PRONOUNCE
YOU**CHUCK
AND
LARRY**

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi.
Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb, 149 kr/skeytið.

Sendu sms **BTCCLV**
á númerið **1900** og þú gætir unnið!

Vinningar eru DVD myndir, vamingur tengdur myndinni og margt fleira!

Kemur í verslanir 17. janúar!

STUÐ MILLI STRÍÐA Vandræðaleg augnablik í lífinu

ROALD VIÐAR EYVINDSSON PRUMPÆÐI Í RÆKTINNI OG LIFDI ÞAÐ AF



Öll höfum við upplif-
að vandræðlegar
uppákomur. Þínleg
augnablik sem ætla
aldrei að enda og við
viljum fyrir alla muni
gleyma sem fyrst, en
eiga til að endurtaka
sig í huganum löngu
eftir að þau áttu sér
stað, okkur til mikillar armæðu.

Ég gleymi því til dæmis aldrei þegar mér varð einu sinni á að prumpa hátt og snjallt þegar ég var að hamast á hlaupabretti í World Class. Sem snöggvast hélt ég að það liði yfir mig af skömm og mér var skapi næst að flýja af vettvangi glæpsins. Svo harkaði ég af mér sannfærður um að enginn hefði

heyrtil mín, en snéri mér við og mætti þá augnliti stúlkna sem veltust um á gólfinu af hlátri.

Eiginlega er mesta furða að ég skyldi láta sjá mig aftur á stöðinni eftir það, ekki síst í ljósi þess að ég varð mér þar aftur til skamrar stuttu síðar. Þá var ég á leiðinni úr sturtu og skildi ekki af hverju annar hver maður góndi á mig í klefanum. Hélt ég væri kannski svona ómótstæðilegur, eða þar til ég sá í speglinum hvar mótaði fyrir sápufröðu aftan á rassinum á mér sem líktist einna helst stæðilegu steli.

Vandræðalegast af öllu þótti mér þó þegar vinur foreldra minna óð einu sinni inn á mig með krakkann sinn, þar sem ég lá ofan í baði og lét

fara vel um mig. Lét krakkann svo kúka meðan ég barðist um við að halda andliti með aðra hönd á klofinu og hina á nefinu til að bægja skítalyktinni frá. Svo hvarf kallinn með krakkann á braut og eftir sat ég í þessum líka fúla forarpytti sem búblíbaðið mitt hafði breyst í.

En í öllum tilvikum lifði ég af og það er mergurinn málsins. Vandræðaleg augnablik verða sjaldnast nokkrum manni að bana, eða hver hefur annars heyrtil um einhvern sem lést úr skömm við að prumpa í fullri lyftu. Þess vegna er best að reyna að gleyma vandræðalegum augnablikum í stað þess að rifja þau upp og kvelja okkur þannig til eilífðarnóns. Sjálf sagt hafa flestir aðrir þegar gert það.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Fislétt kaup

Engin útborgun. Lægra verð.*
Aðeins 45 bílar í 2 daga.
Komdu strax.

Opið kl. 9-18



25.258 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 24 mánuði.

BMW 316-Compact 1,6 bsk. skrd. 03/1999 ek: 144.000 km.
Verð 660.000 kr. Tilboðsverð 560.000 kr. Engin útborgun.
25.258 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. PK455.

Engin útborgun - afborgun
undir 21.000 kr. á mán.



14.472 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Ford Focus H. Series 1,6 bsk. skrd. 11/2001 ek: 107.000 km.
Verð 830.000 kr. Tilboðsverð 590.000 kr. Engin útborgun.
14.472 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. SF324.

Engin útborgun - afborgun
21.000 - 31.000 kr. á mán.



21.368 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus High Series 1,6 bsk. skrd. 03/2001 ek: 103.000 km.
Verð 790.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
21.368 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. VN715.

**Nýttu þér
tilboðin
Tökum notaðan
uppí notaðan**

Engin útborgun - afborgun
31.000 - 50.000 kr. á mán.



31.179 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 78 mánuði.

Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 08/2004 ek: 62.000 km.
Verð 2.180.000 kr. Tilboðsverð 1.990.000 kr. Engin útborgun.
31.179 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 78 mánuði. SX730.

Engin útborgun - afborgun
yfir 50.000 kr. á mán.



52.427 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Expedition Limited 5,4 ssk. skrd. 05/2005 ek: 49.000 km.
Verð 3.890.000 kr. Tilboðsverð 3.590.000 kr. Engin útborgun.
52.427 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YL883.



19.369 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Citroën Picasso Excl. 2,0 ssk. skrd. 11/2003 ek: 81.000 km.
Verð 1.280.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
19.369 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PH060.



22.150 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C4 1,6 ssk. skrd. 06/2006 ek: 40.000 km.
Verð 1.680.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
22.150 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VG422.



19.409 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Citroën Xsara Picasso 2,0 ssk. skrd. 12/2003 ek: 71.000 km.
Verð 1.280.000 kr. Tilboðsverð 1.160.000 kr. Engin útborgun.
19.409 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. SJ886.



23.910 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C4 SX 1,6 ssk. skrd. 06/2006 ek: 32.000 km.
Verð 1.760.000 kr. Tilboðsverð 1.620.000 kr. Engin útborgun.
23.910 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DP104.



42.072 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

VW Passat VR6 2,8 ssk. skrd. 06/2003 ek: 84.000 km.
Verð 2.590.000 kr. Tilboðsverð 2.190.000 kr. Engin útborgun.
42.072 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. TJ723.



54.483 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Expedition Eddie Bauer 5,4 ssk. skrd. 10/2005 ek: 27.000 km.
Verð 3.990.000 kr. Tilboðsverð 3.690.000 kr. Engin útborgun.
54.483 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PH044.



19.369 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Citroën C5 2,0 ssk. skrd. 02/2003 ek: 64.000 km.
Verð 1.190.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
19.369 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. TT376.



30.941 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Hyundai Santa Fe 2,7 ssk. skrd. 01/2003 ek: 75.000 km.
Verð 1.850.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
30.941 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. BA357.



49.532 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Explorer Eddie Bauer 4,6 ssk. skrd. 03/2006 ek: 31.000 km.
Verð 3.690.000 kr. Tilboðsverð 3.390.000 kr. Engin útborgun.
49.532 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PG498.



75.778 kr. á mán.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Volvo XC90 2,5 ssk. skrd. 10/2006 ek: 22.000 km.
Verð 5.590.000 kr. Tilboðsverð 5.190.000 kr. Engin útborgun.
75.778 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OJ904.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**KL. 22.15**

Þátturinn Í sviðsvængnum er á dagskrá Rásar 1 kl. 22.15 í kvöld. Í þættinum er fjallað um Jón Atla Jónasson, eitt afkastamesta íslenska leikskáld síðari ára. Leikin eru brot úr leikritum hans og Jón Atli segir sjálfur frá sköpunarferlinu sem liggur að baki verkum hans.

menning

menning@frettabladid.is

Mahler og fleira gott

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld kennir ýmissa grasa. Söngkonan góðkunnna Rannveig Fríða Bragadóttir kemur fram með hljómsveitinni og syngur hina mögnuðu Rückert-söngva Gustavs Mahler. Verkið þykir spanna ótal blæbrigði og túlka stórbrotinn textann á eftirminnlegan hátt. Mahler samdi verkið upp úr aldamótunum 1900 þegar annað tímabil í tónsmíðaferli hans var að hefjast.

Rannveig Fríða hefur fyrir löngu tryggt sér sess sem ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar. Hún hefur sungið í mörgum virtum óperuhúsum undir stjórn margra frægustu stjórnenda samtímans. Má úr þeim hópi nefna Luc Bondy, Otto Schenk, Herbert von Karajan, Sir Georg Solti, Claudio Abbado og Nikolaus Harnoncourt. Rannveig Fríða er búsett í Austurríki og virk í rómuðu tónlistarlífi landsins.

Hljómsveitin lætur ekki þar við sitja heldur fagnar jafnframt sextugsafmæli Guðnýjar Guðmunds-



dóttur konsertmeistara og sjötugsafmæli Þorkels Sigurbjörnssonar síðar á árinu með flutningi verks sem nefnist Ljósþogi, en Þorkell samdi það á sínum tíma í tilefni af fimmtugsafmæli Guðnýjar. Verkið er skrifað fyrir fiðlukór og ber skýr höfundareinkenni Þorkels, glettni og frjóa úrvinnslu á efniviðnum. Guðnýju er að sjálfsögðu óþarft að kynna, svo fjölbreytt og mikilsvert er framlag hennar til íslensks tónlistarlífs og þó sérstaklega til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Tónleikunum lýkur síðan á Íslandsfrumflutningi á frábærri 5. sinfóníu Ralph Vaughan-Williams, sem var einn mesti sinfóníusmiður Breta á 20. öldinni. Verkið hefur ekki verið flutt áður á Íslandi, en það þykir bæði aðgengilegt og snjallt.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30 í kvöld.

GUSTAV MAHLER Höfundur Rückert-söngvanna sem Sinfóníuhljómsveitin flytur í kvöld.

- vþ

Söngleikurinn Dagbók Önnu Frank

Söngleikur byggður á dagbók Önnu Frank, ungrar stúlku sem lést í útrýmingarbúðum nasista í Bergen-Belsen árið 1945, verður frumsýndur í næsta mánuði í Madrid.

Anna hélt dagbókina á meðan hún og fjölskylda hennar földu sig fyrir nasistum í Amsterdam. Í dagbókina skrifaði Anna um flest það sem sækir á huga unglingsstúlkna – sambandsitt við foreldra sína, rífrildi við systkini sín og aðdáun sína á kvikmyndastjörnum. Bakgrunnur skrifanna er þó allt-



ANNA FRANK Hélt dagbók á meðan hún var í felum fyrir nasistum ásamt fjölskyldu sinni.

af óttinn sem fylgir stríðsástandinu og því er dagbókin einstök sýn inn í heim barns á stríðstíma.

Sjónvarpsmyndir, leikrit og kvikmyndir hafa áður verið gerðar eftir dagbókinni, en fram að þessu hefur hún ekki verið flutt við tónlist. Hlutverk Önnu er í höndum þrettán ára gamallar stúlku frá Kúbu sem á

ýmislegt sameiginlegt með Önnu þar sem hún hefur búið í Bandaríkjunum sem flóttamaður frá Kúbu og meðal annars þurft að eyða talsverðum tíma í felum ásamt móður sinni.

- vþ

Kristín bæjarlistamaður

Kristín G. Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður var útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness 2008 við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness síðastliðna helgi.

Það er menningarnefnd Seltjarnarness sem stendur fyrir valinu á bæjarlistamanni Seltjarnarness og er Kristín tólfthi listamaðurinn sem hlýtur nafnbótina. Í umsögn menningarnefndar Seltjarnarness um verk Kristínar sagði að verkin væru jarðnesk og ójarðnesk í senn í fegurð sinni. Í þeim væru skýrar línur, hreinir litir, kyrrð, staðar- og tímaleysi og rökfærsla á eigin forsendum. Sólveig kvað það einlæga von menningarnefndar að viðurkenningin myndi efla, styrkja og hvetja Kristínu til enn frekari dáða.

Er Kristín tók við viðurkenningunni ásamt 600 þúsund króna fjárstyrk sagðist hún ætla að heim-sækja skóla bæjarins með það fyrir augum að kynna börnum og unglungum hvernig myndlistarmaður vinnur, tæknileg atriði við sköpun listaverks og segja þeim frá raunveruleika listamannalífsins.

- vþ

BÆJARLISTAMAÐUR SELTJARNARNESS Kristín G. Gunnlaugsdóttir tekur við viðurkenningunni úr höndum Sólveigar Pálsdóttur, formanns menningarnefndar Seltjarnarness.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

norway.today

eftir Igor Bauersima. leikstjóri Vigdís Jakobsdóttir

frumsýning í Edinborgarhúsinu á Ísafirði
hátíðarsýning kl. 20 í kvöld

sjáðu og heyrðu meira á www.leikhusid.is

Vodafone styður menningu unga fólksins og býður framhaldsskólanemendum á landsbyggðinni í Farandleikhús Þjóðleikhússins

Whitesnake



MÍÐASALA HEFST Á MORGUN
KL. 10:00





**SAGA UM FORBODNA ÁST
MED TÓNLIST EFTIR
LAY LOW**

Afbragðs dómar!

„Þetta er falleg sýning...
ákaflega sterk... með því að

taka Ökutíma til sýningar hefur íslenskt leikhús stigið feti framar... LA – þar sem allt blómstrar og grær... rigna yfir sýninguna stjórnunum.”

MK, Mbl

„Þetta er stórgóð sýning í einkar vel heppnaðri umgjörð”
EB, Fréttablaðið

„LA nýtur nú vinsælda og virðingar í samfélaginu sem önnur leikhús mega öfunda það af... mjög vel unnin”
JVJ, DV

„Ég er djúpt snortin... Stórkostlegur leiksigur...
mjög áhrifamikil sýning”
SLG, RÚV

„stórkostlegan samleik...beint í hjartastað...”
IS, Kistan

„djúpt og áhrifamikið... rússbanaferð... enn einn sigurinn!”
VAJ, landpostur.is

„magnaða sýningu... opnar augu og snertir, leikhús sem skiptir máli”
JJ, Dagur.net

„hittu mann beint í hjartastað... afar snjöll... Akureyringar eru öfundsverðir af þessari sýningu”
SA, TMM

„Þessi sýning nær manni svo sannarlega... lifir virkilega með manni og vekur mann til umhugsunar ...
LA sýnir mikinn metnað í verkefnavali”
PES, Víðsjá, RÚV



Allra síðustu sýningar:

Fim 17/1
sun 27/1
sun 3/2

**UPPSELT,
örfá sæti laus,
síðasta sýning.**

Tryggðu þér miða núna!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala: **4 600 200** | netsala: **leikfelag.is**

Í samstarfi við



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR

Meistaraverk Glazunovs

Íslenski saxófónkvartettinn stígur á svið í Norræna húsinu á laugardag og flytur rússneska og franska tónlist. Tónleikarnir eru liður í 15.15 tónleikasýr-
unni. Á efnisskránni eru saxófónkvartettar eftir Alexander Glazunov, Jean Francaix, Jean Rivier og Gabriel Pierné. Íslenska saxófónkvartettinn skipa Vigdís Klara Aradóttir á sópran-saxófón, Sigurður Flosason á alt-saxófón, Peter Tompkins á tenór-saxófón og Guido Bäumer á barítón-saxófón.



ÍSLENSKI SAXÓFÓNKVARTETTINN Flytur franska og rússneska saxófónkvartetta í Norræna húsinu á laugardag.

Vigdís Klara segir kvartettinn vera þann fyrsta sinnar tegundar hér á landi. „Kvartettinn er þannig til kominn að við lékum saman á tónleikum með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands haustið 2006 í verki eftir Shostakovitch þar sem saxófónar eru áberandi. Við tókum tal saman og ákváðum upp úr því að stofna þennan kvartett. Saxófónkvartettar samanstanda af þessum fjórum saxófónum; sópran, alt, tenór og barítón, en svo heppilega vildi til að við lékum einmitt fyrir á þessi hljóðfæri. Því þurfti ekkert okkar að skipta um hljóðfæri til að skipa kvartettinn.”

Þrátt fyrir að saxófónkvartettar séu ekki algengasta hljóðfæraskipan hefur töluvert verið samið af tónlist fyrir þá. „Það ber að hafa í huga að saxófónninn er til-
tölulega nýtt hljóðfæri; hann var ekki fundinn upp fyrr en um árið 1850 og því verða saxófónkvartettar ekki til fyrr en snemma á

tuttugustu öldinni. En síðan þá er komin hefð á þá í tónlistarheiminum. Það hefur verið skrifað mest af þessari tónlist í Frakklandi, enda er Frakkland aðallandið fyrir klassískan saxófónleik. Nútímatónskáld hafa tekið þessa hljóðfæraskipan upp á sína arma og samið töluvert af saxófónkvartettum og það hafa meira að segja verið samdir íslenskir saxófónkvartettar,” segir Vigdís Klara.

Saxófónkvartett Íslands leikur þó eingöngu tónlist frá fyrri hluta tuttugustu aldar á tónleikunum á laugardag. Vigdís Klara segir nokkurn mun á frönsku tónverkunum og því rússneska. „Frönsku verkin eru létt og glettnisleg; í þeim er töluvert um fingraleikfimi og kúnstir. Verkið eftir rúss-

neska tónskáldið Glazunov er aftur á móti þyngra og frekar langt. Hann skrifaði það þegar hann var búsettur í París og var undir áhrifum frá þarlendri saxófóntónlist. Verkið er þykkt og hljómmikið og minnr oft á tónverk fyrir strengi fremur en blásturshljóðfæri. Glazunov lítur til baka yfir tónlistarsöguna og má í verkinu heyra vísanir í tónskáld á borð við Brahms, Wagner, Chopin og Schumann. Það má með sanni segja að þessi fburðarmikli kvartett Glazunovs skipi einstakan sess í röðum saxófónverka.”

Tónleikarnir fara fram í Norræna húsinu á laugardag og hefjast kl. 15.15. Almennt miðaverð er 1.500 krónur, en 750 krónur fyrir nemendur, eldri borgara og öryrkja.

vigdís@frettabladid.is

ÁST Í samstarfi við Vesturport

19 jan uppselt
25 jan uppselt
30 jan örfá sæti laus
27 febrúar
28 febrúar

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Andlit Guðrúnar Pálínu

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir opnar málverkasýninguna Andlit í Jónas Viðar Gallery á Akureyri á laugardaginn kl. 14.30. Gallerið er í Listagilinu, á jarðhæð Listasafnsins á Akureyri, og er opið á föstudögum og laugardögum frá kl. 13 til kl. 18.

Guðrún Pálína er fædd og búsett á Akureyri. Hún nam myndlist í Gautaborg og í Hollandi og kláraði framhaldsnám frá Jan van Eyck Akademie 1987. Hún fæst mest við andlitsmyndagerð og vinnur innsetningum stjórnukorta viðkomandi einstaklinga. Flest verkin á sýningunni Andlit eru unnin 2008. Sýningin stendur til og með 9. febrúar.

- vþ

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ívanov fös. 18/1, lau. 19/1 örfá sæti laus

Konan áður fös. 18/1

Skilaboðaskjóðan
sun. 20/1 kl. 14 & 17 örfá sæti laus

Barnasýningin Gott kvöld
sun 20/1 kl. 13.30 örfá sæti laus

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”

> HARRY POTTER Í TVENNT

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær er líklegt að síðasta bókin um Harry Potter verði tvær kvikmyndir. Og nú virðist allt benda til þess að Warner Bros. hyggist fá stórstjörnu til að leikstýra verkinu og þar hefur nafn Stevens Spielberg oftast verið nefnt.



bio
bio@frettabladid.is

Craig ánægður með Bond-píurnar

Sjálfur 007, Daniel Craig, er hæstánægður með nýju Bond-píurnar, þær Olgu Kurylenko frá Úkraínu og Gemmu Arterton. Tökur á nýrri Bond-mynd eru hafnar og virðist Craig vera ánægður með gang mála. „Olga og Gemma eiga eftir að vera frábærar. Þær eru báðar mjög kynþokkafullar, sem er mjög gott mál. Olga er aðal Bond-stúlkan í myndinni en Gemma er ekki síður mikilvæg,“ sagði hann.

Þrátt fyrir að vera að leika í sinni annarri Bond-mynd segist Craig ennþá vera pínulítið taugaveiklaður

DANIEL CRAIG Craig er virkilega ánægður með báðar Bond-stúlkurnar.



OLGA KURLYENKO Craig er ánægður með aðal Bond-stúlkuna.

vegna hlutverksins. „Ég er ekkert minna stressaður núna en áður. Ég veit ekki hvort ég verð nokkurn tímann alveg rólegur yfir þessu. Það er ekki eins og þrýstingurinn minnki þegar þú leikur í tólf milljarða króna mynd. Hann er augljóslega til staðar. Við verðum að reyna að gera jafngóða eða betri mynd en síðast og það skiptir öllu máli.“

GEMMA ARTERTON Gemma og Olga eru báðar mjög kynþokkafullar að mati Daniels Craig.

Skandall skekur Akademíuna

Bandaríska kvikmyndaakademían tilkynnti í vikunni hvaða níu myndir myndu berjast um tilnefningu sem besta erlenda myndin. Og er óhætt hægt að segja að val hennar hafi komið mörgum kvikmynda-spekúlantinum í opna skjöldu.

Helen O'Hara, blaðakona á Empire, gerir val Akademíunnar að umtalsefni á heimasíðu kvikmyndatimaritsins og segir margt bogið við valið.

Hún rifjar upp að þessi verðlaunaflokkur hafi eiginlega verið skandall frá upphafi til enda þetta árið. Þannig hafi ísraelsku kvikmyndinni The Band's Visit verið meinuð þátttaka sökum þess að of mikið af ensku hafi heyrst í henni. Þá hafi Diving Bell and the Butterfly ekki viljað vera með, að ekki sé minnst á Lust, Caution eftir Ang Lee en henni var vísað frá keppni sökum þess að ekki var nægjanlega mikið af starfsfólki myndarinnar frá Kína.

En blaðakonan O'Hara segir þetta allt gleymast þegar horft er til þeirra mynda sem Akademían gekk framhjá og komust ekki einu sinni á blað. Þar fari fremst í flokki Four Months, Three Weeks, Two days eftir rúmenska leikstjórn Christian Mungia sem sópaði að sér verðlaunum á síðasta ári en hlýtur af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ekki náð fyrir augum Akademíunnar. „Getur það verið að Bandaríkjamenn fái í magann við það eitt að sjá mynd um fóstureyðingar?“ spyr Helen. Þar að auki nefnir hún frönsku teiknimyndina Persepolis og spænsk/mexíkósku myndina The Orphanage.

Kvikmynd Baltasars Kormáks, Mýrin, komst ekki í hóp hinna útvöldu en hún var framlag Íslands.

- fgg



MUNGIA Kvikmynd þessa rúmenska leikstjóra hefur fengið mikið lof og sópaði að sér verðlaunum.



HÁVAÐAROK Í FLATEY Hilmir missir allt út úr höndunum.

Óður til sumarnæturinnar

Brúðguminn, ný íslensk kvikmynd í leikstjórn Baltasars Kormáks, verður frumsýnd í sjö sölum á morgun.

„Þetta er ljúfsár kómedía,“ segir Baltasar, „um mann á miðjum aldri sem tekur upp á því að giftast tvítugri stelpu. Myndin er um vandræðalegar uppákomur sem verða til í kringum brúðkaupið úti í Flatey og svo bara um lífið, tilveruna og hamingjuleitina – þá hálf vonlausu leit.“

Brúðguminn er fimmta kvikmyndin sem Baltasar leikstýrir. Hinar eru Mýrin, A Little Trip to Heaven, Hafíð og 101 Reykjavík. „Allar þessar myndir voru frekar dökkar og drungalegar, en þessi er björt og falleg og vonandi mannlegri og hlýrri. Það er ögn meiri bjartsýni í henni en hinum, en hún er kannski ekkert svakalega björt.“

Myndin er lauslega byggð á leikritinu Ívanov eftir Tsjechov, sem sami leikhópur setti upp í Þjóðleikhúsinu fyrir jólin. „Við byrjuðum að spá í þetta í janúar í fyrra og reyndum að koma auga á það hvað í þessu 120 ára leikriti væri áhugavert fyrir okkur í nútímanum. Leikritið var í sjálfu sér bara grind og handritið sem við Ólafur Egilsson skrifuðum stendur alveg eitt og sér. Leikritið fjallar meira um almennt þunglyndi en hjá okkur er verið að skoða þessa svokölluðu miðaldurskreppu sem vill hellast yfir menn um fertugt. Þegar menn líta til baka og sjá að draumarnir hafa ekki alveg ræst, bæði hvað varðar starfið og sambandið.“

Myndin var tekin upp úti í Flatey síðasta sumar. „Við fengum bongóblíðu og þetta var einstakur tími. Tökur stóðu yfir í rúmlega mánuð og við vorum út af fyrir okkur. Hópurinn vann mjög þétt saman. Það sköpuðust eiginlega útopískar aðstæður til kvikmyndagerðar. Í þessari fjarlægð frá sínu daglega lífi varð fólk nánast eins og áhyggjulausir unglingar aftur. Myndin er óður til íslensku sumarnæturinnar og ég man ekki eftir því að björtu nóttunum okkar hafi áður verið gert jafn hátt undir höfði í bíómynd.“

Landslið íslenskra leikara fer með hlutverk í



BJARTASTA MYNDIN TIL ÞESSA Brúðgumi Baltasars er ljúfsár kómedía.



LAUFHEY ELÍASDÓTTIR Fulltrúi krúttkynslóðarinnar.

myndinni. Hilmir Snær Guðnason leikur Jón, miðaldurskreppa manninn sem ætlar að giftast tvítugu krúttkynslóðarstelpunni Þóru, leikinni af Laufeyju Elíasdóttur. Margrét Vilhjálmssdóttir leikur Önnu, fyrri konu Jóns, sem þjáist af geðvarfasýki. Aðrir helstu leikarar eru Ólafur Darri Ólafsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Þróstur Leó Gunnarsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Ólafur Egill Egilsson.

- glh

Okkar skíthæll

„Óvinur vina minna er vinur minn,“ er hættulegt hugarfar. Það er sú hugmynd sem hefur fengið Bandaríkin til að styðja einræðisherra víða um heim undir því yfirskini að vera að berjast við kommúnista, og kommúnista á Vesturlöndum til að styðja Stalín og Maó undir því yfirskini að berjast við Bandaríkin.

Saga lögfræðingsins Jacques Vergés er ágætis stúdíó í því hvernig þetta hugarfar verður ofan á. Hann er af hálf-frönsku og hálf-víetnömmsku ætterni, og varð vitni af því í æsku hvernig nýlendubúar voru látnir skríða fyrir nýlenduherrunum. Af þeim ástæðum styður hann Alsíranga í frelsisbaráttu sinni og gerist lögfræðingur alsírskra uppreisnarmanna, eða hryðjuverkamanna, eftir því hvernig á það er litið. Í framhaldinu fer hann að verja palestínska hryðjuverkamenn og að lokum Klaus Barbie, nasista sem bar ábyrgð á fjöldamorðum í Lyon í stríðinu.

Leikstjórnin Barbet Schröder hefur undanfarið gert Hollywood-myndir eins og Single White Female, en leikstýrði snemma á ferlinum heimildamynd um Idi Amin.

Vergés er áhugaverður maður, og greinilega eldklár, en erfitt er að hafa samúð með honum. Fyrir utan þá hugmyndafræði sína að vera á móti heimsvaldastefnu, sem leiðir hann á endanum í þær ógöngur að styðja nasismann, er augljóst að það er leikurinn sjálfur sem helst heillar Vergés. Hann segir stoltur frá því þegar hann stendur einn andspænis 40 lögfræðingum og setur ofan í við þá. Eins og hjá



VIKIMYNDIR

Lögmaður hryðjuverkanna (L'Avocat De La Terreur)

Leikstjóri: Barbet Schröder
Sýnd á Franskri kvikmyndahátíð í Háskólabíó.

★★★

Lögmaður hryðjuverkanna er áhuga-verð saga. Þegar allt kemur til alls er hún þó ekki nógu vel sögð.

aristókrötunum í kvikmyndinni Ridicule er það að vera klár í sjálfu sér meira atriði en spurningar um rétt eða rangt.

Vandamál myndarinnar er kannski helst það að hún virðist fyrst og fremst ætluð fyrir franska áhorfendur sem þekkja líklega betur til mannsins. Hún er því ekki yfirlit yfir mjög svo áhugaverðan feril Vergés, og hlutir eins og Barbie-réttarhöldin, vörn hans fyrir Omar Bongo og Milosevic, og vinátta hans við gamla skólafélagann Pol Pot fá litla eða enga athygli. Miklu þúðri er hins vegar eytt í að sýna fram á tengsl hans við hryðjuverkamanninn „Carlos sjakala“ svo að myndin fer á stundum að minna meira á réttarhöld með endalausum nöfnum og vísunum í skýrslur.

Valur Gunnarsson

Geimverur og Rock

Tvær kvikmyndir verða frumsýndar um helgina auk Brúðgumans og Atonement. Fyrst ber að nefna aðra myndina um baráttu Predator og Alien um jörðina sem byggð er á frábærum tölvuleikjum. Fyrsta myndin þótti ekkert meistarastykki en númer tvö lofar hins vegar góðu. Í það minnsta var seinni tölvuleikurinn mikið mun betri og þurfti sterkar taugar leikmanna til að

berja niður geimverurnar. Hin myndin er laflétt gamanmynd með sjálfum Rock í aðalhlutverki og heitir The Game Plan. Fyrrum fjölbragðaglímuhetjan leikur þar ruðningskappa sem lifir hinu ljúfa lífi og telur sig vera í paradís hinna ábyrgðarlausu þegar hann uppgötvar að hann á átta ára gamla dóttur. Og sú krest þess að fá að eyða tíma með föður sínum.



SKRÍMSLIN SNÚA AFTUR



ATONEMENT Keira Knightley og James McAvoy fara með aðalhlutverkin í Atonement.

Hlaut fjórtán tilnefningar

Rómantíska myndin Atonement verður frumsýnd í Laugarásbíói um helgina. Myndin var í gær tilnefnd til fjórtán Baftaverðlaunanna sem verða afhent í London 10. febrúar. Spennumyndin No Country for Old Men og There Will Be Blood hlutu hvor um sig ný tilnefningar.

Atonement, sem hlaut Golden Globe-verðlaunin á dögunum, gerist í síðari heimsstyrjöldinni og er byggð á skáldsögu Ian McEwan. Myndin La Vie fékk sjö tilnefningar og The Bourne Ultimatum sex, auk þess sem American Gangster, The Lives of Others og Michael Clayton hlutu fimm tilnefningar.



CHARLIZE THERON

Þakkar reykingunum

Charlize Theron þakkar reykingunum sínum fyrir að hafa fengið aðalhlutverkið í kvikmyndinni In the Valley of Elah. „Ég var alltaf að hitta handritshöfundinn og leikstjórnann Paul Haggis á verðlaunahátíðum. Við vorum einu aumingjarnir í hliðargötu að reykja. Hann sagði, „Ég ætla að skrifa mynd fyrir þig.“ Og hann gerði það,“ segir leikkonan.



VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

Söngnám fyrir alla!



Barna- og unglinganámskeið sem er undirbúningur að skemmtipætti fyrir sjónvarp

Þetta námskeið vakti mikla lukku hjá okkur á síðustu önn og verður afraksturinn í sjónvarpinu fljótlega á þessu ári.

Nú hafa **Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna** og **Dansskóli Birnu Björnsdóttur** tekið höndum saman um framhald á þessu stórskemmtilega námskeiði. Nemendur fá að syngja, dansa og leika í mörgum mismunandi atriðum undir handleiðslu krafmikilla leiðbeinanda í 10 vikur. Þegar atriðin eru fullæfð er farið í myndver og gerður sjónvarpsþáttur upp úr afrakstrinum og allir fá að vera með.



Birgitta Haukdal verður umsjónarmaður þáttarins.

* Einnig kennt í Lækjarskóla í Hafnarfirði

Söngur og framkoma

Þetta er í 7. sinn sem þetta skemmtilega námskeið er haldið, enda eru kennararnir ekki af verri kantinum þær Selma Björnsdóttir og Margrét Eir, landsfrægar leik- og söngkonur. Námskeiðið er tvískipt; annars vegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hins vegar söngur í hljóðveri. Námskeiðið miðar að því að búa upprennandi söngvara undir þær kröfur sem gerðar eru til skemmtikrafta innan tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavík Music Productions þar sem þáttakendur munu fá hljóðritaðan söng sinn á lagi að eigin vali. Þeir sem hafa lokið Söng- og framkomunámskeiði áður geta skráð sig á framhaldsnámskeið af þessu tagi hjá Selmu og Margréti Eir.

Lengd námskeiðs: 10 vikur (1 klst. á viku)

Aldur: 14 ára og eldri



Selma



Margrét Eir



Erna Hrönn

Námskeið fyrir lengra komna, söngvara, leikara og fyrirlesara

Síðastliðið sumar útskrifaðist Margrét sem Linklater kennari í New York. Kristin Linklater sem tæknin er kennd við er ein af virtustu raddkennurum í Bandaríkjunum. Bókin hennar Freeing the Natural Voice er notuð allstaðar í kennslu í háskólum í Bandaríkjunum og í Evrópu. Aðferðin byggist upp á geta notað röddina án nokkurra hafta svo sem spennu í hálsi, kjálka eða tungu, vöðvaspennu, kvíða eða þar eftir götunum. Öndun, og líkamsliðkun er mikilvægur þáttur til að geta haft greiðari aðgang að tilfinningalega túlkun, og opnað fyrir ímyndunaraflið. Margrét mun kenna notkun þessarar tækni. Farið verður í gegnum æfingar, upphitanir til að styrkja röddin. Öndum, líkamsæfingar, túlkun, framkoma, og textameðferð er hlutir sem farið verður í. Þetta er námskeið fyrir þá sem þurfa að reiða sig á röddina í starfi og leik. T.d. Lögmenn, kennarar, fjölmiðlafólk, söngvarar og leikarar.

Lengd námskeiðs: 10 vikur (2 klst. á viku)

Aldur: 16 ára og eldri

25.000 kr. niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR*

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Birgitta Haukdal, Birna Björnsdóttir, Margrét Eir, Selma Björnsdóttir og Erna Hrönn Ólafsdóttir.

Námskeiðin hefjast í febrúar.

Kennt verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.*

Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is

eða í síma 534 9090



*Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

DÝRMÆTAR SEKÚNDUR

Það tekur afar stuttan tíma að tryggja sér miða, en miklar líkur eru á að þeim tíma sé vel varið. Síðasta ár gaf af sér 35.695 vinningshafa í Hapdrætti Háskólans. Við stefnum að því að þeir verði fleiri á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Það er sniðugt ...

... að eiga nokkrar skemmtilegar olíur innanhandar. Auk ólífuolíunnar sem við þekkjum svo vel eru til avókadó-, heslihetu- og sesamolíur, auk fjölmargra bragðbættra tegunda. Tilvalið á eldhúshilluna.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN SIGURBORG STEFÁNSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

Japanskar eggjakökur stórskrýtnar

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Grænmetis. Ég borða mikið af bæði grænmeti og ávöxtum og gæti alls ekki verið án þess.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:

Minnisstaðasta máltíðin er væntanlega fasanar sem ég fékk í Kaupmannahöfn. Það var held ég í fyrsta skipti sem ég smakkaði fasana og þeir voru alveg rosalega góðir.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Bjúgu. Þau eru meira að segja verri en hákarl.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Ferskt engifer út á allt, ég er svolítið slæm hvað það varðar.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Poppkorn.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Ég á alltaf góðar ólífuolíur, ávaxtasafa og smjör. Það er það sem mér finnst nauðsynlega þurfa að vera til.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Ég myndi vilja hafa með mér veiðistöng til að veiða fisk og kannski bara kartöflur til að hafa með. Þá er ég komin með fína máltíð.

Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?

Það eru japanskar eggjakökur sem ég fékk í Japan. Það er mjög undarlegur matur. Þær voru svona átta sentimetra þykkar, eins og lítil kaka, og alls konar dót í þeim, fiskur og sósur og allt mögulegt. Ég vissi aldrei alveg hvað var í þessu og fannst þetta alltaf mjög skrýtið.



Ætisþistlar í salatið



ÆTILEGIR ÞISTLAR

Nafnið ber það með sér að ætisþistlar séu ætlaðir til átu þó að ekki virðist grænmetið sérstaklega auðverkað við fyrstu sýn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ætisþistlar tilheyra þeim flokki grænmetis sem lítur frekar út eins og gestapraut í samkvæmi ofurheila en eitthvað sem ætlað er til átu. Það reynist enda mörgum erfitt að ætla sér að matreiða ferska ætisþistla, því handtökin eru nokkuð mörg. Ef ferskir ætisþistlar eru á matseðlinum er sniðugt að velja þá sem eru hvað minnstir, því þá má baka eða grilla í sneiðum eða helmingum, og jafnvel nota hráa í salöt. Þá stærri þarf hins vegar að hreinsa vel og sjóða í dagóðan tíma eftir kúnstarinnar reglum.

Deir sem ekki treysta sér til þess að eiga við grænmetið í upprunalegu horfi geta þá notið góðs af þessum afurðum Miðjarðarhafslánda í öðru formi. Ætisþistla í olíu er auðveldlega hægt að nálgast hér á landi og eins fæst ætisþistlamauk í einhverjum verslunum. Þá olíulegna má vel nota í salöt og svo má prófa að bæta þeim út í heimagerðar ídýfur og mauk.



MATMANNESKJA Söngkonan Rannveig Káradóttir er mikil áhugamanneskja um mat, sama hvort um ræðir að elda hann eða snæða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ítölsk upplyfting

Ítalskt focaccia-brauð er tilvalin upplyfting í skammdeginu, og reyndar líka á bjartari dögum. Sjávarsalt og rósmarín, auk hinnar ómissandi ólífuolíu, tengjast brauðinu sterkum böndum. Það er þó einnig hægt að dreifa parmesanosti, ólífum, sólþurrkuðum tómötum eða hverju því sem hugurinn gírnist yfir brauðið. Þetta er ein af þeim uppskriftum sem í boði eru á netinu.



KLASSÍSK FOCACCIA

Ítalska focaccia-brauðið er sérdeilis ljúffengt.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hitið ofninn í 200 gráður. Setjið deigið á oliuborna bökunarplötu eða bökunarpappír og dreifið úr því svo það fylli upp í plötuna. Gerið litlar holur í yfirborðið með fingrunum eða skeið. Blandið afgangi oliunnar við dálítið vatn og berið á deigið. Stráið sjávarsalti og rósmaríni yfir brauðið. Bakið brauðið þar til það er gullinbrúnt, ekki of lengi. Kælið og njótið.

7½ bollar hveiti volgt vatn

50 g ger

1/3 bolli jómfurárolífuolía

salt, fint og gróft

ferskt rósmarín

Leysið gerið upp í volgu vatni. Hrágið hveitinu upp, búið til holu í miðjunni og hellið gerblöndunni í holuna ásamt um 5 msk. af ólífuolíu og tveimur klípum af fínu salti. Hnóðið deigið og bætið við vatni ef þarf, þar til deigið loðir vel saman. Oliuberið skál, komið deiginu fyrir í henni og látið hefast í um tvo tíma.

Eftirréttur í uppáhaldi

Það er mikið fram undan hjá söngkonunni Rannveigu Káradóttur. Hún gaf sér þó tíma til að deila með sér uppskrift að uppáhalds-eftirréttinum sínum.

Rannveig Káradóttir fer með hlutverk Annínu í uppfærslu Íslensku Óperunnar á La Traviata, sem frumsýnd er í næsta mánuði. Hún segist vera mikil áhugamanneskja um mat, hvort sem hún eldar hann eða borðar.

„Ég er mikil eftirréttamanneskja líka, auðvitað,“ segir Rannveig og hlær við, en hún deilir uppskrift að frönskum búðingi með lesendum Fréttablaðsins að þessu sinni. „Ég er svolítið tímabilamanneskja, held ég. Þetta er eftirrétturinn minn núna, og svo elda ég eiginlega bara indverska karrirétti í aðalrétt þessa dagana,“ segir Rannveig.

Eftirréttinn góða segir hún afar þægilegan. „Hann er svo léttur og góður. Þegar maður hefur borðað mikið, eins og mér finnst svo gaman, er stundum erfitt að borða of sæta eftirrétti. Það er gott að fá eitthvað svona passlega sætt, eins og þennan. Hann er svipaður og crème brûlée, en án sykurbraðarinnar,“ útskýrir Rannveig.

Áður en að frumsýningu á La Traviata kemur heldur hún til New York, þar sem hún mun syngja í Carnegie Hall. „Ég vann keppni ásamt annarri íslenskri stelpu, þar sem þetta eru verðlaunin. Svo fáum við að hitta margt mikilvægt fólk, og förum á námskeið í hvernig maður eigi að koma sér áfram og svona,“ útskýrir hún. Þá tekur Rannveig burtfararpróf frá Tónskóla Reykjavíkur í vor, og hyggst svo flytjast búferlum til Ítalíu, þar sem hún mun læra hjá Kristjáni Jóhannssyni.

Petits pots de crème

400 ml mjólk
1 vanillustöng
3 eggjarauður
1 egg
80 g sykur



Hitið ofninn í 140°C. Setjið mjólkina í pott. Kljúfið vanillustöngina í tvennt og skafið kornin úr og bætið út í mjólkina ásamt stönginni sjálfri. Hitið að suðu.

Þeytið á meðan saman eggjarauður, egg og sykur. Sigtíð mjólkina síðan ofan í eggjablönduna og hrærið vel. Fjarlægjið alla froðu af yfirborðinu.

Hellið í 4 lítil eldfóst mót (25 ml) og látið í djúpa bökunarskúffu. Hellið heitu vatni þannig að það nái hálfu leið upp með hliðum mótanna. Bakið í 30 mín. eða þar til búðingarnir eru í föstu formi. Látið þá á stálgrind til að kólna og síðan inn í ísskáp þangað til þeir eru bornir fram. Skreytið til dæmis með berjum og myntulaufum.



Nýtt og betra Gallery opnað

Veitingastaður Hótel Holts verður opnaður á morgun eftir töluverðar breytingar. Staðurinn hefur fengið dálitla andlitslyftingu og gengur nú undir heitinu Gallery. Það er þó í eldhúsinu sem mestu breytingarnar hafa átt sér stað en þar er nú að finna sérhannaða og sérsníðna eldavél.

„Allt liðið í eldhúsinu teiknaði eldavélina saman og við létum sérsníða hana fyrir okkur úti í Frakklandi. Það er allt í henni sem við þurfum á að halda,“ útskýrir Friðgeir Ingi Eiríksson yfirmatreiðslumeistari, sem segir eldhúsið í heild sinni hafa verið gert fokhelt. „Við ákváðum reyndar að halda einu gömlu borði, bara svona til þess að halda í eitthvað gamalt,“ segir hann.

Með nýrri eldavél opnast möguleikar á matreiðslunámskeiðum í framtíðinni. Fyrstu námskeiðin verða haldin um mánaðamótin febrúar-mars, að sögn Friðgeirs. „Við viljum kenna fólki að halda fína veislu heima hjá sér án þess að þurfa að standa á haus í heilan dag. Þú átt að geta tekið fordrykk með gestunum án þess að maturinn fari í köku,“ segir hann. Vinnámskeið, þar sem þjónar staðarins ausa úr viskubrunnum sínum, eru einnig á dagskránni þegar fram líða stundir.



MIKIL ANDLITSLYFTING Friðgeir Ingi Eiríksson segir bæði veitingasal og eldhús á veitingastað Hótel Holts hafa fengið mikla andlitslyftingu. Staðurinn verður opnaður á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gallery verður opnað fyrir almenning á morgun og verður breyttum og bættum stað ýtt úr vör með því að fá Michelin-kokkinn Francis Chauveau frá Frakklandi í heimsókn á sérstökum hátíðardögum, sem standa fram á sunnudag.

- sun

BONUS BONUS BONUS BONUS

Kjúklingatilboð: Ferskur forkryddaður eða frosinn



498

Ferskur kjúklingur
heill forkryddaður
498 kr/kg
TILBÚINN Í ÁLBAKKA
BEINT Í OFNINN



398

Frosinn kjúklingur
1. fl heill
398 kr/kg



**20%
AFSLÁTTUR**

559

Lambabógur frosinn 20% afsláttur

559 kr/ kg. Merkt verð 699 kr/kg.



998

Kjúklingalundir Danskar 700g 998 kr.



98

Bónus brauð 1 kg 98 kr.
26 sneiðar.



98

Bónus kartöflumús 220g 98 kr.



59

EUROSHOPPER safi 1,5 ltr 59 kr.
Síðasti neyslusd. 30 feb.



129

Létt & laggott grænt með olífum 400g 129 kr.



598

Kristjánsbakarí: Djöflaterta 784g 598 kr.



498

Ferskt íslenskt nautahakk 798 kr/kg.

798

Ferskt blandað hakk 498 kr/kg.

BONUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00 til 18.30

> MARC OG VICTORIA

Victoria Beckham hefur vakið töluverða athygli í auglýsingum fyrir hönnuðinn Marc Jacobs á síðustu dögum. Í auglýsingunum sést kryddpían bröla um í risastórum innkaupapoka með nafni Jacobs á. Á sumum sést í höfuð hennar, á öðrum bara í einn fótlegg. Er það mál manna að Victoria hafi þar með sannað að hún hafi að minnsta kosti einhvern húmor fyrir sjálfri sér.



Gísli dustar rykið af gömlum hetjum

„Bernal lenti í síðustu viku og verður fram til 8. apríl en þá förum við til Mexíkó með sýninguna,“ segir leikstjórinn og leikarinn Gísli Örn Garðarsson. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá mun mexíkóska stórstirnir Gael Garcia Bernal leika í uppfærslu Vesturports á Tillsammans og eru æfingar nýhafnar. Leikarinn mun því væntanlega verja páskunum hér á landi og njóta næturhlífins, sem er jafnan upp á sitt besta á þeim tíma.

Gísli hafði sjálfur ekki rekist á félag sinn enda nýkominn heim frá London þar sem Hamskiptin voru frumsýnd á mánuðagskvöldið. Gísli var ákaflega sáttur við frammistöðu hópsins, sagði hann hafa staðið sig ákaflega vel og að þegar hefði birst jákvæður dómur í breska blaðinu Evening Standard. Eftir nokkrar sýning-

ar mun leikverkið síðan fara í mikið ferðalag um England og verður meðal annars sett upp í Bítlaborginni Liverpool og Manchester.

En það er meira á dagskránni hjá Vesturporti því á meðan á dvöl Gísla Arnar stóð í London samdi hann við Lyric Hammersmith-leikhúsið um að setja upp söngleikinn Ást í sumar. Gísli sagði allt verða staðfært og meðal annars notuð lög frá þekktum breskum tónlistarmönnum, þeirra á meðal Amy Winehouse. Og hann reiknaði fastlega með því að rykið yrði dustað af löngu gleymdum hetjum úr bresku þjóðlífi. Suðurkóreska útgáfan af Ást verður frumsýnd 1.

febrúar næstkomandi og þótt Gísli hafi haft litlar fregnir af gangi mála þar skildist honum að þegar hefði ein leikkonan verið rekin. Og sá brottrekstur hefði vakið mikla athygli í suðurkóreskum fjölmiðlum. „Ætli ég reyni ekki að drífa mig út þegar aðeins hægist um hjá mér hérna heima,“ segir Gísli.



ÖNNUM KAFINN Árið 2008 virðist ætla að verða annasamt hjá Gísla Erni en hann ætlar að setja upp söngleikinn Ást í sumar í London.

fólk

folk@frettabladid.is

Brad Renfro látinn

Bandaríski leikarinn Brad Renfro, sem sló í gegn ungur að aldri í myndunum The Client og Sleepers, fannst látinn á heimili sínu, 25 ára. Ekki er vitað hvernig Renfro dó en hann hafði lengi glímt við áfengis- og eiturlyfjafikn. Hafði hann verið úti á lífinu með vinum sínum kvöldið sem hann lést.



BRAD RENFRO Renfro sló í gegn ungur að árum í myndunum The Client og Sleepers.

Renfro hóf kvikmyndferil sinn tólf ára þegar hann lék í myndinni The Client á móti Susan Sarandon og Tommy Lee Jones. Næstu myndir hans voru The Cure og Tom and Huck, sem fjallaði um Stikilsberja-Finn. Í Sleepers lék hann síðan persónu Brad Pitt unga að

árum. Ferill Renfro dal- aði smám saman en áður en hann lést hafði hann þó nýlökkið við að leika í The Informers á móti Winonu Ryder og Billy Bob Thornton.

Renfro lenti margoft upp á kant við lögin og þurfti að dása í fangelsi fyrir eiturlyfjávörslu, þjófnað, ölvunarakstur og skilorðsbrot. Hann fór í meðferð árið 2005 eftir að hafa verið ákærður fyrir að reyna að verða

sér úti um heróín. „Hann lagði hart að sér við að hætta vímu-efnanotkun. Honum gekk vel. Hann var góð manneskja,“ sagði Richard Kaplan, lögfræðingur hans.

Sverðin slíðruð fyrir EM

Sjónvarpsmennirnir Auðunn Blöndal og Adolf Ingi Erlingsson sameinast á nýjan leik á EM í handbolta sem hefst í Noregi í dag. Á HM í Þýskalandi í fyrra grófu þeir stríðsöxina eftir harðar deilur og á Auðunn von á góðu samstarfi við Adolf á mótinu.

„Hann tekur bara upp sitt efni og við tökum upp okkar. HSI er búið að redda okkur einhverjum sérstökum pössum þannig að við erum gjaldgengir hvar sem er,“ segir Auðunn Blöndal sem enn og aftur er kominn á fullt með íslenska landsliðinu á stórmót. Nú í Þrándheimi á EM sem hefst í dag.

Eins og frægt varð skarst í odda með þeim Huga Halldórssyni, Auðuni Blöndal og svo Adolf Inga Erlingssyni, íþróttafréttamanninum knáa af RÚV, á HM í Þýskalandi í fyrra þegar þeir félagar sökuðu Adolf um að hafa gengið erinda þýskra yfirvalda og komið því til leiðar að þeim var hent út úr íþróttahöll skömmu eftir leik Íslands og Úkraínu. Auðunn var reyndar ekki búinn að hitta á Adolf Inga en sagði að sverðin hefðu verið slíðruð í Þýskalandi og hann ættri ekki von



SVERÐIN SLÍÐRUÐ Þrátt fyrir að slegist hafi í brýnu með þeim félögum Auðuni Blöndal, Huga Halldórssyni og Adolf Inga þá hafa sverðin verið slíðruð fyrir EM.

á því að gripið yrði til þeirra á ný.

Auðunn, sem er að fara í annað sinn til Noregs, segist þó ekki vita mikið um Þrándheim og einhver hafi logið því að honum að þar sé öllu lokað klukkan níu. Hann setur það þó ekki fyrir sig enda ætli hann fyrst og fremst að taka púlsinn á íslenskum stuðningsmönnum landsliðsins. „Og ætli við reynum ekki að böggja stuðningsmenn hinna liðanna,“ segir Auðunn.

Fyrsti leikur Íslands á mótinu

verður gegn Svíum í kvöld og má búast við æsispennandi viðureign. Svíar búsettir hér á landi ætla að hittast í Norræna húsinu og horfa á leikinn á breiðtjaldi. Á síðasta ári hittust Svíar einnig á sama stað til að fylgjast með sínum mönnum taka á móti Íslendingum í undankeppni EM í fótbolta. Sá leikur endaði með stórsigr Svía en vonandi verður ekki það sama upp á teningnum í kvöld. Partíð í Norræna húsinu hefst klukkan 18.30 og byrjar leikurinn 19.15.

- fgg/fb

Drew berst við bólurnar



Drew Barrymore segist ekki skilja af hverju hún sé talin í hópi fegurstu kvenna í Hollywood, þar sem hún hafi alla tíð fengið mikið af bólum. „Eina fegurarráðið mitt er bólukrem, ég gæti ekki lifað án þess,“ segir leikkonan við Entertainmentwise.

„Ég er stöðugt að fá bólur og það pirrar mig meira en allt annað. Ég hef prófað hverja einustu andlitssápu, bólukrem, allt,“ segir Barrymore, sem kveðst ekki hafa mikið sjálfssálit hvað varðar útlitið. „Nú þegar ég er farin að eldast fæ ég svo fullt af hrukkum í stíl við bólurnar. Suma daga lít ég út eins og eitthvað úr Night of the Living Dead,“ segir hún hlæjandi.

útsala

enn meiri verðlækkun

Verðdæmi:

Bolir 1.250

Buxur 3.000

Kápur 6.000

oasis

KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS

Birgittulaus Magni

Á laugardaginn verður fyrsta 12-laga undanúrslitakvöldið í Eurovision forvalinu. Athygli vekur að lag Hafdísar Huldur, Núna veit ég, verður að þessu sinni flutt af Magna Ástgeirssyni einum, en var seinast sungið af honum og Birgittu Haukdal.

„Þegar maður er með svona stórstjórnur er erfitt að finna dagsetningar sem ganga upp fyrir alla,“ segir Hafdís.



„Birgitta er í fríi á Ítalíu svo það varð ofan á að strákurinn syngi þetta bara einn. Ég hef engar áhyggjur af þessu. Lagið verður í breyttri útgáfu, það er búið að endurgera það svo það henti betur Magna einum.“

Lögin sem Hafdís þarf að etja kappi við á laugardaginn eru Gef mér von eftir Gumma í Sálinni, sem Páll Rósinkrans syngur og friðarlagið hans Magnúsar Þórs Sigmundssonar, Lullaby to Peace, sem Ína Valgerður Pétursdóttir, Seth Sharp og Berglind Ósk Guðgeirsdóttir syngja.

Strax á sunnudaginn er Hafdís Huld svo flogin til Englands.

„Ég hef búið undanfarið í Kings Cliffe í mið-Englandi og hlakka mikið til að komast þangað í sveitakyrrðina aftur. Ég er með heima-stúdíó sem ég er spennt að komast í til að byrja að vinna í næstu plötu.“

TREYSTIR MAGNA FYRIR DJÖBBINU Hafdís Huld hefur engar áhyggjur.



til Akureyrar



Aqua Spa



ÁTAK

HEILSURÆKT

Átak heilsurækt sími 461-4444

Aqua Spa sími 461-4445

Strandgata 14 www.atakak.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Matthew McConaughey** á von á sínu fyrsta barni með kærustu sinni, brasilísku fyrirsætunni Camila Alves. „Við erum himinlifandi yfir þessu kraftaverki og hlökkum mikið til komandi ævintýra,“ skrifaði McConaughey, sem er 38 ára, á heimasíðu sinni. Nýjasta mynd hans, *Fool's Gold*, er væntanleg í bandarísk kvikmyndahúsi í næsta mánuði. Árið 2005 var hann kjörinn kynþokkafyllsti maður veraldar af tímaritinu *People*.



Leiðtogar Vísindakirkjunnar hafa sent frá sér sjö blaðsíðna yfirlýsingu þar sem þeir fordæma ævisögu Bretans Andrew Morton um **Tom Cruise**. Bókin, sem er nýkomin í búið í Bandaríkjunum, fjallar um tengsl vísindatrúar Cruise og hjónabanda hans við Nicole Kidman og Katie Holmes. Leiðtogar kirkjunnar segja að Morton hafi ekki talað við neinn sem er nákominn Cruise vegna bókarinnar og því viti hann ekkert um hvað hann sé að tala. Morton segist hafa reynt að ná viðtölum en án árangurs. Hann er þekktur fyrir umdeilda ævisögu sína um Dönu prinsessu sem kom út fyrir áratug.



Leikarinn **Casey Affleck** og eiginkona hans Summer Phoenix, sem giftu sig árið 2006, eignuðust sitt annað barn fyrir skömmu. Þau eiga fyrir þrjú ára son sem heitir Indiana August. Summer Phoenix er systir leikarans Joaquin Phoenix en Casey er bróðir Ben Affleck.



Sir Paul McCartney ætlar að halda ljósmyndasýningu með verkum eftir fyrverandi eiginkonu sína, Lindu McCartney, sem lést fyrir tíu árum. McCartney hefur undirbúið sýninguna í þrjú ár og meðal þeirra sem þrýða ljósmyndirnar eru Jim Morrison og John Lennon. Einnig eru þar myndir af McCartney-fjölskyldunni.



STUÐBANDIÐ STEED LORD Vel yfir hálf milljón manna hefur heimsótt MySpace-síðu hljómsveitarinnar á tæpum tveimur árum.

Straumur á Steed Lord

Eins og vinsældir Lily Allen og Arctic Monkeys sanna getur Myspace haft góð áhrif á útbreiðslu og vinsældir tónlistarmanna. Íslenski kvartettinn Steed Lord notar Myspace óspart til að breiða út fagnaðar-erindið og hefur fengið vel yfir hálf milljón heimsóknna á tæpum tveimur árum. Um 2.000 gestir bætast við daglega. Af íslenskum hljómsveitum eru aðeins Sigur Rós, Björk og múm með vinsælli Myspace-síðu.

„Myspace er okkar miðpunktur og þaðan höldum við tengslum við umheiminn,“ segir Einar Egilsson, sem er betur þekktur sem M.E.G.A. í Steed Lord. Bandið er skipað honum og bræðrum hans Erling og Eðvarð (eða Demo og AC Bananas) og Svölu Björgvins, sem er kærasta Einars og kallar sig Kali með Steed Lord. Tónlistin er dansvæn raftónlist. „Nánast öll okkar sambönd í tónlistarheiminum hafa komið til í gegnum þessa

síðu. Hvort heldur það er við pródúsera, dj-a eða aðra listamenn. Við höfum verið á hundruðum blogg síðna, það hafa birst viðtöl við okkur í tímaritum úti um allt og við höfum átt lög á mixteipum og safnplötum. Myspace er ótrúlega sniðugt fyrirbæri.“

Í gegnum síðuna hafa tónleikahaldarar haft samband við hljómsveitina sem hefur orðið til þess að hún hafi spilað um allan heim. „Við erum á leiðinni til Mexíkó í lok janúar og spilum þar tvö stór gígg. Allt síðasta ár var alveg kreisi, við fórum út í hverjum mánuði og spiluum um alla Evrópu og í New York og Miami. Það er fáránlegt að eiga aðdáendur um allan heim og við fáum mikil viðbrögð frá svörtum krökkum í Bandaríkjunum. Músikin talar.“

Hægt er að hlusta á mörg laga Steed Lord á Myspace-síðunni og Einar segir fyrstu plötuna væntanlega. „Það er búið að taka hana upp og við mixum í febrúar. Ætli hún komi ekki út í mars. Við komum með stafræna EP-plötu í febrúar, lagið Dirty Mutha verður aðallagið þar með remixum eftir stóra listamenn. Við gerum þetta allt sjálf eins og er, en það er mikill áhugi erlendis. Við erum að vinna í þeim málum.“

gunnarh@frettabladid.is



BJÖRN THORODDSEN Björn og félagar í Cold Front spila á Nasa á föstudagskvöld.

Cold Front með tónleika

Hljómsveit gítarleikarans Björns Thoroddsen, Cold Front, heldur tónleika á Nasa á föstudag til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu. Sveitin var stofnuð í Kanada og var upphaflega skipuð þeim Richard Gillis, trompetleikara og stjórnanda stórsveitar Winnipegborgar, og bandaríska kontrabassaleikaranum Steve Kirby ásamt Birni. Í sumar bættust í sveitina píanistinn Will Bonnes, trommarinn Daniel Freedman og saxófónleikarinn Jonathan Stevens.

Tónleikarnir, sem hefjast klukkan 22, verða teknir upp og sýndir í Ríkissjónvarpinu og í kanadísku sjónvarpi.

Hélt að Foo myndi hætta

Rokkarinn Dave Grohl átti aldrei von á því að hljómsveit hans Foo Fighters myndi endast lengur en í tvær til þrjár plötur. Núna getur hann ekki hugsað sér að sveitin, sem nýverið gaf út sína sjöttu plötu, hætti.

„Ég hélt alltaf að sá tími kæmi að hljómsveitin hætti og ég færi að gera allt sem mig langaði til að gera, eins og að eignast börn og sinna föðurhlutverkinu heima hjá mér,“ sagði Grohl. „Núna er ég að átta mig á því að þetta tvennt getur alveg farið saman.“ Bætti hann því við að hann gæti ekki varið meira en fjórtán dögum á tónleikaferðalögum frá fjölskyldu sinni.



DAVE GROHL Forspraki Foo Fighters átti ekki von á því að sveitin entist svona lengi.

Óbirtingarhæf skopmynd af Agli

Mikil umræða er á vefsíðu Egils Helgasonar við færslu hans um bókina *Íslam* með afslætti sem nýverið kom út. Egill segir að greina megi tvo rauða þræði í bókinni: Því að mestu hafnað að heiminum stafi ógn af öfgafullu íslam, við eigum að uppræta fordóma okkar gagnvart íslam og svo er fjallað um dönsku skopmyndirnar þar sem birtist sú afstaða að rangt hafi verið að birta þær. Egill er eindregið þeirrar skoðunar að þar séu aðstandendur bókarinnar mjög á villigötum.

Ein þeirra sem standa að bókinni er Auður Jónsdóttir hvers eiginmaður er myndlistarmaðurinn og rithöfundurinn Þórarinn Leifsson. Hans innlegg í umræðu sem myndast hefur á athugasemdakerfi Egils má heita forvitnilegt. Hann sendir ástarkveður til skoðanabræðranna Egils og Ágústs Borgþórs Sverrissonar og hlekk sem vísar á skopmynd sem ekki er prenthæf. Þar má sjá þá Egil og Ágúst í „ástaratlotum“ við að búa til „lítinn negrastrák“. Á myndinni má sjá Egil lesa í bókinni „Tú litlir negrastrákar“ en hann varði útgáfu hennar um síðustu jól, taldi ekkert athugasvert við endurútgáfu hennar. Myndin er ósiðleg en spaugileg og gekk hún eins og eldur í sinu um netið í gær. Ekki náðist í Egil Helgason í gær vegna málsins.



EGILL OG ÁGÚST BORGÞÓR Skopmynd eftir Þórarinn Leifsson, en textinn hylur það allra heilagasta, gengur sem eldur í sinu um netið.

ÚTSALA

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

VERÐDÆMI:

PEYSUR 1.250

BUXUR 2.000

JAKKAR 2.500

TOPSHOP

SMÁRALIND OG KRINGLUNNI



STÓRÚTSALA

Allt að **70%** afsláttur

PAKKATILBOÐ!
VEGGHENG T WC, SETA, LOK
OG INNBYGGÐUR WC KASSI

Kr. 29.675

CLEVER
HANDLAUGATÆKI
HÁTT

Kr. 6.952

ÁN LYFTITAPPA

ALAPE HANDLAUGAR
ALLT AÐ

40%
afsláttur

40%
afsláttur

BADDEILD

20%
afsláttur

AF ÖLLU SEM EKKI ER Á ÚTSÖLU

PLANKA PARKET
ÝMSAR TEGUNDIR

20-40%
afsláttur

KÄHRS PARKET
ALLAR GERÐIR

15-25%
afsláttur

FÍSAR ALLT AÐ

70%
afsláttur

LAGERHURÐIR

25%
afsláttur

Spennandi tímar hjá Jóni

Það er heilmikið í þípunum hjá Jóni Ólafssyni þessa dagana. Funheitustu tíðindin eru þau að hljómsveitin Ný dönsk er rögnuð allverulega úr rotinu og stefnir á að gera nýja plötu í sumar með fullri liðsskipan.

„Eftir að Daníel Ágúst gekk aftur til liðs við okkur hafa hlutirnir æxlast þannig að það er nóg að gera hjá okkur,“ segir Jón. „Við ætlum að taka upp nýja plötu í ágúst og erum að spila hér og þar, meðal annars að skipuleggja ferð út á land.“ Daníel Ágúst var síðast með Ný dönsk á plötunni Hunang sem kom út árið 1993.

Þetta verður ekki eina platan sem Jón kemur nálægt á árinu. „Við Sigurður Bjóla sitjum nú sveittir og semjum lög við ljóðin hans Steins Steinarr. Hann á aldarafmæli á þessu ári og Listahátíð í Reykjavík fékk mig til að halda tónleika í lok maí þar sem ljóðin hans verða sungin. Samhliða tónleikunum kemur út plata með þessum nýju lögum okkar og eldri lögum sem gerð hafa verið við ljóðin hans. Við Sigurður unnum saman að gerð tónlistar fyrir kvikmyndina Brúðguminn og mér fannst upplagt að virkja hann meira. Bjólan er verulega klár náungi.“

Þann 22. mars næstkomandi spilar Sinfónían og úrval íslenskra poppara lög Bítlanna í Laugardagshöll. Jón fer fyrir poppurinum.

„Eins mikill Bítlamaður og ég er þá fékk ég nú alveg nóg af því að spila þessa tónlist allar helgar með Bítlavinafélaginu. En það er gaman að taka þetta annað slag. Ég hef svo sem gert þetta áður, var með í Lennon-prógrammi Nýlega og svo þegar Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band var flutt með Sinfó árið 1997. Þetta verður flott. Það verður blönduð Bítladagskrá fyrir hlé – margt sem ætti að koma á óvart á efnið þar – og svo Pepperinn í heild sinni eftir hlé. Það er alltaf gaman að spila það verk, mörg strembin lög þarna. Björgvin Gíslason þurfti sem dæmi að byrja að æfa sig mörgum mánuðum fyrir á Within You Without You fyrir tónleikana 1997. Það er víst svona snúið að spila á þessa sitara.“

Sítarsénið Björgvin verður einmitt líka með núna ásamt landsliði hljóðfæraleikara og þeir sem ljá gullbarka sína á konsertinum eru KK, Stefán Hilmarrson, Daníel Ágúst, Eyjólfur Kristjánsson, Sigurjón Brink og sjálfur Björgvin Halldórsson.“



MÖRG SPENNANDI VERKEFNI Á DÖFINNI Jón Ólafsson situr ekki auðum höndum.

Miðasala á þetta draumagigg Bítlaaðáenda hefst 5. febrúar.

Lítið hefur farið fyrir Jóni Ólafssyni á sjónvarps-skjá landsmanna að undanförunu en hann snýr aftur næsta vetur á RÚV. „Ég er að undirbúa þáttaröð sem tekin verður upp í maí og júní. Þar verður ein íslensk hljómplata tekin fyrir í hverjum þætti. Þetta verða annaðhvort sex eða átta þættir til að byrja með og ég er svona að ákveða það núna hvaða plötur ég tek fyrir. Lifun, Hrekkjusvínaplatan og Life's Too Good með Sykurmolonum verða þarna pottþétt, en afgangurinn kemur í ljós.“

gunnarh@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

EFTIR MAGNADRI SÖGU STEPHEN KING
ÓTTINN BREYTIR ÖLLU!

LÚXUS 16

FRÁ FRANK DARABONT, HANDRITSHÖFUNDI OG LEIKSTJÓRA "THE GREEN MILE" OG "THE SHAWSHANK REDEMPTION"

MISTRID

FRÁ FRANK DARABONT, HANDRITSHÖFUNDI OG LEIKSTJÓRA "THE GREEN MILE" OG "THE SHAWSHANK REDEMPTION"

NÝTT Í BÍÓ!

LUST VARGUR

græna ljósið

FRÁ ÖSKARS VERUÐARHAFAFANUM ANG LEE LEIKSTJÓRA, BROKÓSKICK MÖRSTAN OG CRUCIFUNG TIGER, HEDDAN DRAGAN

NANNY

16

IT'S NOT THERE

12

THE NANNY DIARIES

10

WE OWN THE NIGHT

16

HITMAN

16

DUGGHOLLFÓLKID

7

RUN FAT BOY RUN

16

Frönsk kvikmyndahátíð 11.-24. janúar í Háskólabíó

PERSEPOLIS

14

LOFADU MÉR

7

PROMETS-MOI

12

THE NANNY DIARIES

10

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIÐLIS - ALLT UM MYNDIRNAR Á GRÆNALJOSID.IS OG AF.IS - ALLAR MYNDIR MED ENSKUM TEXTA

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	5%	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000	450 kr. í BÍÓ!
THE MIST	kl. 5:20 - 8 - 10:40	16	LUST CAUTION	kl. 6 - 9	16
THE MIST LÚXUS	kl. 5:20 - 8 - 10:40		IT'S NOT THERE	kl. 6 - 9	12
THE NANNY DIARIES	kl. 8 - 10:20		WE OWN THE NIGHT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10	RUN FAT BOY RUN	kl. 5:30 - 8 - 10:10	
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 3:45 - 5:40	ISL. TAL.			
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 6	ENSK. TAL.			
HITMAN	kl. 10:20	16	LIENS FOR LAMBS	kl. 8 - 10	12
DUGGHOLLFÓLKID	kl. 3:45	7	THE GOLDEN COMPASS	kl. 6 - 8	10
			ALVIN & IKORNARNIR	kl. 6	ISL. TAL.
			THE NANNY DIARIES	kl. 10	
					5%

DEATH AT A FUNERAL

SAMBio.is SAMBIOINN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

fyndnasta breska gamanmynd síðan

„FOUR WEDDINGS AND A FUNERAL“

DEATH AT A FUNERAL

FRÁ LEIKSTJÓRA „WHAT ABOUT BOB“

STÆRSTA ÆVINTÝRI VETRARINS ER UM ÞAD BIL AD HEFJAST.

NATIONAL TREASURE

BOOK OF SECRETS

ALFABAKKA

NAT. TREASURE 2	kl. 5:30 - 8D - 10:30D	12
NAT. TREASURE 2	kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
DEATH AT A FUNERAL	kl. 6 - 8 - 10:10	7
I AM LEGEND DIGITAL	kl. 6 - 8:20 - 10:30	14
TÖFRAPRINSESSAN ISL. TAL.	kl. 5:30	L
ENCHANTED M/ENSK. TAL.	kl. 8 - 10:20	L
BÝFLUGUMYNDIN M/ISL. TAL.	kl. 5:30	L
SIDNEY WHITE	kl. 8	L
AMERICAN GANGSTER	kl. 10:30	16

KEFLAVÍK

NATIONAL TREASURE 2	kl. 8 - 10:30	12
RUN, FAT BOY, RUN	kl. 8	L
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 10	16

AKUREYRI

NATIONAL TREASURE 2	kl. 8 - 10:20	12
ENCHANTED M/ENSK. TAL.	kl. 8	L
I AM LEGEND	kl. 10:20	16

SELFOSS

NAT. TREASURE 2	kl. 8 - 10:30	12
THE GOLDEN COMPASS	kl. 8	10
SAW IV	kl. 10:20	16

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

EFTIR MAGNADRI SÖGU STEPHEN KING
ÓTTINN BREYTIR ÖLLU!

LÚXUS 16

FRÁ FRANK DARABONT, HANDRITSHÖFUNDI OG LEIKSTJÓRA "THE GREEN MILE" OG "THE SHAWSHANK REDEMPTION"

THE MIST

FRÁ ÖSKARS VERUÐARHAFAFANUM ANG LEE LEIKSTJÓRA, BROKÓSKICK MÖRSTAN OG CRUCIFUNG TIGER, HEDDAN DRAGAN

THE GOLDEN COMPASS

NANNY

16

IT'S NOT THERE

12

THE NANNY DIARIES

10

WE OWN THE NIGHT

16

HITMAN

16

DUGGHOLLFÓLKID

7

RUN FAT BOY RUN

16

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE MIST	kl. 8 og 10:30	16
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5, 8 og 10:15	10
RUN FATBOY RUN	kl. 6 og 8	L
ALVIN OG IKORNARNIR - ISL. TAL.	kl. 6	L

FRAMMÁNIR

FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 22. JANÚAR OG 24. JANÚAR.

Sjálfstyrking Framkoma Líkamsburður Innsýn í fyrirsætustörf Föðun Umhirða húðar og hárs Myndataka (10 s/h myndir) Tískusýningarganga Fyrirsæta kemur í heimsókn Fíkniefnafræðsla Myndbandsupptökur Leikræn tjáning Næringarráðgjöf

Umsjónarkennarar námskeiðsins eru Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari og Andrea Brabin framkvæmdarstjóri Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Skráning er hafin í síma 533 4646 og á www.eskimo.is. Skráning er einnig hafin á stig 2: Námskeið í auglýsinga- og kvikmyndaleik.

ATH: Bæði fyrir stráka og stelpur.

Verð 17.900 kr.



emm

MAYBELLINE NEW YORK

eskimo



JANIS JOPLIN 65 ára á laugardaginn.

Janis á Organ

Janis Joplin var frábær tónlistarkona sem drakk heldur hressilega og tókst að koma sér yfir móðuna miklu aðeins 27 ára gömul árið 1970. Hefði hún lifað yrði hún 65 ára á laugardaginn. Af því tilefni á að heiðra listakonuna á Organ og spila tónlist úr söngbók hennar.

Rjóminn af söngvurum þjóðarinnar tekur lagið. Í stafrófsröð: Andrea Gylfadóttir, Daníel Ágúst, Didda, Diva de la Rosa úr Sometime, Elíza, Jenni í Brain Police, Kenya, Lay Low, Lísía Páls og Ragnheiður Gröndal. Að auki má búast við leynigestum. Um undirleik sér hljómsveit B. Sig, sem kallar sig Litlu bræður og leynigestirnir þetta kvöld. Kynnir er Joplin-sérfræðingur Íslands, rokkamm-an Andrea Jónsdóttir.



SAMBANDIÐ FER VERSNANDI Faðir Amy Winehouse segir að eiginmaður hennar, Blake Fielder-Civil, hafi hótað henni skilnaði á dögnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Amy að skilja

Eiginmaður Amy Winehouse, Blake Fielder-Civil, vill fá skilnað. Faðir söngkonunnar segir að móðir Blakes, Georgette, hafi ýtt á son sinn um að fara frá söngkonunni. Í viðtali við tímaritið Grazia segir Mitch Winehouse að Blake hafi hótað að sækja um skilnað í rifrildi við eiginkonu sína. „Því miður hafa ákveðnir hlutir sem móðir Blakes segir haft áhrif á hann. Ég held að Georgette vilji að þau skilji, en það er þeirra mál. Hvað Amy varðar myndi hún standa við bakið á honum hvað sem gerist,“ segir faðir söngkonunnar.

Blake situr eins og kunnugt er í fangelsi þessa dagana, en hann er sakaður um að hafa hindrað framgang réttvísinnar í rannsókn á líkamsárásarmáli á hendur honum. Fyrr í mánuðinum fór Winehouse í frí ásamt umboðsmanni sínum, sem einnig er fyrrverandi kærasti hennar, Blake til líttillrar ánægju. Móðir hans virðist vera á sama máli. „Eiginmaður Amy er í fangelsi og hún er að skemmta sér með gömlum kærasta. Hvað er hún að spá?“ sagði Georgette á dögnum.

Heimildarmaður sem þekkir Amy og Blake segir samband þeirra fara versnandi. „Blake hefur verið að hlusta á móður sína og hann er mjög misjafn í framkomu við Amy í þau skipti sem þau hittast.“

Áhugaverð stúdía í mannlegri illsku

Hópur fólks leitar skjóls í kjörbúð í vesturhluta Maine í Bandaríkjunum á meðan óvenjuþykk þoka gengur yfir. Brátt verður ljóst að eitthvað fjandsamlegt fylgir þokunni sem verður til þess að menn taka að skipa sér í tvær fylkingar; annars vegar þeir sem fylgja að máli listamanninum David Drayton, sem hefur aðgát í öndvegi, eða trúarofstækiskonunni frú Carmody, sem telur öflin fyrirboða þess að dómsdagur sé í nánd.

The Mist er fjórða mynd Franks Darabont, sem byggist á sögu Stephens King. Tvær þeirra, The Green Mile og The Shawshank Redemption, þykja með betri aðlögunum á verkum Kings og því hefur The Mist verið beðið með eftirvæntingu frá því að ljóst varð

að Darabont hygðist leikstýra henni.

Leikstjórnin er á heimavelli hvað sögusviðið viðvíkur. Þröngt afmarkað rými, í þessu tilviki verslun, þar sem lífsbaráttan reynist ekki síður hörð en í óvinveittu umhverfinu utandyra, sem persónur reyna eftir fremsta megni að verjast. Darabont nýtir til fullnustu hvert tækifæri til að sýna viðbrögð mannskepnunnar í slíkum aðstæðum, þar sem ótti, skelfing og múgsefjun magnast upp þar til hrein illska nær yfirhöndinni.

Þrátt fyrir staðlaða persónusköpunina nær leikhópurinn að miðla þeim ólíku blæbrigðum tilfinninga sem blossa upp með Thomas Jane og Marcia Gay Harden, með Drayton og Carmody í fararbroddi.

Sterkust er myndin framan af; spennan mest á meðan ógnin er ókunn og á reynir í samskiptum sögupersóna. Ekki er logið að ákveðin vonbrigði verða þegar hulunni er svipt af óvættunum. Skrímslum sem eiga betur heima í gamalli B-mynd og þá helst vegna þess hversu óspennandi og á köflum gervileg þau reynast vera. Sú staðreynd ásamt handritsgloppum skemmir fyrir. Myndin nær sér þó aftur á strik undir lokin með áhrifaríkum og eftirminnilegum endi, en það er meðal annars honum að þakka að hún skuli slefa upp í þrjár stjórnur.

The Mist er áhugaverð stúdía í mannlegri illsku þótt hún verði seint flokkuð með gæðamyndunum

KVIKMYNDIR

The Mist

Leikstjóri: Frank Darabont.

Aðalhlutverk: Thomas Jane, Marcia Gay Harden, Laurie Holden, Andre Braugher og Toby Jones.

★★★

The Mist er áhugaverð stúdía í mannlegri illsku.

The Green Mile og The Shawshank Redemption.

Roald Viðar Eyvindsson



Borgin er full af Vildarpunktum

SAFNAÐU ÞEIM MEÐ ÞVÍ AÐ SETJA FASTEIGNAGJÖLDIN Á VISA

VISA Boð

- BODGREIÐSLUR

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að setja fasteignagjöldin í Boðgreiðslur, þ.e.a.s. að greiða þau með reglulegum færslum af VISA-kortinu.

Þeir sem nýta sér þennan þægilega kost fá ekki lengur sendan reikning fyrir fasteignagjöldunum en þess í stað gildir færslan á VISA-yfirlitinu sem staðfesting á greiðslu.

Allir korthafar sem eru með fasteignagjöldin á Boðgreiðslusamningi og greiða með Vildarkorti VISA og Icelandair eiga möguleika á að vinna 100.000 Vildarpunkta*

* 5 heppnir korthafar sem greiða fasteignagjöldin með Vildarkorti VISA og Icelandair verða dregnir út þann 29. febrúar 2008 og haft verður samband við þá heppnu. Þeir sem þegar greiða fasteignagjöldin með VISA Boðgreiðslum þurfa ekki að skrá sig aftur og eru í pottinum.

Þeir korthafar sem hafa áhuga á að greiða fasteignagjöld sín hjá Reykjavíkurborg með VISA Boðgreiðslum geta skráð sig í Rafrænni Reykjavík á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, hringt í síma 4 11 11 11 og einnig er hægt að skrá fasteignagjöldin á www.valitor.is/visabod



> Hundrað þúsund fyrir bestu troðsluna

Körfuknattleikssambandið var hætt við að hafa troðslukeppni í tengslum við Stjörnuleikina um helgina en vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að gera tilraun til að halda troðslukeppni. Margar skemmtilegar troðslukeppnir hafa verið haldnar hér á landi en þær eru bundnar því, eins og kemur fram á heimasíðu KKÍ, að þeir erlendu leikmenn sem leika hér hverju sinni séu miklir háloftafuglar. Á síðustu árum hefur reynt erfitt að fá menn til að taka þátt. Ákveðið hefur verið að veita peningaverðlaun upp á 100.000 krónur fyrir sigur og það ætti því að auka líkurnar á að menn freistist til þess að sýna snilli sína í að troða boltanum í körfuna.

sport
sport@frettabladid.is



GRÉTAR RAFN STEINSSON: SKRIFAÐI UNDIR ÞRIGGJA OG HÁLFS ÁRS SAMNING VIÐ BOLTON WANDERERS Í FYRRADAG

Er búinn að bíða lengi eftir því að fara til Bolton

Sigfirðingurinn Grétar Rafn Steinsson gekk í raðir Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni frá hollenska liðinu AZ Alkmaar á 3,5 milljónir punda eða rúmar 450 milljónir íslenskra króna í fyrradag og skrifaði undir þriggja og hálfs árs samning við félagið. Grétar Rafn var í viðtali á opinberri heimasíðu Bolton í gær og þar kom fram að hann hefði verið á reynslu hjá félaginu fyrir um fimm og hálfu ári þegar hann var leikmaður ÍA.

„Ég kom til Bolton árið 2002 fyrir tilstuðlan Guðna Bergssonar sem lagði inn gott orð fyrir mig við Sam Allardyce, þáverandi knattspyrnustjóra liðsins, en það varð ekkert úr því þá og ég var verulega svekktur með það. Það má því kannski segja að ég sé búinn að bíða lengi eftir því að fara til Bolton og núna er ég hér og það er mikið gleðiefni fyrir mig,“ sagði Grétar, sem kvað samtöl sín við nokkra landsmanna og fyrrverandi leikmenn Bolton hafa auðveldað ákvörðun hans talsvert um að skrifa undir samning hjá félaginu.



„Það hafa margir Íslendingar komið til Bolton og staðið sig virkilega vel. Ég talaði vítanlega við Guðna og hann er náttúrulega goðsögn í Bolton og nýtur mikillar virðingar aðdáenda, leikmanna og forráðamanna félagsins og hann hvatti mig eindregið að fara til félagsins. Eiður Smári Guðjohnsen og Arnar Gunnlaugsson, sem léku einnig við góðan orðstír hjá Bolton, höfðu það sama að segja og hvöttu mig til þess að láta slag standa,“ sagði Grétar Rafn, sem hittir jafnframt fyrir Heiðar Helguson hjá félaginu.

„Eftir að hafa talað við Heiðar Helguson, sem er núverandi liðsmaður Bolton, sannfærðist ég endanlega um að Bolton væri rétta félagið fyrir mig. Hann sagði að ég væri brjáláður ef ég myndi ekki koma til Bolton. Ég talaði því við forráðamenn AZ Alkmaar og tjáði þeim að Bolton væri rétta félagið fyrir mig og það hefði reynt Íslendingum vel í gegnum tíðina. Enn fremur fannst mér þetta vera rétti tíminn á knattspyrnuferli mínum að grípa þetta tækifæri og ég get ekki beðið eftir því að spila fyrir Bolton,“ sagði Grétar að lokum.



0
DAGAR
Í EM
Í HANDBOLTA

Þetta verður algjör úrslitaleikur

Alfred Gíslason landsliðsþjálfari segir að leikurinn gegn Svíum í kvöld sé gríðarlega mikilvægur og að lið sitt sé eins tilbúið og það geti í raun verið á þessum tímamarki. Alfred segir Svía hættulega í öllum stöðum og að leikurinn sé úrslitaleikur í augum beggja liða þar sem Frakkar séu sigurstranglegastir í riðlinum.



AFSLAPPADUR Logi Geirsson er ekki stressaður fyrir leikinn gegn Svíum og segir pressuna meiri á þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Logi Geirsson:

Meiri pressa á Svíunum

HANDBOLTI Hinn litríki Logi Geirsson var í góðum gir í gær og greinilega tilbúinn í stóra slaginn í kvöld.

„Ég er afslappaður og ekkert stress. Þetta verður gaman enda eru allir búnir að bíða eftir þessu. Það skemmtilegasta við íþróttina er þessar stórkeppnir og við byrjum á alvöru leik,“ sagði Logi yfirvegaður.

„Ég óttast ekkert Svía frekar en eitthvað annað lið. Það er meiri pressa á Svíunum í þessum leik enda hafa þeir ekki verið á stórmótum síðustu ár eins og við. Stefna okkar er að hafa gaman af þessu, spila vel og gera fólkið heima stolt af okkur,“ sagði Logi.

- hbg

HANDBOLTI Íslenska landsliðið æfði í aðalsal Trondheim Spektrum í gær þar sem spilað verður á móti Svíum í kvöld. Allir leikmenn liðsins tóku þátt í æfingunni fyrir utan Ólaf Stefánsson fyrirliða sem meiddist í upphitun og var því í meðferð alla æfinguna. Alfred Gíslason landsliðsþjálfari gat ekki neitað því að hann hefði áhyggjur af meiðslum Ólafs þó svo að hann gæti væntanlega spilað í kvöld.

„Það var nú ekki til að kætta mig að Óli meiddist hér í dag en hann fékk eitthvert tak í lærið. Ég hef eðlilega áhyggjur af þessu því svona er stundum forboði einhvers annars en við vonum að það gerist ekkert meira. Svona gerist hjá öllum liðum enda er of mikið álag á alla leikmenn,“ sagði Alfred, sem fór vel yfir sóknarleikinn í gær.

„Liðið er eins tilbúið og það í raun getur verið á þessum tímamarki. Undirbúningurinn er skammur og ég hefði gjarna viljað sleppa við allt þetta vesen. Það þarf allt að ganga upp gegn Svíum. Við þurfum mikla baráttu og vilja og svo verður vörnin að smella sem og markvarslan. Við þurfum líka að keyra hraðauppþaupin af skynsemi. Við þurfum að keyra sóknina hratt og vera mjög hreyfanlegir,“ sagði Alfred. En hvað þarf að passa hjá Svíunum?

„Þeir eru hættulegir í öllum stöðum. Við verðum að stöðva Marcus Ahlm á línunni sem og örvhentu skyttuna Kim Andersson. Við þurfum einnig að vara okkur á hraðauppþaupum þeirra og líka seinni bylgju hraðaupp-



EM Í NOREGI

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is



SVONA GERUM VIÐ ÞETTA Alfred Gíslason landsliðsþjálfari talar við strákana á æfingu í gær og leggur á ráðin fyrir alvöruna sem hefst í kvöld þegar strákarnir mæta Svíum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

hlaupum. Svo er Dalibor Doder einnig mjög skæður en hann hefur verið að spila mjög vel upp á síðkastið. Kannski ekki mjög þekktur en góður.“

Leikurinn í kvöld er úrslitaleikur í augum beggja liða enda vita þau sem er að það verður ekki hlaupið að því að vinna Frakkana.

Það lið sem nær tveim stigum í kvöld mun því fá dýrmæt stig með sér í milliriðilinn og ætli lið sér lengra verða þau að taka með sér stig í milliriðil.

„Þetta er gríðarlega mikilvægur leikur og það lið sem vinnur fær byr í seglin. Frakkarnir eru taldir sterkastir í riðlinum og fæstir

reikna með því að við eða Svía munum vinna þá. Það lið sem tapar er strax komið í smá vandræði. Það er gríðarlega mikilvægt að byrja vel og sigur færir okkur forskot og hefur góð áhrif á mórallinn og stemninguna. Þetta er algjör úrslitaleikur,“ sagði Alfred Gíslason.

ÁFRAM ÍSLAND. ÞIÐ FARIÐ ALLA LEIÐ!

SENDANDI: GUNNAR KRISTJÁNSSON HÓTTAKANDI: LANDSLIÐIÐ SENT: 16. JAN. KL. 16:03

STYÐJUM STRÁKANA Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Skráðu þig á www.ibliduogstridu.is

Þú getur sýnt stuðning þinn í verki með því að fara á vefsíðuna ibliduogstridu.is og skrá þig í „í blíðu og stríðu“, stuðningsamtök handboltalandsliðsins fyrir Evrópukeppnina.

Á vefsíðunni mætast stuðningsmenn og landsliðsmenn, þar birtast nýjustu fréttir, synd eru valin myndbrot úr leikjum, allir blogga, spjalla, hvetja íslenska landsliðið og birta myndir frá keppninni og af íslenskum stuðningsmönnum á leikjunum sem hafa staðið sig frábærlega.



WWW.ICELANDAIR.IS



Í BLÍÐU OG STRÍÐU

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express-deild kvk:

Grindavík-Valur	76-68
Tiffany Roberson 23, Joanna Skiba 17, Petúnella Skúladdóttir 12 - Molly Peterman 27, Tinna Sigmundsdóttir 15, Signý Hermannsd. 11.	
Haukar-Fjölnir	72-57 (36-30)
Stig Hauka: Unnur Tara Jónsdóttir 23, Kiera Hardy 17, Krístrún Sigurjónsdóttir 11, Telma Björk Fjalarsdóttir 5, Ragna Margrét Brynjarsd.4, Kristín Fjóra Reynisd. 4, Heiðrún Hödd Jónsdóttir 3, Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Bryndís Hreinsdóttir 2, Bára Fanney Hálfðanardóttir 1.	
Stig Fjölnis: Gréta María Grétarsdóttir 15, Birna Eiríksdóttir 14, Slavica Dimovska 8, Efemia Sigurbjörnsd. 8, Hrund Jóhannsd. 4, Eva María Emilsd. 2, Erla Sif Kristinsd. 2, Edda Gunnarsdóttir 2, Bryndís Gunnlaugsdóttir 2.	

FA-bikarinn á Englandi:

Man. City-West Ham	1-0
1-0 Elano (73.).	
Newcastle-Stoke	4-1
1-0 Michael Owen (8.), 2-0 Claudio Cacapa (31.), 3-0 James Milner (68.), 4-0 Damien Duff (76.), 4-1 Liam Lawrence (89.).	
Havant & Waterlooville-Swansea	4-2
Hereford-Tranmere	1-0



FÖGNUMUR Leikmenn Havant & Waterlooville fögnuðu hressilega í gærkvöldi. NORDIC PHOTOS/GETTY

3. umferð FA bikarsins í gær:

Utandeildarlið fer á Anfield

FÓTBOLTI Newcastle, Manchester City, Hereford og Havant & Waterlooville komust í fjórðu umferð FA bikarsins í gær.

Elano skoraði eina markað í leik Manchester City og West Ham og City mætir Sheffield United á Bramall Lane í fjórðu umferð.

Michael Owen kom heima-mönnum í Newcastle yfir gegn Stoke í byrjun leiks og Claudio Cacapa bætti öðru við með skalla eftir hálf tíma leik, en Emre hafði þá fengið að líta rauða spjaldstuttu áður og Newcastle því einum manni færri. James Milner og Damien Duff bættu svo við tveimur mörkum áður en Liam Lawrence minnkaði muninn fyrir Stoke. Newcastle mætir Arsenal á Emirates-leikvanginum í fjórðu umferð.

Utandeildarliðið Havant & Waterlooville kom mörkum á óvart með því að sigra Swansea 4-2 og mætir því Liverpool á Anfield í fjórðu umferð. - óþ

Undanúrslit Lýsingarbikarsins:

Fjölnisliðin fengu útileiki

KÖRFUBOLTI Fjölnir hafði ekki heppnina með sér þegar dregið var í undanúrslitin í Lýsingarbikar karla og kvenna.

Fjölnir er eina liðið sem á enn bæði karla- og kvennaliði eftir í keppninni en bæði lið fengu útileik, karlaliðið á móti Skallagrími í Borgarnesi en kvennaliðið gegn Íslandsmeisturum Hauka á Ásvöllum. Hinir leikirnir eru milli Njarðvíkur og Snæfells í karlaflokk og Grindavíkur og Keflavíkur í kvennaflokk. Undanúrslitin fara fram 2. og 3. febrúar. - óþ

EM í kvöld:
ÍSLAND - SVÍPJÓÐ

á stóru tjaldi.
Kaffiterían opin.
Öll réttindi.

Norræna húsið
www.nordice.is 551 70 30

Alþjóðlegt íþróttamót Íþróttabandalags Reykjavíkur með stuðningi Reykjavíkurborgar er komið til að vera:

Íþróttaveisla í Laugardalnum um helgina

ÍÞRÓTTIR Það verður ein allsherjar íþróttaveisla í Laugardalnum um helgina þegar nýu íþróttafélög, undir forystu Íþróttabandalags Reykjavíkur og með stuðningi Reykjavíkurborgar, munu standa að alþjóðlegu íþróttamóti í Laugardalnum.

Síðustu ár hafa sundfélagið Ægir og frjálsíþróttadeild IR staðið að alþjóðlegu mótahaldi í janúar og þau mót verða stærstu mót helgarinnar en einnig er keppt í sjö öðrum greinum: dansi, badminton, júdd, hópfimleikjum, skyllingum, listhlaupi á skautum og íshokki.

Landsmönnum verður því

boðið upp á fjölbreytta íþróttaveislu þar sem yfir 2.000 keppendur munu taka þátt.

Stefnt er að því að innan fimm ára verði allt mótahaldið með alþjóðlegum hætti þar sem íþróttamenn geta unnið sig inn á stórmót eins og ólympíuleika og heimsmeistaramót. Á sundmóti Ægis í ár munu sem dæmi þrjár af bestu sundkonum landsins keppast við að ná lágmarkum inn á Ólympíuleikana í Peking sem fara fram næsta haust.

Margar af þessum greinum eiga það sameiginlegt að hafa fengið minni athygli undanfarin ár, en Íþróttabandalag Reykja-



VEL HEPPNAÐ Alþjóðaleikar ungmenna tókust vel í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

víkur ætlar nú að sjá til þess að þessar íþróttgreinar hafi grundvöll til þess að geta haldið sterkt alþjóðlegt mót sem þau höfðu ekki burði í að gera eitt og sér en eiga að geta vaxið og dafnað undir verndarvæng þessa alþjóðlega íþróttamóts. Það er von til þess að keppt verði í fleiri greinum á mótinu á næstu árum.

Mótið sem ber nafnið Reykjavík International 2008 verður sett á sérstakri opunarráði í Laugardalslauginni á föstudaginn og lokahátíðin fer síðan fram í Laugardalshöllinni á sunnudagskvöldið.

- óþ

Ekki unnið Svía á stórmóti í 44 ár

Íslenska landsliðið mætir Svíum í fyrsta leik sínum á EM í Noregi í kvöld. Íslendingar hafa tapað átta stórmótsleikjum í röð á móti Svíum og unnu þá síðast á stórmóti í HM í Tékkóslóvakíu árið 1964.

HANDBOLTI Íslenska handboltalandsliðið hefur leik á Evrópumótinu í Noregi í kvöld gegn Svíum. Strákarnir okkar vonast til þess að gengið verði eitthvað í líkingu við þegar íslenska liðið sló það sænska út úr undankeppni HM 2007 fremur en gengið á stórmótunum þar sem Svíar hafa unnið átta síðustu viðureignir þjóðanna.

Svíar hafa unnið fimm af þessum leikjum með fimm mörkum eða meira og stærsti sigurinn var einmitt þegar þjóðirnar mættust síðast í undanúrslitaleik Evrópumótsins í Svíþjóð 2002.

Ingólfur var leynivopnið

Það eru liðin 44 ár síðan íslenska handboltalandsliðið vann síðast Svíþjóð á stórmóti og sá sigur var jafnframt einn sá óvæntasti og glæsilegasti í sögu íslenska lands-



STÓR STUND Hornamennirnir Alexander Pettersson og Guðjón Valur Sigurðsson fagna því að hafa slegið Svía út úr undankeppni HM í Þýskalandi 2007. Þetta var síðasti leikur Ísleninga við Svía fyrir leikinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

LANDSLEIKIR VIÐ SVÍA Á STÓRMÓTUM

HM 1961 (milliriðill)	Svíþjóð 18-10
HM 1964 (riðill)	Ísland 12-10
ÓL 1984 (Um 5. sæti)	Svíþjóð 26-24
HM 1986 (Milliriðill)	Svíþjóð 27-23
ÓL 1988 (Riðill)	Svíþjóð 20-14
ÓL 1992 (Riðill)	Svíþjóð 25-18
HM 1993 (Riðill)	Svíþjóð 21-16
EM 2000 (Riðill)	Svíþjóð 31-23
HM 2001 (Riðill)	Svíþjóð 24-21
EM 2002 (Undnaúrslit)	Svíþjóð 33-22

Samtals

Leikir	10
Sigrar Ísland	1
Jafntefli	0
Sigrar Svía	9
Íslensk mörk í leik	18,3
Sænsk mörk í leik	23,5

liðsins. Ísland vann 12-10 sigur á Svíum sem höfðu unnið bronsið á HM 1961 og áttu síðan eftir að fara alla leið í úrslitaleikinn í þeirri heimsmeistarakeppni sem fram fór í Tékkóslóvakíu.

Þetta var annar leikur íslenska liðsins á mótinu en daginn áður hafði Ísland unnið Egyptaland 16-8. Ingólfur Óskarsson var leynivopnið í leiknum en hann skoraði 5 af 12 mörkum íslenska liðsins eftir að hafa verið hvíldur í leiknum gegn Egyptum. Þá má ekki gleyma framlagi Hjálta Einarssonar í íslenska markinu sem átti

stórleik. Það er örugglega í fyrsta og eina skiptið sem Ísland átti langbesta markvörðinn á vellinum í landsleik gegn Svíum.

Mats Olsson alltaf erfiður

Sænsku markverðirnir hafa oft reynst okkur erfiðir. Mats Olsson fór ávallt mikinn í landsleikjum gegn Íslandi og hann var sem dæmi maður leiksins í 27-23 sigri Svía á HM í Sviss 1986 og varði um 65 prósent skota í 20-14 sigri Svía á Íslendingum á Ólympíuleikunum í Seúl 1988.

Eftirmenn hans eins og Tomas

Svensson og Peter Gentzel hafa einnig reynst erfiðir og það er enn í fersku minni þegar Gentzel varði 14 skot (3 víti) í seinni hálfleik í undanúrslitaleik Íslands og Svíþjóðar á EM í Svíþjóð 2002. Staðan var 14-12 fyrir Svía þegar Gentzel kom í markíð en Svíar unnu seinni hálfleikinn 19-10 og þar með leikinn með ellefu markum.

Byrjað gegn Svíum í fjórða sinn

Þetta verður í fjórða skiptið sem íslenska landsliðið hefur stórmót með því að mæta Svíum en það gerðist einnig á EM í Svíþjóð 2002, á EM 2000 í Króatíu og á HM 2001 í Frakklandi.

Síðasti leikurinn af þessum var annað minnsta tap íslenska liðsins fyrir Svíum frá 1964 en þeir sænsku unnu leikinn með þremur mörkum, 24-21. Átta árum fyrr mættu íslensku strákarnir kokhraustir í fyrsta leik á móti Svíum á þeirra eigin heimavelli. Íslenska liðið var vel inni í leiknum framman af, í hálfleik var jafnt 9-9 og staðan var 15-15 þegar Svíar lokuðu vörnin og Mats Olsson markinu) og á meðan íslenska liðið skoraði ekki í tólf mínútur komust Svíar í 21-15 og unnu loks 21-16.

Sigur Íslands á Svíþjóð í umspil-sleikjunum fyrir HM 2007 hefur vonandi markað tímamót og endalok Svíagrýllunar en það staðfestist þó ekki fyrr en með leiknum í kvöld. Nú gæti nefnilega verið komið að stundinni þar sem Ísland losnar endanlega undan tókum Svíanna.

ooj@frettabladid.is



BJARTSÝNN Jalesky Garcia Padron telur að íslenska landsliðið hafi alla burði til þess að komast langt. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Jalesky Garcia Padron:

Nýt mín mjög

HANDBOLTI Jalesky Garcia Padron er kominn aftur í herbúðir íslenska liðsins og hann er allur að koma til eftir veikindi.

„Það er alltaf gaman að vera með þessu liði eftir nokkuð langa fjarveru. Það er heiður fyrir mig að spila með íslenska landsliðinu og ég nýt mín alltaf vel.“ sagði Garcia brosmildur en hvaða væntingar hefur hann fyrir mótið?

„Við erum með gott lið og ég hef trú á því að við getum komist í undanúrslit.“ sagði Garcia. - hbq

Einar Hólmgeirsson verður í eldlínunni í kvöld:

Þetta mót er veisla

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson tók þátt í æfingunni af fullum krafti í gær og virðist vera klár í slaginn. Hann var svo óheppinn að meiddast illa fyrir HM í fyrra og hann er því öðrum fremur búinn að bíða sérstaklega spennur eftir þessu móti.

„Þetta er mjög gaman. Undirbúningurinn hefur verið erfiður en samt mjög skemmtilegur. Langt síðan ég tók þátt í svona undirbúningi en mér líður vel hér í Noregi. Líst vel á Höllina og allt í kríngum þetta.“ sagði Einar sem getur vart bedið eftir fyrsta leik mótsins gegn Svíum í kvöld.

„Ég er algjörlega tilbúinn að spila þó svo að ég sé ekki í eins góðu leikformi og ég vildi vera. Það var samt gott að spila á Posten Cup hér í Noregi um daginn og það hjálpaði mikið til. Það er eitthvað að ef menn eru ekki klárir í svona slag. Við erum að fara að spila við Svía, Slóvakíu og Frakka. Þetta gerist ekki betra. Þetta verður algjör veisla. Við þurfum samt að ná okkar besta leik til þess að vinna. Það er



SPENNTUR Einar Hólmgeirsson nýtur sín vel í Noregi og getur ekki bedið eftir fyrsta leiknum á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ljóst.“ sagði Einar, sem stóð sig mjög vel gegn Svíum í Globen í byrjun júní árið 2006 þegar Ísland vann frækinn sigur og fóru leikar 32-28 fyrir Íslandi í frábærum leik. - hbq



KOMINN AFTUR Keegan er afar vinsæll í Newcastle eftir að hafa náð frábærum árangri með liðið á árunum 1992-1997. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Keegan tekinn við Newcastle

FÓTBOLTI Kevin Keegan var í gær ráðinn knattspyrnustjóri Newcastle í ensku úrvalsdeildinni en hann náði góðum árangri með félagið á árunum 1992-1997 og var meðal annars nálægt því að gera liðið að Englandsmesturum árið 1996 en varð að líta í lægra haldi gegn Manchester United.

Fyrsti leikur Newcastle undir stjórn Keegans verður á laugardag þegar Grétar Rafn Steinsson og félagar í Bolton koma í heimsókn á St. James's Park. - óþ

Skeljungur er 80 ára.

Höldum upp á það. Komdu. Fáðu þér eitthvað gott.



kr. **99.-**
Coke í gleri +
Prins Polo XXL +
lakkrisör

Á Shell og Select



kr. **99.-**
Select vínarpylsa +
0,4 l gos ur vél

Á Select



kr. **50.-**
Rjúkandi heitt
og ilmandi
gott kaffi

Á Select

30%

afmælisafsláttur
af smurþjónustu
Laugav. og
Skógarhlíð

30%

afmælisafsláttur
af öllum
Shell olíum

Afmælistilboð
á vetrarþvotti
kr. **499.-**

í Smáranum og á
Vesturlandsv.

Afmælistilboð
á lúxus-
vetrarþvotti
kr. **999.-**

í Smáranum



Made to move



> Winona Ryder

Winona Ryder heitir réttu nafni Winona Horowitz og er skírð eftir bænum sem hún fæddist í, Winona Minnesota. Hún ólst upp á samyrkjubúi án rafmagns. Hún leikur í kvikmyndinni Boys sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 18.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR HORFIR Á HEIMILDARMYND UM VÖRUMERKJAVÆÐINGU

Enn hættulegri heilapvottur í uppsiglingu

Ég sá ansi hreint áhugaverða heimildarmynd í Sjónvarpinu á þriðjudagskvöldið. Myndin bar titilinn Merki skipta máli, og fjallaði um mikilvægi vörumerkja í lífi okkar, og hvernig auglýsingabransinn er farinn að markaðssetja þau eftir nýjum leiðum. Samkvæmt því sem fram kom eru auglýsingarnar að fara af yfirborðinu og verða töluvert ósýnilegri. Eitt auglýsingatrixið gekk til dæmis út á að vörumerki „styrkti“ unga tónlistarkonu á uppleið, kom henni í samband við mikilvægar manneskjur í bransanum, og vonaði svo bara að hún myndi tala fallega um vörumerkið í framtíðinni. Áhugavert. Annað gekk út á tilraun hjá Nike, þar sem þátttakendum var boðið að skoða tvenns konar skó. Aðrir voru venjulegir, en hinir með lykt sem sérfræðingurinn Martin Lundstrom tilkynnti að enginn hefði fundið. Þessi ófínanlega lykt virðist samt hafa haft áhrif, því mikill meirihluti þátttakenda vildi heldur skóna með lyktinni, og var tilbúinn að greiða meira fyrir þá.

Unga fólkíð sem talað var við, þar á meðal tveir drengir á grunn-



skólaaldri, var sammála því að augljósar auglýsingar færu í taugarnar á því. Drengirnir sögðust varla taka eftir þeim lengur, þar sem augljósar auglýsingar dynja á þeim, eins og okkur öllum, alla daga allar vikur. Þrátt fyrir þetta töluðu menntaskólakrakkar um að það væri þeim afar mikilvægt að kaupa réttu vörumerkin. Sautján ára strákar í Stokkhólmi eyddu andvirði um 50-60 þúsundum króna í nýjan sumarjakka. Þar sem jakkinn var svo dýr töluðu þeir um að það væri þá hægt að nota hann í tvö, þrjú ár, því það virðist alltaf vera fylgífiskur umræðu um dýrar vörur að þær endist miklu betur. Aðspurðir hvort þær væru þá í jökum frá fyrra ári svöruðu allir neitandi.

Mér hefur lengi fundist þessi vörumerkja-heilapvottur leiðigjarn. Eftir heimildarmyndina er ég orðin áhyggjufull. Það er nógu erfitt að sporna við honum þegar auglýsingarnar eru jafn augljósar og talað var um. Ef þær fara að snúast um ófínanlegar lyktir og hafa áhrif á undirmeðvitundina stendur mér ekki á sama.

EKKI MISSA AF



► **18.00 My Boss's Daughter** STÖÐ 2 BÍÓ



► **19.05 Ísland - Svíþjóð** SJÓNVARPIÐ



► **21.00 House** SKJÁREINN



► **21.05 Til Death** STÖÐ 2



► **23.40 The Closer** SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan e.

16.35 Leiðarljós

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Stundin okkar

18.00 EM-stofan

18.30 Fréttir

19.00 Veður

► **19.05 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Svía.

20.45 07/08 bíó leikhús Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu.

21.15 Bræður og systur (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

22.00 Tíufréttir

22.25 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrennanakonu í úthverfi sem eru ekki allar þær sem þær eru séðar.

23.10 Gatan (2:6) (The Street) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágrenna í götu í bæ á Norður-Englandi. Þættirnir hlutu alþjóðlegu Emmy-verðlaunin á dögnum. e.

00.10 EM í handbolta Endursýndur leikur Íslendinga og Svía sem fram fór í kvöld.

01.40 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.20 Boys

08.05 Duplex

10.00 Moonlight And Valentino (e)

12.00 My Boss's Daughter

14.00 Duplex

16.00 Moonlight And Valentino (e)

► **18.00 My Boss's Daughter** Rómantísk gamanmynd.

20.00 Boys Ljúfsár og áhrifamikil kvikmynd þar sem Wynona Ryder fer á kostum í aðalhlutverkinu.

22.00 Sleep Murder

00.00 Mr. and Mrs. Smith

02.00 Collateral

04.00 Sleep Murder



07.00 Stubbarnir

07.25 Tommi og Jenni

07.50 Kalli kanína og félagar

08.00 Kalli kanína og félagar

08.05 Kalli kanína og félagar

08.10 Studio 60

08.50 Í finu formi

09.05 The Bold and the Beautiful

09.25 Wings of Love (104:120)

10.10 Homefront (13:18) (e)

10.55 Freddie (6:22)

11.25 Örlagadagurinn (3:30)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Wings of Love (25:120)

13.55 Wings of Love (26:120)

14.40 Heima hjá Jamie Oliver (3:13)

15.05 Pirate Master (13:14)

15.55 Nornafélagið

16.20 Sabrina - Unglingsnornin

16.45 Doddi litli og Eyrnastór

16.55 Doddi litli og Eyrnastór

17.05 Magic Schoolbus

17.30 The Bold and the Beautiful

17.55 Nágrannar

18.20 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.50 Ísland í dag

19.25 The Simpsons (16:22) (e)

19.50 Friends 4 (16:24)

20.15 Back To You (3:13) Spánnýr gamanþáttur með Kelsey Grammer úr Frasier.

20.40 Two and a Half Men (22:24)

► **21.05 Til Death** (22:22) Jeff og Steph eru nýgift og yfir sig ástfangin en þegar þau flytja í næsta hús við Stark-hjónin sjá þau glittra í framtíðina.

21.30 Numbers (14:24)

22.15 All About George (1:6)

23.05 Pressa (3:6)

23.50 Damages (13:13)

00.35 Cinderella Man

02.55 Cold Case (20:23)

03.40 Numbers (14:24)

04.25 Back To You (3:13)

04.50 All About George (1:6)

05.40 Fréttir og Ísland í dag

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SYN besta sætið

07.00 FA Cup 2007 Man. City - West Ham

17.00 Spænska bikarkeppnin Real Madrid - Mallorca

18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

19.35 Inside the PGA Skyggst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

20.00 Inside Sport (Justin Henin / Rory McIlroy) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

20.30 World's Strongest Man 2007

21.00 Utan vallar (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

21.40 NFL - Upphitun (NFL Gameday) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþríf síðustu helgar eru sýnd.

22.10 Heimsmótaröðin í póker (World Series of Poker 2007)

23.05 Ultimate Blackjack Tour 1

SYN2

15.40 Middlesbrough - Liverpool Enska úrvalsdeildin

17.20 Sunderland - Portsmouth Enska úrvalsdeildin

19.00 English Premier League (Ensku mörkin) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum

20.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

20.30 PL Classic Matches

21.00 PL Classic Matches

21.30 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna)

22.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.

23.55 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

SKJÁREINN

07.00 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

16.45 Vörutorg

17.45 Dr. Phil

18.30 The Drew Carey Show (e)

19.00 Dýravinir (e)

19.30 Game tívi - NÝTT Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

20.00 The Office (5:25) Dwight fer með nýliðann Ryan í fyrstu söluferðina og leggur fyrir hann ýmsar þrautir á leiðinni.

20.30 30 Rock (18:21) Bandarísk gaman- sería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jack fær Kenneth til að aðstoða sig þegar hann kemst að því að annar yfirmaður hjá NBC hefur augastað á starfinu hans. Pete og Liz reyna að venjast því að búa saman og Tracy lendir í fæðemismáli.

► **21.00 House** (20:24) Bandarísk þáttaröð um lækinn skapstírða dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Foreman og Chase eru ekki samála um hvað er að hrjá unga konu sem lifir á því að blekja fólk. Á meðan sýnir House ástarlífi Wilsons mikinn áhuga.

22.00 C.S.I. Miami (12:24) Bandarísk sakamála- sería um Horatio Caine og fé- laga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Fyrrum eiginmaður Nataliu er myrtur og allt bendir til þess að hún sé morðinginn.

23.00 The Drew Carey Show

23.25 Canada's Next Top Model (e)

00.25 The Boondocks (e)

00.50 NÁTTHRAFNAR

00.50 C.S.I. Miami

01.40 Ripley's Believe it or not!

02.25 The World's Wildest Police Videos

03.10 Vörutorg

04.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Ceres

ÚTSALA - ÚTSALA

Nýbýlavegi 12. Kópavogi • s. 554 3533 • Opið virka daga frá 10-18 - laugardaga kl. 11-16

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL 20.15

Back to You

Sprenglæglegur gamanþáttur með Kelsey Grammer úr Frasier og Staupasteini og Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. Grammer leikur hér vinsælan og óþolandi sjálfumglaðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina, þar sem ennþá starfar sem fréttalesari gamla kærastan og barnsmóðir hans, leikin af Heaton. Þættirnir koma úr smíðju höfundna Frasier og Friends.



VIÐ MÆLUM MED Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ KL. 22.25

Nýjasta syrran í hinni geysivinsælu bandarísku þáttaröð um nágranna-konur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. Í aðalhlutverk eru Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæni
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Litla flugan
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.03 Útvarpssagan: Stúlka með fingur
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Seiður og hélog
- 19.27 Símfóniútlínleikar
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Í sviðsvængnum: Jón Atli Jónasson
- 23.10 Krossgötur
- 00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks (103:260)
- 16.30 Hollyoaks (104:260)
- 17.00 Talk Show With Spike Feresten (3:22) (e)
- 17.25 The War at Home (11:22) (e)
- 17.50 American Dad 3
- 18.15 Wildfire (5:13)
- 19.00 Hollyoaks (103:260)
- 19.30 Hollyoaks (104:260)
- 20.00 Talk Show With Spike Feresten (3:22) (e)
- 20.25 The War at Home (11:22) (e)
- 20.50 American Dad 3 (e)
- 21.15 Wildfire (5:13)
- 22.00 Gossip Girl (2:22)
- 22.45 Nip/Tuck (1:22) (Klippt og skorið) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldspætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem þeirra biða ný andlit og ný vandamál. Stranglega bönnuð börnum.

► **23.40 The Closer** (7:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick fékk Golden Globe-verðlaun 2007 fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Hrafnabing Félag kvenna í atvinnurekstri telur nú 620 konur innan sinna vébanda. Árlegur hátíðsdagur samtakanna er í dag. Guðrún Agnarsdóttir, Steinunn Sigurðardóttir og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir sitja Hrafnabing dagsins og spá í atvinnupólísk kvennamál.

21.00 Hvað ertu að hugsa Guðjón Bergmann hefur einstakt lag á að laða til sín landsins áhugaverðustu gesti.

21.30 Birkir Jón Jónsson

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 Penge 11.35 Aftenshowet 12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Dødens Detektiver 12.50 Hvad er det værd? 13.20 Arbejdsliv - find et job 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Boogie Update 15.30 Pucca 15.35 Kim Possible 16.00 Barda 16.30 Fandango med Chapper og Sebastian 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Rabatten 19.00 Rejseholdet 20.00 TV Avisen 20.25 Ærlig talt 20.50 SportNyt 20.55 The One 22.20 Blind Justice 23.00 Boogie Update 23.30 Sex, Drugs & The Raveonettes

NK1

11.00 NRK nyheter 11.10 Migrapolis 11.40 Helleristene 12.40 'Allo, 'Allo! 13.10 V-cup skiskyting 14.30 Heilt vilt 14.57 Frosk til middag 15.00 Hannah Montana 15.30 Megafon 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Verdensarven 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv: Kárenina 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Den lille blå dragen 17.10 Uhu 17.40 Distriktshyter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Schrödingers katt 18.55 Kræfttaket 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktshyter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Sørgeskåpen 21.30 Uti vår hage 2 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Urx 22.50 Livets porto 23.40 TV-revolusjonen i Irak 00.25 Kulturmytt

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Vid Ladogas stränder 11.35 Northanger Abbey 13.10 Skidskytte 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Norska kungafamiljen 2007 17.00 Bollbompa 17.25 Dagens visa 17.30 Mamma Spindels alla små kryp 17.55 Guden 18.00 Bobster 18.15 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Antikrundan 20.00 Brottet 20.55 Anslagstavlan 21.00 Debatt 22.00 Rapport 22.10 Kulturmyhetera 22.20 Inför Guldbaggegalan 2008 22.30 Uppdrag Granskning 23.30 Toppform 00.00 Out of Practice 00.25 Sändningar från SVT24



Goran superform á 4 vikum

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

Kinesis
- nýtt æfingakerfi sem eykur styrk, jafnvægi og liðleika.



VILT ÞÚ:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Þú getur æft hvar sem er. Það eina sem þú þarfnast eru fáeinir fermetrar. Það er ástæðulaust að slá slöku við. Líkami þinn er á sama máli. Þú þarft ekki á neinum tækjum að halda. Aðeins eigin líkamsþyngd.

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki. Takmarkaður fjöldi. Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran. Persónuleg næringaráðgjöf. Ráðgjöf við matarinnkaup. Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar. Frábær spennandi lífrænn matur. Næringardrykkur í lok hvers tíma. Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni, kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30.

Skráðu þig strax í síma **578 8200**

Námskeiðin byrja 21. janúar!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is



MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér aldrei morgunmat en það er ekki samkvæmt bókinni. Ég fæ mér samt alltaf vatnsglas og síðan um túleytið fæ ég mér ánægjusafa. Það er gulróta-, epla-, appelsínu- og engifersafi, mjög hollur og góður.“

Björn Leifsson í World Class.

Garðar Cortes til fundar við forstjóra Universal

„Ekki stendur til að gera Garðar að kántrísongv-ara. Ekkert er fjær því sem við erum að gera. En þeir vita alveg hvað þeir eru að gera hjá Universal hérna í Bandaríkjunum. Klassísk tónlist með poppvafi er í mikilli sókn um allan heim,“ segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, staddur úti í Nashville í USofA.

Garðar Thor Cortes og Einar flugu út á mánudagskvöldið til fundar við forstjóra Universal. Óformlegar viðræður hafa staðið frá því fyrir júl. Tilgangurinn er að skoða hugsanlegan samning Garðars við stórfyrirtækið. Og þá er mikið undir en Ameríkumarkaður er sá stærsti. Fundurinn var ákveðinn með skömmum fyrirvara.

„Það var hringt til okkar á föstudaginn hingað á skrifstofuna í London frá skrifstofu forstjóra Universal í Nashville. Þeir vildu koma þessu á sem fyrst,“ sagði Einar Bárðarson og Garðar segir þetta bara gaman: „Þetta er bara gaman.“



GARÐAR THOR CORTES Á ferð og flugi. Ef samningar takast við Universal er það stærsta skref sem íslenskur tónlistarmaður hefur tekið á framabrotinu.

Við vorum bara að lenda hérna í Nashville. Vorum kallaðir til í gær þannig að þetta gerist voðalega hratt. Ég hlakka bara til að heyra hvað þeir vilja ræða við okkur, þessir menn hérna.“

Mark Right er forstjóri Universal í Nashville í Bandaríkjunum en Universal rekur stóra skrifstofur þar, í Los Angeles og í New York. Að sögn Einars er Right upptökustjóri og lagahöf-

undur af gamla skólanum. Stendur á bak við marga af vinsælustu listamönnum í bandarísku kántrí og poppi í dag. Hann hefur verið innlimaður í Rock'n Roll Hall of Fame bæði sem lagahöfundur og upptökustjóri, tilnefndur og unnið til Grammy-verðlauna, CMA- og BMI-tónlistarverðlaunanna þar í landi. „Lög hans hafa selst í 30 milljón eintaka og sjálfur hefur Mark samið og tekið upp yfir 54 smáskífur sem ratað hafa í fyrsta sæti í Bandaríkjunum.“

Einar útskýrir að bæði Josh Groban og Andrea Bocelli hafi selst gríðarlega vel í Bandaríkjunum síðustu misseri sem og söngkvartettinn Il Divo sem hefur selt tæplega 30 milljón eintaka. „Þá er ég ekki að bera Garðar saman við þá. Þetta er bara svona til glöggvunar þeim strauum sem eru á markaðnum þessa dagana. Til samanburðar hefur Britney Spears selt innan við milljón af síðustu plötunni sinni í Bandaríkjunum í dag.“

- jbg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. faðmlag **6.** pot **8.** struns **9.** skammst. **11.** dreifa **12.** lægsta hitastig **14.** félagar **16.** átt **17.** arinn **18.** knæpa **20.** tvíhljóði **21.** samskonar.

LÓÐRÉTT 1. bera að garði **3.** átt **4.** lykta **5.** hallandi **7.** kerfisstjóri **10.** kúgun **13.** þangað til **15.** sefun **16.** gerast **19.** utan.

LAUSN

LÖBRÉTT: 1. koma, 3. na, 4. tirsita, 5. ská, 7. tölvári, 10. oki, 13. uns, 15. stó, 18. krá, 20. au, 21. eins.

LÁRÉTT: 2. knúsi, 6. of, 8. ark, 9. móo,

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Samherji.
- 2 Abdullah.
- 3 Kevin Keegan.

Auglýsingasími

512
5050

- Mest lesið

ARNAR OG BJARKI: FÆRA ÚT KVÍARNAR TIL AMERÍKU

Arnar og Bjarki reisa glæsivillu á South Beach

Tvíburabræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir ætla að reyna fyrir sér á bandarískum húsnæðismarkaði. Þeir hafa í hyggju að reisa glæsihús í Miami, nánar tiltekið á South Beach ásamt bandarískum fjárfestum. Þetta staðfestir Arnar í samtali við Fréttablaðið. Arnar og Bjarki hafa á undanföllum árum verið að auka umsvif sín á fasteignamarkaðnum bæði hér heima og erlendis en eins og Fréttablaðið greindi frá í nóvember á síðasta ári stefna þeir á að reisa fimmtíu herbergja hótél í miðborg Glasgow.

Arkitektinn Trygvi Þorsteinsson hefur teiknað fyrsta húsið í Miami en Arnar segir að þeir ætli að fara að engu ódslega og byrja bara á einu. En ef vel gangi sé ekki útilokað að fleiri glæsibyggingar rísi í sólarparadisinni á suðausturströnd Bandaríkjanna og jafnvel víðar í vestri en bræðurnir hafa stofnað tvö fyrirtæki í kringum þennan rekstur ásamt félaganum sínum Birni Steinbekk: annars vegar PODA Miami og hins vegar PODA America. „Okkur fannst alveg kominn tími á að kynna fyrir Kananum alvöru íslensk hús,“ segir Arnar sem reiknaði með að skrifað yrði undir samninga um málið í lok þessa mánaðar.

Arnar segir að það þurfi engan snilling til að sjá hvers vegna Miami varð fyrir valinu. Þetta sé æðisleg borg þar sem glamúr og glys sé í hávegum haft. Þar að auki séu aðeins nokkrar borgir í heiminum sem hýsi markað fyrir glæsivillur. Arnar reiknaði með því að byggingarferlið myndi taka fjórtán til átján mánuði.

Miami-borg hefur á undanföllum tveimur áratugum skriðið upp vinsældalistann í Bandaríkjunum og munar þar mest um að ríka og fræga fólk hafi tekið miklu ástíðni við staðinn. Vaxtarstærð borgarinnar hefur ekki síst náð til South Beach þar sem í dag er varla þverfótað fyrir byggingarkrönum en svæðið er hvað frægast fyrir skrautlegt Art Deco-hverfið sitt.

freyrgigja@frettabladid.is



STJÖRNUFANS

Rapparin Jay-Z og unusta hans Beyoncé eiga glæsilega eign á Miami eins og stjörnur á borð við Jennifer Lopez og Diddy.



ART DECO-SVÆÐIÐ Eitt vinsælasta ferðamanna-svæðið í Miami er hið skemmtilega Art-Deco á South Beach.



Í ÚTRÁS Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir eru hvergi nærri hættir í útrás sinni og ætla að reisa glæsivillu á South Beach í Miami.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nærmyndir Visis hafa hitt í mark og í nýlegri sliki af manni undanfarna daga, **Þorsteini Davíðssyni** héraðsdómara,

er rætt við vinkonu hans **Ragnheiði Clausen** sem upplýsir meðal annars það að Þorsteinn sé sælkeri og góður í eldhúsinu þótt hann hafi ekki verið mikið í því

meðan hann bjó í foreldrahúsum – þaðan sem hann flutti fyrir rúmu ári. En Þorsteinn er fæddur árið 1971. Kristallast í Þorsteini, syni Davíðs Oddssonar, nýir tímar þegar ungt fólk flytur ekki að heiman fyrr en í fulla hnefana.

Þabbi **Bjarkar** er **Guðmundur Gunnarsson**, hinn skeleggi formaður Rafiðnaðarsambandsins. Hann lætur sig auðvitað varða papparassat dóttur sinnar og segir af upplifun sinni á ágætu bloggi sínu þegar hann fór með Björk á Golden Globe-verðlaunin. Björk var tilnefnd fyrir leik en **Julia Roberts** vann, tónlist einnig en **Dylan** vann.

Guðmundur sat við hlíð **Antonio Banderas**, „finn gæi og mjög skemmtilegur,“ og á hina hlíð hans sat **Jennifer Lopez**. Á næsta borði voru svo innan seilingar íslensks verkaldsforingja þeir **Tom Hanks** og **Michael Douglas**. „Semsagt allt aðalliðið.“

Upptökumaðurinn Addi 800 hefur að undanfönum verið að hljóðblanda lag fyrir **Morten Harket**, fyrrverandi A-ha söngvara. Ekki hefur þó endanlega verið ákveðið hvort þetta lag fer á næstu sólóplötu Mortens eða ekki. Addi fékk viðurnefnið 800 þegar hann var að stíga sín fyrstu spor í bransanum og tók 800 kall á tímum. Í dag er Addi orðinn einn vinsælasti upptökumaður landsins og eflaust farinn að taka meira en 800 á tímum. Kannski þetta séu 800 norskar með Morten?

- jbg/glh

SÉÐ OG HEYR **Áfram Ísland!**

Ragnar Zolberg á teknókvöldi: **SÝNDI KÆRUSTUNA A ORGAN!** Sjáðu húðtúrinn!

Erna Hrónn grét í Borgarleikhúsinu: **HORFÐI A BRÓÐUR SINN HENGJA SIG!**

Logi Geirsson er rétt að byrja: **GLÓKOLLUR MEÐ GULLDRAUMA!**

67 ára! Björgólfur allíflífeyrisegri: **Fritt í strætó! Fritt í sund! Fritt í Hósdýra-daróttinn!**

Quentin Tarantino: **SPÁIR Í KASTALA STORMSKERS!**

Eyvi gestadómari í Eurovision

„Gestadómari hjá okkur næst er Eyjólfur Kristjánsson, reyndur maður, vanur Eurovisionfari og góður kostur,“ segir Gísli Einarsson annar umsjónarmanna Laugardagslaganna og þar með íslensku forkeppni Eurovision-söngvakeppninnar.

Í síðasta þætti var Haraldur Freyr Gíslason, Halli trymbill úr Botnleðju, gestadómari og kom hann eins og ferskur andvari í þáttinn. Var afdráttarlaus í dómum sínum og hundskammaði meðal annars Erp Eyvindarson fyrir að vera orðinn hinn kerlingalegasti í álitsgjöf sinni. Var ekki örgrannt um að Erpur, strigakjafurinn mikli, rumskaði til lífsins við ádrepu Halla.

„Já, ég veit hvað þú hugsar en ég segi það ekki. Eyjólfur er skemmtilegur maður, góður drengur og ég treysti því að hann taki þetta á faglegum nótum. Gaman

EYVI Fremur er reiknað með faglegu áliti en skothörku frá þessum vana manni.

að fá Halla með ferskan og aggressivan vinkel. Ég veit ekki hvort Eyjólfur verður jafn skotfastur en gaman að sjá hvað honum finnst,“ segir Gísli.

Nú tekur að færast fjór í leikinn með aukinni alvöru. Nú brýna menn vopn sín, að sögn Gísla. Undanúrslitin hefjast á laugardaginn með látum. Stefnan er að vera með gestadómara í öllum þeim fjórum þáttum sem framundan eru því föstu álitsgjafarnir eru búnir að segja hvað þeim sýnist um lögin sem slík þó þau séu í þróun. „Nú verður sett enn meira púður í lögin og menn ætla að nýta vel það svigrúm sem þeir hafa. Þessi stóru og frumlegu atriði verða enn fjórugri, Spokkarinn, Haffi Haff og Barði.“

- jbg

HALLI Sló í gegn sem ferskur andvari í forkeppni Eurovision-keppninnar.

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++



Vönduð jakkaföt

Verð áður: 9.990.-

Verð nú: 6.990.-



Úlpur

Dömu og herra

Verð áður: 4.990.-

Verð nú: 2.990.-

ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!



Levi's gallabuxur

Dömu og herra

Verð áður frá: 4.990.-

Verð nú frá: 1.990.-



Hettupeysur

Dömu og herra

Verð áður: 2.990.-

Verð nú: 1.990.-

Smart að spara – Outlet 10

Faxafeni 10

Opið alla virka daga og á laugardögum frá 11 til 18

Sendum í póstkrofu
út á land!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeyðing: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIADSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga
milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Ólafur Sindr
Ólafssonar

Ísland fyrir Íslendinga!

Íslenska erfðamengið er vanmetinn auður sem stopular samgöngur (og kynferðislegur áhugi afdalabænda á hálfkynþroska frænkum sínum) hafa nær einar haldið verndarhendi yfir í tólf hundruð ár. Þar til núna.

JAFNVEL eyrnarífnir beljarkar með akkerisflúr hljóta að komast við þegar þeir verða vitni að eljuni sem nokkrir íslenskir nýbúar hafa auðsýnt í baráttu sinni fyrir því að hefja kynstofninn til verðskuldaðra hæða. Betur sjá gestir en flestir. Það er eitthvað svo dásamlega dúllulegt við það að sjá spretta upp veikburða vefgorkúlur herskárna hamverndara sem óþreytandi róma allt sem íslenskt er; fiskinn, fólkíð og firnindin. Og mikið leggja þessar elskur sig fram við að læra tungumálið. Þeir rembast eins og rjúpur (í vetrarbúningum að sjálfsgöðu) við að hnoða íslenskan umbúnað um hugsanir sínar. Skiljanlega tapast eitthvað af merkingunni við atganginn en skítt með það – það er hugurinn sem gildir.

JÓNAS fór ekki að fíla Hraundrangann fyrr en hann stóð hreifur á börmum danskra díkja. Íslenskir sandar, melar og móar hafa aðdráttarafli sem eykst í réttu hlutfalli við fjarlægðina í öðru veldi. Enginn elskar sín eigin engi. Sem er synd. Öðru er nær um nýbúana, sem úþöndum af stolti yfir hinu nýja ætterni sínu, blöskrar hreinlega afskiptaleysi alþýðunnar. Hvernig er komið fyrir ríki sem hefur stafsetningu og málfar frekar til marks um þjóðerni en melanín? Er nema von að Skaparinn segi okkur búa í „ýmindaðri“ veröld?

EKKI er leiðinlegra að kynnst öllum skemmtilegu gestaþrautum og vísnagátunum sem fylgja þessum gárungum. Það er hægt að eyða heilu helgunum í að rýna í rúnir eins og RAHOWA!, 14, 88, 311 og HFFH. Önnur eins skemmtun hefur ekki boðist síðan vatnsgreiddir Rússar í rúllukragabolum buðu upp á glóðheitt DFK, OWO, CIF, CIM, COB og GFE með Ornelli.

ÞAÐ er yljandi til þess að hugsa að mannaparnir voru skjannahvítir eins og húnvetnskur héraðshöfðingi undir hábrúskinum. Það var ekki fyrr en nokkrir þeirra felldu feldinn að húðin tók að dökkna. Upp frá því urðu til fótfráar fylkingar súkkulaðiþrúna sveina og meýja. Og þótt loðdýrin sætu eftir í skóginum og hættu sér ekki út í hitann, og jafnvel þótt þau ættu erfitt með að mynda vitræn hljóð – hvað þá setningar – þá hefur kjökur þeirra orðið háværra með tímanum uns það sprakk út í fyllingu sinni með opnun Skaparans: „Við viljum veröldina okkar til baka!“


GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn
17. janúar, 17. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.51	13.37	16.24
Akureyri	10.56	13.22	15.49

Heimild: Almanak Háskólans



vodafone


Frábær ferðafélagi

Nú hefur Vodafone stórlækkað verð á símtölum til og frá Evrópu. Öll lönd Evrópusambandsins og EES, auk Færeyja og Sviss, eru orðin eitt gjaldsvæði og nemur lækkunin um og yfir **50%**!

Fyrir þá sem eru mikið á ferð og flugi hentar vel að skrá sig í **Vodafone Passport**, en þá talar þú á sama mínútuverði og á Íslandi gegn vægu upphafsgjaldi. Viðskiptavinir okkar sem nota **Frelsi** geta einnig áhyggjulausir notað símann sinn í útlöndum án þess að eiga von á bakreikningum.

Kynntu þér málin á www.vodafone.is áður en þú skellir þér til Evrópu. Vodafone er einfaldlega rétti ferðafélaginn fyrir þig.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



F110n/S1A F1024695